

16

**Efstidalur II og Brúsastaðir hlutu landbúnaðarverðlaunin**



20

**Draumur búfræðingsins orðinn að veruleika**




# Bændablaðið

5. tölublað 2015 • Fimmtudagur 12. mars • Blað nr. 438 • 21. árg. • Upplag 32.000




Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, mættu á setningarathöfn Búnaðarþings 2015 sem fram fór í Hörpunni hinn 1. mars. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Dorrit heiðrar þessa samkomu með nærveru sinni. Hér taka þeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, og Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ, á móti forsetahjónunum ásamt fjölskyldum sínum. *- Sjá nánar umfjallanir um Búnaðarþingið og afgreiðslu mála á innsíðum*

Myndir / HKr.

Ný skýrsla Samkeppniseftirlitsins:

# Áfellisdómur yfir versluninni

## – Hefur ekki skilað ávinningi af gengislækkunum og lægra innkaupsverði til neytenda

**Samkeppniseftirlitið birti í vikunni skýrslu sem kallast Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppninnar 2015. Skýrslan er mikill áfellisdómur yfir háttemi verslunarfyrirtækja í landinu gagnvart neytendum.**

Í kafla 4 í skýrslunni segir að miklar verðhækkanir á dagvöru skýrist ekki lengur af ytri aðstæðum og að þær eigi ekki við með sama hætti í dag og fyrir nokkrum árum. Verð á innfluttum vörum hefur ekki lækkað í takt við styrkingu gengis íslensku krónunnar, þegar horft er til síðustu ára, og að fyrirliggjandi opinberar upplýsingar gefi ekki til kynna mikla hækkun frá erlendum birgjum.

Afkoma helstu verslanasamstæðna er almennt góð og efla þarf samkeppni þeirra á milli, sem skili sér í lægra dagvöruverði. Skýringa á verðhækkunum kann að vera að leita í **„aukinni álagningu birgja og/eða verslana, en þó ekki síður í viðskiptasamningum þessara aðila.“**

Þar segir einnig að mikilvægt sé að neytendur njóti styrkingar á gengi og bættrar afkomu smásala í gegnum lægra vöruverð. Birgjar og dagvöruverslunin verða að endurskoða viðskiptasamninga sína með samkeppni í huga og að mikilvægt sé að neytendur og samtök sem bera hag þeirra fyrir brjósti sýni fyrirtækjum á dagvörumarkaði aðhald með öllum tiltækum ráðum.

Aðhald neytenda getur haft mikla þýðingu til þess að tryggja að bættar ytri aðstæður skili sér í lægra verði og að nýlegar breytingar á opinberum gjöldum leiði ekki til hærra vöruverðs en óhjákvæmilegt er. Stjórnvöld verða að beita sér fyrir aukinni samkeppni, m.a. með opnun markaða og endurskoðun á samkeppnishindrandi ákvæðum búvöru- og tollalaga.

***Gengið styrkst en verð á innfluttum vörum ekki lækkað***

Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst frá árinu 2010 en ekki er hægt að segja að verð á innfluttum vörum hafi fylgt þeirri þróun. Verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur ekki fylgt gengisþróun, sérstaklega undangengin tvö ár.

Sem rök fyrir verðhækkun væri unnt að álykta sem svo að verð á innfluttum vörum hafi ekki hækkað jafn mikið rétt eftir hrun og gengisþróun gaf tilefni til og að verð hafi því í raun ekki hækkað jafn mikið og sem nemur verðlækkun krónunnar á öllu tímabilinu, þ.e. allt frá árinu 2006. Hafa ber þó í huga að flest af stærri innflutningsfyrirtækjum landsins auk fyrirtækja á smásölumarkaði hafa á síðustu árum gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og miklar skuldir verið afskrifaðar.

*– Sjá nánar á bls. 2* /VH



## Dýraheilbrigði:
## Garnaveiki í sauðfé í Mývatnssveit

**Nýverið var garnaveiki staðfest á bæ í Skútustaðahreppi sem er í Skjálfandahólfi. Bóndinn á bænum greindi einkenni í tveimur kindum og kallaði til dýralækni.**

Í kjölfarið var sent sýni á Keldur og var veikin staðfest í liðinni viku. Síðast greindist garnaveiki í Skútustaðahreppi árið 2013. Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að garnaveiki sé tilkynningaskyldur sjúkdómur af völdum bakteríunnar Mycobacterium paratuberculosis sem er náskyld berklabakteríunni. Smitið berst með saur en bakterían leggst einkum á slímhúð mjógirnis þar sem hún veldur langvinnum bólgum. Einkenni koma fram um það bil einu til tveimur árum eftir smit og lýsa sér helst í vanþrifum og skitu, og geta í sumum tilvikum dregið kindur til dauða. Þekkt er að heilbrigðir smitberar geti viðhaldið sjúkdómnum á sauðfjárbúum.

Engin lækning er þekkt við garnaveiki. Þó er hægt að bólusetja gegn sjúkdómnum en skylt er að bólusetja fé á þeim svæðum landsins þar sem hún er landlæg. Einnig er óheimilt að flytja sauðfé, geitur eða nautgripi til lífs frá garnaveikibæjum í tíu ár frá síðustu greiningu sjúkdómsins á viðkomandi bæ. Mikilvægt er að huga að því að smit getur borist með landbúnaðartækjum, heyi, áburði o.fl. en flutningur á öllu slíku frá garnaveikibæjum er einnig óheimill. /VH



Frá Blönduósi. Mynd / HKr.

## Blönduós:
## Sameining sýninga könnuð

**Verið er að kanna hagkvæmni og ávinning þess að sameina náttúrusýningar Hafíssetursins og Laxasetursins í eitt húsnæði á Blönduósi.**

Verkefnið, sem fékk styrk frá Vaxtarsamningi nú í vetur, er til sex mánaða og hófst í janúar síðastliðnum. Að því loknu mun liggja fyrir skýrsla með niðurstöðum og verður metið út frá henni hvort æskilegt sé að framkvæma sameininguna og hver næstu skref verða. Frá þessu er sagt á vef Þekkingarsetursins á Blönduósi. /MÞÞ

## Gólfið á Sogsbrú endurnýjað

**Vinna við endurnýjun á brúargólfinu á Sogsbrú á Biskupstungnabraut er hafin. Áætluð verklok eru 15. júní í sumar.**

Á meðan á verktímanum stendur verður ljósastýring á brúnni allan sólarhringinn alla daga og hraði tekinn úr 70 km/klst. niður í 50 km/klst. og í 30 km/klst. næst vinnusvæðinu. Ekki verður gefið leyfi fyrir breiðum flutningi (yfir 2,5 m) á verktíma. Um er að ræða sambærilega vinnu og nú er lokið á Borgarfjarðarbrúnni fyrir þá sem þekkja til aðstæðna þar á verktíma sl. ár. /MHH

### Landsátak í uppbyggingu á ljósleiðara kynnt í nýrri skýrslu starfshóps innanríkisráðherra:

# Bylting í byggðamálum

### – Mun stórbæta búsetuskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja, segir Haraldur Benediktsson

**„Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða“ er yfirskrift skýrslu starfshóps innanríkisráðherra um tillögur til úrbóta í fjarskiptamálum sem kynnt var í gær.**

Þar eru jafnframt settar fram tillögur til ráðherra um leiðir til átaks sem ná mun til allra landsvæða um eflingu fjarskipta.

Markmið fyrsta hluta átaksverkefnisins 2015–2020 er að tryggja öllum landsmönnum breiðband (100 Mb/s).

*Nær til 80% af láglendi í byggð*

Átaksverkefnið nær til um 80% af láglendi í byggð. Tillögurnar byggja á að grófhannað var ljósleiðarakerfi fyrir þá staði sem ekki hafa aðgang að ljósneti eða ljósleiðarakerfum í dag.

*Heildarkostnaður 5-6 milljarðar*

Samkvæmt kostnaðarmati sem verkfræðifyrirtæki vann fyrir fjarskiptasjóð er heildarstofnkostnaður við þá uppbyggingu breiðbands 5,1–6,7 milljarðar króna á núverandi markaðsbrestsvæðum.

Starfshópurinn greindi þrjár meginleiðir til að takast á við þetta verk og leggur til að farin verði svonefnd samstarfsleið. Leiðin byggir á samvinnu við heimamenn á hverjum stað þannig að sveitarfélög og ríkið ákveða í sameiningu forsendur forgangsröðunar framkvæmda með hliðsjón af þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2014–2017 og innviðamarkmiðum fjarskiptaáætlunar.

*Metnaðarfullt verkefni og bylting í byggðamálum*

Haraldur Benediktsson, formaður starfshópsins, segir það vissulega metnaðarfullt að leggja fram þá tillögu að breiðbandstenging verði hluti af grunnþjónustu allra landsmanna 2020.



Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum verður afgreidd sem sérverkefni en aðrar hringtengingar verða hluti af átakinu.

„Í raun færir það landsmönnum mikil sóknarfæri. Ef af landsátakinu verður, er hér á ferðinni ein mesta bylting í byggðamálum sem Alþingi getur stuðlað að. Ég þekki það ekki síst af starfinu á vettvangi Bændasamtakanna að óbreytt ástand er óviðunandi fyrir flestar sveitir landsins. Fátt mun breyta meira um nýja sóknarmöguleika allra byggða. Ég vek ekki síst athygli á því að verkið nær til allra landshluta – það eru til dæmis um 65 tengistaðir í Reykjavík þarna undir. Við getum talað um nýja tíma í svo mörgum málum – atvinnumálum, byggðamálum, opinberri þjónustu, framboði á námi og búsetuskilyrði.

Það er grundvallaratriði fyrir fyrirtæki að fá gott netsamband til að tryggja samkeppnishæfni sína. Fyrir heimilin og héruð sem stórbæta búsetuskilyrði. Fyrir fjarskiptamarkaðinn sem þarna fær tækifæri til að gjörbreyta þjónustuframboði sínu og fyrir neytendur sem geta þá valið fjarskiptaþjónustu af bestu gæðum sem þeim hentar. Landsátakið á sér líka fleiri hliðar eins og bætt rekstraröryggi fjarskipta og annarra innviða eins raforkukerfis, og ekki síst möguleika á að byggja enn frekar undir útbreiðslu á farnetinu – sem ekki síst bætir öryggi vegfarenda. Skapar nýja möguleika í ferðaþjónustu svo dæmi sé nefnt. Í raun held ég að enginn geti í raun spáð fyrir um allar þær breytingar sem slíkt átak og ákvörðun getur haft í för með sér – verði tillögur okkar að veruleika.“

### Ný skýrsla Samkeppniseftirlitsins:

# Verslunin hefur ekki skilað ávinningi af lægra innkaupsverði til neytenda

### – Fyrirtæki á smásölumarkaði hafa á síðustu árum fengið miklar afskriftir á skuldum

**Samkeppniseftirlitið birti í vikunni skýrslu sem kallast Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppninnar 2015.**

Í inngangi skýrslunnar segir að með henni dragi Samkeppniseftirlitið saman þá leiðbeiningu sem samkeppnisyfirvöld hafa beint til fyrirtækja, samtaka þeirra og stjórnvalda á liðnum árum og misserum.

„Með því er leitast við að rifja upp fyrri leiðbeiningar og auðvelda fyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum að fara að markmiðum samkeppnislaga og taka þátt í eflingu samkeppni á dagvörumarkaði.“

*Verðhækkanir verða ekki eingöngu raktar til ytri aðstæðna*

Í kafla 4 í skýrslunni segir að miklar verðhækkanir á dagvöru skýrist ekki lengur af ytri aðstæðum og að þær eigi ekki við með sama hætti í dag og fyrir nokkrum árum. Verð á innfluttum vörum hefur ekki lækkað í takt við styrkingu gengis íslensku krónunnar, þegar horft er til síðustu ára, og að fyrirliggjandi opinberar upplýsingar gefi ekki til kynna mikla hækkun frá erlendum birgjum.

Afkoma helstu verslanasamstæðna er almennt góð og efla þarf samkeppni þeirra á milli, sem skili sér í lægra dagvöruverði. Skýringa á verðhækkunum kann að vera að leita í „aukinni álagningu birgja og/eða verslana, en þó ekki síður í viðskiptasamningum þessara aðila.“

Þar segir einnig að mikilvægt sé að neytendur njóti styrkingar á gengi og bættrar afkomu smásala í gegnum lægra vöruverð. Birgjar og dagvöruverslunin verða að endurskoða viðskiptasamninga sína með samkeppni í huga og að mikilvægt sé að neytendur og samtök sem bera hag þeirra fyrir brjósti sýni fyrirtækjum á dagvörumarkaði aðhald með öllum tiltækum ráðum.

Aðhald neytenda getur haft mikla þýðingu til þess að tryggja að bættar ytri aðstæður skili sér í lægra verði og að nýlegar breytingar á opinberum gjöldum leiði ekki til hærra vöruverðs en óhjákvæmilegt er. Stjórnvöld verða að beita sér fyrir aukinni samkeppni, m.a. með opnun markaða og endurskoðun á samkeppnishindrandi ákvæðum búvöru- og tollalaga.

*Gengið styrkst en verð á innfluttum vörum ekki lækkað*

Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst frá árinu 2010 en ekki er hægt að segja að verð á innfluttum vörum hafi fylgt þeirri þróun. Verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur ekki fylgt gengisþróun, sérstaklega undangengin tvö ár.

Sem rök fyrir verðhækkun væri unnt að álykta sem svo að verð á innfluttum vörum hafi ekki hækkað jafn mikið rétt eftir hrun og gengisþróun gaf tilefni til og að verð hafi því í raun ekki hækkað jafn mikið og sem nemur verðlækkun krónunnar á öllu tímabilinu, þ.e. allt frá árinu 2006. Hafa ber þó í huga að flest af stærri innflutningsfyrirtækjum landsins auk fyrirtækja á smásölumarkaði hafa á síðustu árum gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og miklar skuldir verið afskrifaðar.

*Verð á innlendum vörum í takt við vísitölu framleiðsluverðs*

Samkvæmt því sem segir í skýrslunni nema innlendar mat- og drykkjarvörur um tveimur þriðju hlutum af heildarneyslu dagvara á Íslandi. Hvað innlenda framleiðslu varðar þá hefur Hagstofa Íslands frá árinu 2003 reiknað og birt framleiðsluverðsvísitölu fyrir vörur í ýmsum framleiðslugreinum, þ. á m. mat- og drykkjarvörur. Er vísitölunni ætlað að mæla þróun verðs frá framleiðendum til m.a. matvöruverslana. Veitir þessi vísitala því nokkra vísbendingu um þróun á innkaupsverði smásala á mat- og drykkjarvörum. Vísitalan mælir þó ekki breytingar á verði frá bændum til afurðastöðva.

Allstór hluti innlendrar framleiðslu eru erlend aðföng. Ekki verður séð að styrking gengis og hagstæð verðbólguþróun í helstu viðskiptalöndum undanfarin misseri hafi skilað sér í lækkuðu verði á innlendri framleiðslu.

Ljóst er þó að mun fleiri þættir hafa áhrif á vöruverð innlendra vara. Sérstaklega á það við um landbúnaðarvörur eins og mjólkurvörur, kjöt og grænmeti, en verðþróun á þessum vörum er ekki eins háð gengissveiflum og önnur innlend matvælaframleiðsla.

Þrátt fyrir það sem fram kemur hér á undan telur Samkeppniseftirlitið það mikilvægt að stjórnvöld dragi úr markaðstruflandi aðgangshindrunum á smásölustigi, s.s. tollum, framleiðslu- og innflutningskvótum. Slíkar aðgerðir séu til þess fallnar að búa til rétta hvata fyrir bæði innflytjendur og framleiðendur, sem leiða myndu til hagkvæmari framleiðsluháttu og lægra verðs á landbúnaðarafurðum, neytendum, framleiðendum og þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. /VH

# Skilaréttur leiðir til hærra matvöruverðs

**Samkeppniseftirlitið segir í nýrri skýrslu að matarsóun leiði til hærra matarverðs. Brýnt er að bregðast við þeirri sóun á ferskum matvælum, aðallega kjötvörum, sem núverandi fyrirkomulag hefur í för með sér enda leiðir hún til hærra matvælaverðs.**

Í skýrslunni segir að lengi hafi tíðkast að dagvöruverslanir hafi skilarétt á vörum sem þær kaupa af birgjum. Í því felst að verslanirnar geta skilað og fengið endurgreiddar vörur sem ekki seljast fyrir síðasta ráðlagða söludag. Á þetta einnig við um viðkvæmar vörur eins og t.d. ferskar kjötvörur. Samkvæmt ábendingum sem borist hafa Samkeppniseftirlitinu hefur þetta leitt til mikillar sóunar á matvælum þar sem ekki er unnt að nýta ferskar vörur sem skilað er til birgja eftir að þær hafa verið á boðstólum í verslunum, nema að takmörkuðu leyti.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er brýnt að taka til skoðunar hvort endurskoða beri núgildandi samningsákvæði um skilarétt dagvöruverslana á vörum. Ástæða er til þess að ætla að einhliða skilaréttur sem hvílir á birgjum, sé til þess fallinn að draga úr hvata dagvöruverslunarinnar til þess að koma vörum í sölu, eftir atvikum með því að lækka verð þegar líður að síðasta söludegi. Af þessu hlýst sóun á matvöru sem leiðir jafnframt til hærra vöruverðs. Þá er ljóst að núverandi fyrirkomulag dregur úr hvata dagvöruverslana til að stýra innkaupum og framboði á viðkvæmum ferskum vörum í samræmi við raunverulega eftirspurn þar sem áhætta vegna rýrnunar hvílir nær alfarið á birgjum.

Brýnt er að bregðast við þeirri sóun á ferskum matvælum, aðallega kjötvörum, sem núverandi fyrirkomulag hefur í för með sér. Hvetur eftirlitið því bæði birgja og verslanir til að endurskoða núverandi verklag hvað þetta áhrærir til að koma í veg fyrir matarsóun og stuðla þannig að lækkuðu verði til neytenda. /VH

# Sáðvörulisti 2015

| Bygg og hafrar til þroska | Pakkn.kg | Yrki | Kílóverð án vsk. | Kg. / ha | Söluverð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|
| 2ja raða | 25 | Kría | 137 | 180 - 200 | 3.422 |
| 2ja raða | 700 | Kría | 137 | 180 - 200 | 96.236 |
| 2ja raða | 25 | Filippa | 136 | 180 - 200 | 3.405 |
| 2ja raða | 700 | Filippa | 136 | 180 - 200 | 95.200 |
| 6 raða | 25 | Lómur | 130 | 180 - 200 | 3.262 |
| 6 raða | 700 | Lómur | 130 | 180 - 200 | 91.000 |
| 6 raða | 40 | Tiril | 159 | 180 - 200 | 6.364 |
| 6 raða | 600 | Brage | 143 | 180 - 200 | 86.007 |
| 6 raða | 30 | Judit | 125 | 180 - 200 | 3.758 |
| 6 raða | 700 | Judit | 125 | 180 - 200 | 87.500 |
| 6 raða | 40 | Elmeri | 130 | 180 - 200 | 5.210 |
| 6 raða | 40 | Aukusti | 115 | 180 - 200 | 4.590 |
| 6 raða | 40 | Wolmari | 130 | 180 - 200 | 5.210 |
| 6 raða | 700 | Elmeri | 130 | 180 - 200 | 91.000 |
| 6 raða | 700 | Aukusti | 115 | 180 - 200 | 80.500 |
| 6 raða | 700 | Wolmari | 130 | 180 - 200 | 91.000 |
| Hafrar til þroska | 25 | Cilla | 137 | 180 - 200 | 3.434 |
| Hafrar til þroska | 600 | Cilla | 137 | 180 - 200 | 82.200 |
| Vorhveiti | 25 | Anniina | 142 | 180 - 200 | 3.554 |

| Grasfræ til túnræktar | Pakkn.kg | Yrki | Kílóverð án vsk. | Kg. / ha | Söluverð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|
| Grasfræblanda | 25 | Sígild | 709 | 25 | 17.734 |
| Grasfræblanda | 25 | Beit- & heyfengur | 732 | 25 | 18.289 |
| Grasfræblanda | 25 | Heyfengur | 874 | 25 | 21.860 |
| Grasfræblanda | 25 | Vallarfox | 747 | 25 | 18.671 |
| Vallarfoxgras | 10 | Snorri | 636 | 25 | 6.356 |
| Vallarfoxgras | 25 | Tuuka | 627 | 25 | 15.671 |
| Vallarfoxgras | 25 | Tehno | 627 | 25 | 15.671 |
| Vallarfoxgras | 25 | Engmo | 556 | 25 | 13.897 |
| Vallarsveifgras | 25 | Sobra | 710 | 18 | 17.748 |
| Vallarsveifgras | 25 | Balin | 650 | 18 | 16.240 |
| Fjölært rýgresi | 25 | Calibra | 475 | 35 | 11.868 |
| Túnvingull | 18 | Gondolin | 598 | 20 - 25 | 10.760 |
| Hvítsmári | 10 | Undrom | 1005 | 5 til 6 | 10.054 |
| Rauðsmári | 10 | Ares | 1362 | 5 til 6 | 13.620 |

| Grænfóðurfræ | Pakkn.kg | Yrki | Kílóverð án vsk. | Kg. / ha | Söluverð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sumarrýgresi | 25 | Barspectra | 422 | 35 | 10.559 |
| Vetrarrýgresi | 25 | Barmultra | 409 | 35 | 10.236 |
| Vetrarrýgresi | 25 | Turgo | 300 | 35 | 7.498 |
| Sumarharfrar | 25 | Belinda | 137 | 180 - 200 | 3.426 |
| Sumarharfrar | 600 | Belinda | 126 | 180 - 200 | 75.705 |
| Sumarrepja | 10 | Pluto | 990 | 15 | 9.904 |
| Vetrarrepja | 25 | Barcoli | 485 | 10 | 12.127 |
| Vetrarrepja | 25 | Hobson | 488 | 10 | 12.190 |
| Fóðurnæpur | 1 | Samson | 798 | 1,5 | 798 |

**Ef gengið er frá pöntun fyrir 1. maí er frír flutningur í boði** (Ef pöntuð eru 300 kg eða meira).

## INNIHALDSLÝSINGAR Á NÝJUM GRASGRÆBLÖNDUM

**Sigild**

| | |
|---|---|
| Vallarfoxgras Snorri | 15% |
| Vallarfoxgras Tuuka | 20% |
| Vallarfoxgras Tenho | 20% |
| Vallarfoxgras Engmo | 30% |
| Fjölært rýgresi Calibra | 15% |

**Beit og heyfengur**

| | |
|---|---|
| Vallarfoxgras Tenho | 35% |
| Vallarfoxgras Tuuka | 30% |
| Vallarfoxgras Engmo | 20% |
| Vallarfoxgras Sobra | 15% |

**Heyfengur**

| | |
|---|---|
| Vallarfoxgras Tuuka | 15% |
| Vallarfoxgras Tenho | 20% |
| Vallarfoxgras Engmo | 15% |
| Vallarfoxgras Snorri | 15% |
| Hávingull Kasper | 35% |

**Vallarfoxblandan**

| | |
|---|---|
| Vallarfoxgras Tenho | 25% |
| Vallarfoxgras Tuuka | 25% |
| Vallarfoxgras Snorri | 25% |
| Vallarfoxgras Engmo | 25% |

Leiðbeinandi verð taka mið af sölugengi á EUR, SEK, NOR, GBP, CAD, USD þann 26. febrúar 2015.

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
www.fodur.is
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**

FÓÐURBLANDAN

Fréttir

Landbúnaðarráðherra boðaði breytingar á búvörusamningum í ávarpi sínu við setningu Búnaðarþings 2015:

# Einn búvörusamningur verði fyrir allar greinar landbúnaðar

## – Innflutningstollar á matvæli til Íslands ekki lækkaðir einhliða af Íslands hálfu

**Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði í ávarpi sínu að íslenskur landbúnaður eigi framtíðina fyrir sér og æskilegt sé að nýir búvörusamningar styðji við landbúnað sem víðast á landinu.**

Hann sagði einnig að innflutningstollar á matvæli til Íslands yrðu ekki lækkaðir einhliða af Íslands hálfu.

„Þótt bændur séu bændur, eru þeir ekki ein sál í einum líkama. Svo mikið þekki ég til bænda, bæði úr fyrrverandi starfi mínu sem dýralæknir, og ekki síður úr núverandi starfi, að ég veit að sitt sýnist hverjum. Öll hagsmunagæsla og barátta sem henni tengist miðast við þarfir einstaklinga,“ sagði Sigurður.

„En einstaklingarnir eru mismunandi og þarfirnar einnig, en að sjálfsögðu er það fleira sem sameinar ykkur en sundrar. Ég nefni þetta hér, því stutt er í að undirbúningur hefjist við gerð nýrra búvörusamninga. Fyrir þjóð sem stærir sig af góðum og heilnæmum matvælum, er mikilvægt að vel takist til við gerð þeirra.

Enn og aftur vil ég minna á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að matvælaframleiðsla í landinu verði efld. Það stendur skýrum stöfum í stefnuyfirlýsingu. Í samræmi við hana hef ég ákveðið að skipa í starfshóp um aukna matvælaframleiðslu á Íslandi og verða skipunarbréf send út í þessari viku. Ég ætla þeim hópi að koma fram með tillögur sem geta nýst við gerð nýrra samninga, en ekki síður um eflingu matvælaframleiðslu og markaðssetningar til framtíðar.



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra. Myndir / HKr.

### *Nýir samningar, hvers má vænta?*

Hvers má vænta í nýjum búvörusamningum, er spurning sem æ oftar er spurt. Og ekki að ástæðulausu. Ég hef nokkuð mótaða skoðun um það, en samningar eru samningar, ekki einhliða ákvörðun annars viðsemjanda. Vona nú samt að mín sjónarmið séu ekki of langt frá ykkar í þessum efnum. Alla vega vonast ég til þess að við getum sammælst um að nýir samningar verði breytinga- og sóknarsamningar.“

### *Hornsteininn á að vera svokallað fjölskyldubú*

„Æskilegt er að nýir búvörusamningar styðji við landbúnað sem víðast á landinu. Þeir eiga hins vegar ekki að koma í veg fyrir hagræðingu. Hún hefur orðið og á eftir að verða meiri. Bú eru að stækka og það er eðlileg þróun. En stærðin er ekki allt; sumir kjósa að hafa lítil bú, eða einfaldlega hafa ekki rými til að búa stórt. Að þeim verður einnig að huga. Hornsteininn á að vera svokallað fjölskyldubú og þau eiga að vera sem víðast um landið. Það á að vera markmið á hverjum tíma að landið sé allt í byggð.“

### *Regnhlífarsamingur*

„Ég sé fyrir mér að við gerð nýrra búvörusamninga verði einn svokallaður regnhlífarsamningur fyrir allar greinar landbúnaðar og síðan verði kaflar fyrir hverja búgrein fyrir sig; t.a.m. nautgripi, sauðfé, garðyrkju og síðast en ekki síst; geitur! Og samningar verði gerðir frá sama tíma og til jafn langs tíma. En eins og ykkur er vafalítið kunnugt, renna þeir nú út hver á sínu árinu. Hugsanlegt er að framlengja þá samninga sem þarf og láta alla nýja taka gildi 2017. Ég tel að lágmarks tími samninga sé 10 ár, jafnvel 15.

Bændur verða að fjárfesta og með því að gera samning til langs tíma, ef 10 til 15 ár eru þá langur tími, verður augljóslega auðveldara að ráðast í fjárfestingar. Það er ekki bara hagsmunamál bænda; afurðastöðvar og kaupendur vörunnar ættu einnig hægara um vik að gera áætlanir ef framboðið er tryggt til lengri tíma, svo ekki sé talað um lánastofnanir.

Þá tel ég einnig að ákveðið hagræði sé að því, að ein samninganefnd komi fram fyrir hönd Bændasamtaka Íslands. Þannig verður samtalið milli ríkisins og bænda markvissara og fljótlegra og sameiginlegur skilningur ríkir um sameiginleg mál. Að sjálfsögðu er ekki hugmyndin að dregið verði úr aðkomu búgreinasambandanna, og tryggja verður þeim aðgang og samráð við samninganefnd BÍ.“

### *Áfram byggt á beingreiðslukerfi og tollvernd*

„Ég tel eðlilegt að byggja áfram á þeim tveim meginstoðum sem hafa verið í styrkjakerfi landbúnaðarins. Beingreiðslukerfi og tollvernd. En sennilega er tímabært að endurskoða beingreiðslukerfið, með það fyrir augum að stuðningurinn nýtist betur, þeim sem framleiða, skjóti styrkari stoðum undir það sem kallast fjölskyldubú og er til þess fallið að auka byggðafestu.




Freyjukórinn í Borgarfirði söng við setningu Búnaðarþings. Mynd / HKr.

### *Kvótakerfið barn síns tíma*

„Sumir kúabændur, til dæmis, sem eiga mjólkurkvóta, vilja ekki eða geta ekki, framleitt meiri mjólk. Fyrir því geta að sjálfsögðu verið margar ástæður. Aðrir vilja og geta framleitt meira. Hvernig á að bregðast við þessari stöðu? Það er að segja, gera þeim kleift að framleiða meira, sem það geta, án þess að það bitni á þeim sem vilja halda í horfinu, eða jafnvel draga úr framleiðslu.

Er heppilegasta leiðin að skipta greiðslum eftir því fyrirkomulagi sem nú er, eða ættum við að huga að öðrum leiðum? Sumir vilja enga breytingu, aðrir segja sem svo; af hverju er ekki einfaldlega greitt fyrir alla framleiðslu? Eru einhver rök fyrir því fyrirkomulagi sem við höfum, þegar vantar mjólk?

Ég tel að rökin fyrir núverandi fyrirkomulagi í mjólkinni séu að nokkru leyti barn síns tíma og huga verði að öðru fyrirkomulagi og draga úr vægi kvótaeignar þegar kemur að framleiðslu á mjólk. Til dæmis með því að auka gripagreiðslur.“

### *Sett verði hámark á stuðning*

„Breytingar þurfa þó að gerast á löngum tíma, en ég tel rétt að fara að hefja verkið. Þá tel ég einnig rétt að sett verði hámark á stuðning sem einstaka bú getur fengið af heildarstuðningnum.“

### *Styrkir að einhverjum hluta út á ræktað land en ekki framleiðslu*

„Á það hefur verið bent að í ræktuðu landi felast mikil verðmæti. Án þess verður engin framleiðsla, hvorki kjöt eða mjólk. Einn af þeim þáttum sem ég sé fyrir mér að við verðum að ræða, er að styrkir hins opinbera verði að einhverjum hluta greiddir út á ræktað land, en ekki framleiðslu. Að sjálfsögðu ekki hvaða land sem er heldur nytjað ræktarland þar sem einhvers konar framleiðsla á sér stað.

Með því myndu afskipti hins opinbera af framleiðslunni sjálfri minnka. Hægt er að benda á, að kornrækt hér á landi hefur verið að taka við sér á undanförnum árum og ef svo fer fram sem horfir, mun hún aukast enn frekar. Þarna eru að mínu mati sóknarfæri.“

### *Aðila- eða kynslóðaskipti verði tryggð sem og nýsköpun*

„Þá vil ég einnig að hugað verði sérstaklega að því í nýjum samningum, að tryggt verði að aðilaskipti, eða kynslóðaskipti geti orðið að jörðum svo ábúð og framleiðsla leggist ekki af. Einnig að Framleiðnisjóður verði efldur til að auka nýsköpun í sveitum.

Þótt hér hafi verið nefndar leiðir til breytinga á stuðningi, sem ættu að leiða til þess að styrkirnir skiluðu sér betur til frumframleiðenda, verður að tryggja að þeir sem fjárfest hafa miðað við núverandi kerfi haldi sínum rekstrargrundvelli. Það verða vonandi breytingar til góða, en engar kollsteypur.

### *Tollar ekki sér íslenskt fyrirbæri*

„Þótt stundum megi skilja á opinberri umræðu að tollar séu séríslenskt fyrirbæri, þá fer því órafjarri. Nánast öll lönd verja sína matvælaframleiðslu. Hugmyndir um að réttast væri að lækka tolla einhliða eru sérstakar. Á hinn bóginn er ekkert að því að semja um lægri tolla í gagnkvæmum samningum.

Í viðræðum sem staðið hafa yfir við Evrópusambandið höfum við lagt áherslu á að útflutningur héðan hefur engin áhrif á markaðinn ytra. En kíló fyrir kíló er það sem Evrópusambandið vill hafa sem viðmiðun. Það þykir mér ósanngjarnt, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Á Íslandi búa 330 þúsund manns, 500 milljónir búa í Evrópusambandinu. Nokkrar viðbótar skyrdollur héðan myndu varla setja sambandið á hliðina. Í þessu samhengi má til dæmis nefna, að Svisslendingar sætta sig við hlutfallslega meiri innflutning frá Íslandi, en frá Sviss til Íslands, vegna mismunandi stærðar markaða.

Þetta er ekkert flókið fyrir þá sem vilja skilja; það er ekkert gefið í samskiptum ríkja, ríki gera ekki hvert öðru greiða þegar viðskiptahagsmunir eru annars vegar. Það útilokar þó ekki að liðkað sé fyrir innflutningi.“

### *ESB hefur frestað því í tvígang að mæta til viðræðna*

„Eins og áður hefur komið fram er unnið að því að fá fulltrúa ESB að samningaborðinu, en í tvígang hefur Evrópusambandið frestað því að mæta til viðræðna, fyrst í haust svo í febrúar. Það er því ekki við íslensk stjórnvöld að sakast að ekki hafi náðst gagnkvæmir samningar um aukinn inn- og útflutning á landbúnaðarvörum.“

Að lokum sagði Sigurður þetta:

„Ágætu fundarmenn, Matvælaframleiðsla á Íslandi á framtíðina fyrir sér. Á komandi misserum munum við reyna að móta þá framtíð. Ég mun ganga með opinn huga til þess verks. Meginverkefnið er að tryggja stöðu bænda og neytenda, auka framleiðslu og með því auka byggðafestu og farsæld í landinu.“

*(Millifyrirsagnir eru blaðsins)*

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

# JOHN DEERE GÆÐIN ÞEKKJA ALLIR

## Dráttarvélar gerast ekki betri



Vegna sérstakra samninga við John Deere bjóðast nú nokkrar nýjar John Deere dráttarvélar á frábæru **TILBOÐSVERÐI**

Einungis er um fá eintök af hverri gerð að ræða.

**SJÁ NÁNAR ÚTBÚNAÐ VÉLANNA Á VBL.is**

JOHN DEERE



**Eftirfarandi vélar er í boði:**

**John Deere 5100 M**
**100 hestöfl með H260 ámoksturstækjum**
**TILBOÐSVERÐ kr. 9.994.000 +vsk.**

**John Deere 5115 M**
**115 hestöfl með H260 ámoksturstækjum**
**TILBOÐSVERÐ kr. 10.395.000 +vsk.**

**John Deere 5115 M**
**115 hestöfl með H310 ámoksturstækjum**
**Framaflsúrtak og framlyfta**
**TILBOÐSVERÐ kr. 10.997.000 +vsk.**

Til afhendingar í maí 2015
Miðast við gengi GBP 202,5

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

VB Landbúnaður áskilur sér allan rétt til að leiðrétta verð sem reynist ekki rétt. T.d. vegna misprentunar, ef útreikningur verðs reynist rangur, hækkun/lækkun gengis.

# *Má bjóða þér aðstoð við vöruþróun?*

## *Auglýst eftir hugmyndum að nýsköpun í matvælaframleiðslu.*

Matís auglýsir eftir umsóknum um verkefni sem fela í sér nýtingu á svæðisbundnum (íslenskum) auðlindum. Ætlast er til þess að verkefnið skili auknum verðmætum, aukinni sjálfbærni í nýtingu líf-auðlinda og/eða dragi úr lífrænu sorpi. Stuðningurinn felst í sérfræðiráðgjöf við að koma vöru á markað og getur m.a. falist í aðstoð við uppsetningu vinnsluferla, vöruþróun, umbúðahönnun og mælingar (t.d. geymsluþols-, næringargildis- og/eða lífvirknimælingar).

Ekki verður greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup.

Gert er ráð fyrir að vöruþróun hefjist í apríl og verði lokið í október 2015.



Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Matís **www.matis.is/voruthroun**.

***Hægt er að sækja um þátttöku í verkefninu til 23. mars n.k.***

Verkefnið er styrkt af Norræna ráðherraráðinu.

Nánari upplýsingar veita Gunnþórunn Einarsdóttir og Þóra Valsdóttir hjá Matís í síma 422 5000 eða á netfanginu gunna@matis.is.

norden NordBio matís

Matís ohf.

Vínlandsleið 12
113 Reykjavík

s. 422 5000
www.matis.is

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Að loknu Búnaðarþingi

**Vel heppnuðu Búnaðarþingi er lokið. Setningin í Hörpu tókst afar vel og sóttu hana á fimmta hundrað manns, eða mun fleiri en í fyrra. Öllum sem veittu stuðning við skipulag eða framkvæmd hennar eru færðar alúðarþakkir og landbúnaðarverðlaunahöfunum frá Brúsastöðum og Efstadal er jafnframt óskað til hamingju.**

Fyrir utan gesti setningarinnar komu þúsundir manna í Hörpu þessa helgi á matarmarkað Búrsins eða til að fylgjast með úrslitakeppnum Food and Fun og um matreiðslumann ársins.

Á þinginu sjálfu var að venju mikið fjallað um mál sem tengjast innviðum í dreifbýli, eins og orkuverð, fjarskipti og samgöngumál. Alþingi hefur nú stigið það mikilvæga skref að samþykkt hafa verið lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku. Með því verður orkudreifingarkostnaður til almennra notenda jafnaður að fullu í áföngum.

### *Ályktað um fjölmörg mál*

En það er bara eitt skref af mörgum. Þingið ályktaði um að enn vantar upp á að náist að jafna að fullu húshitunarkostnað á köldum svæðum. Þar þarf að gera betur. Þá var ítrekuð krafa um aðgang að öflugum og traustum nettengingum um land allt og að allar byggðir og þjóðvegir landsins hafi virkt GSM-samband. Stjórnvöld hafa lýst yfir vilja til að gera átak í lagningu ljósleiðara út um land. Aðgangur að fjarskiptaþjónustu er orðinn ófrávíkjanleg forsenda búsetu, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli og skiptir verulegu máli að hún sé í lagi. Í sömu ályktun var undirstrikað að bæta þurfi afhendingaröryggi raforku og nýta samlegðarhárif veituframkvæmda vegna ljósleiðara til að ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns um landið. Þá var jafnframt ályktað um ástand vegakerfisins út um land en stórlega skortir á að viðhaldi vega hafi verið nægilega sinnt á undanförnum árum. Þar þarf að gera mikla bragarbót ef ekki á illa að fara.

Talsvert var fjallað um markaðsmál. Hvatt var til aukinnar markaðssóknar og vöruþróunar bæði gagnvart erlendum mörkuðum og ferðamannamarkaðnum hér heima. Jafnframt þyrfti að kortleggja betur tækifæri íslenskrar búvöruframleiðslu á öllum mörkuðum og tryggja að þær aðstæður væru fyrir hendi sem geri landbúnaðinum kleift að nýta þau tækifæri með skilvirkum, heilbrigðum og arðbærum hætti. Þingið ályktaði einnig um að afurðastöðvar þyrftu að hafa skýrar heimildir til að vinna saman að útflutningi.

Ályktað var um málefni Landbúnaðarháskólans og undirstrikað að sjálfstæðir og öflugir landbúnaðarháskólar væru þýðingarmikill hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar. Fallist var á að skoða mætti hugmyndir menntamálaráðherra um frekara samstarf háskólanna þriggja í Norðvesturkjördæmi. Minnt var á mikilvægi þess rannsóknastarfs sem fram fer á tilraunabúinu í nautgriparækt á Stóra-Ármóti og í sauðfjárrækt á Hesti.

### *Hótel Saga áfram í eigu BÍ*

Hvað varðar innri mál samtaka bænda þá fór allnokkur tími þingsins í að ræða eignaumsýslu. Niðurstaðan varðandi Hótel Sögu varð sú að Bændasamtökin eigi bæði rekstur hótelsins og fasteign þess í a.m.k. þrjú ár eða þar til Búnaðarþing ákveður annað. Ákveðið var jafnfram að halda áfram viðræðum BÍ og Landssambands kúabænda um að koma á fót sameiginlegu félagi um rekstur nautastöðvar meða það fyrir augum að efla kynbótastarf, ráðgjöf, kennslu og rannsóknir í nautgriparækt auk þess sem markvisst verði unnið að jöfnun sæðingakostnaðar.

Búnaðarþing samþykkti miklar breytingar á samþykktum Bændasamtakanna sem meðal annars fela í sér breytingar á fyrirkomulagi Búnaðarþings, en í framtíðinni verður þingið haldið annað hvert ár en árið á móti verður haldinn ársfundur. Þá voru samþykktir breytingar á reglum um aðild að Bændasamtökunum, bæði hvað varðar einstaklinga og aðildarfélög. Einstaklingum sem ekki eru bændur en vilja styðja markmið samtakanna er nú heimilt að gerast aukafélagar í þeim. Eins var samþykkt sú stefna að samtökin skuli í framtíðinni verða fjármögnuð með veltutengdum félagsgjöldum.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga á Búnaðarþing er óbreyttur frá fyrri samþykktum. Einn fulltrúi bætist þó við í ljósi þess að Geitfjárræktarfélag Íslands fékk aðild að BÍ á þinginu og verða því fulltrúar á Búnaðarþingi 2016 alls 49.

Ítarleg samþykkt var gerð um búvörusamninga enda er það stærsta kjaramál bænda. Stefnumörkunin felur meðal annars í sér að búnaðarlagasamningur verði efldur og gerður að rammasamningi um starfsumhverfi. Sá samningur verði í raun rammasamningur og undir þeim hatti séu gerðir undirsamningar. Markmið rammasamnings verði ekki síst að stækka og efla íslenskan landbúnað, bæta afkomu bænda, samkeppnishæfni landbúnaðar í heild, nýliðun, rannsókna- og vísindastarf, fæðuöryggi og nýsköpun. Þá er mörkuð sú stefna að takmarka eða banna eigi innflutning dýraafurða sem eru framleiddar við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað en gerðar eru til innlendrar framleiðslu.

Stefnan er tekin á samninga sem fela í sér tollvernd sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Nánara fyrirkomulag tollverndar verði afmarkað í undirsamningum. Tekið er á fjölmörgum fleiri þáttum í samþykktinni eins og fram kemur annars staðar hér í blaðinu.

Í setningarræðu þingsins var verslunin gagnrýnd nokkuð harkalega um leið og fram kom að það væri ekki eftirsóknarvert að standa í endurteknum deilum við hana. Nýútkomin skýrsla Samkeppniseftirlitsins um samkeppni á dagvörumarkaði gefur því miður ekki góðar vonir um að verslunin sé viljug að taka til í eigin ranni. Í skýrslunni kemur fram að verslunin hefur verið að taka til sín gengishagnað af innfluttum vörum. Innlendar vörur hækka aftur á móti í takt við vísitölu framleiðsluverðs. Þetta undirstrikar það sem sagði í ræðunni að verslunin væri að taka of mikið til sín. Hún þarf að svara mun skýrar þeirri gagnrýni sem skýrslan setur fram og óskandi væri að fjölmiðlar landsins tækju efni hennar til rækilegrar umfjöllunar. */SSS*

## LOKAORÐIN

# Vond lykt

**Verslunin í landinu og ekki síst samtök stórkaupmanna voru húðskömmuð í ræðum við setningu Búnaðarþings 1. mars og greinilega ekki að ósekju.**

Samkeppniseftirlitið hefur nú loksins staðfest það sem bændur og forystumenn Bændasamtakanna hafa haldið fram um árabil að verslunin væri ekki að koma heiðarlega fram gagnvart neytendum. Tekur stofnunin í nýrri skýrslu undir fjölmörg sjónarmið samtaka bænda í þessum efnum er varðar til dæmis það sem varla er hægt að kalla annað en okur á innfluttum vörum. Einnig á vörum frá bændum þar sem miklir afslættir til verslana hafa ekki verið að skila sér. Þá er ljóst að verslunin hefur beitt sinni sterku stöðu til að stilla framleiðendum upp við vegg. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum fáránlegan skilarétt á innlendum landbúnaðarvörum. Hvaða skynsemi er t.d. í því að verslunarfyrirtæki geti fyllt allar sínar hirslur með kjöti til að trufla aðgengi keppinautanna að vörunni? Svo hefur verslunin haft skilarétt á því sama kjöti ef ekki gengur að selja það. Eftir sitja svo afurðafyrirtæki bænda með sárt enni. Allavega hefur enn ekki tekist að blása lífi í dýr á ný sem leitt hefur verið til slátrunar og hlutað sundur, sem réttlætt gæti slíka endurheimtöku. Varla getur verslunin heldur beitt þeim rökum að varan hafi öll verið útrunnin á tíma þegar hún kom inn fyrir þeirra dyr. Þarna er verslunin bæði með belti og axlabönd sem er skondið þar sem margir úr þeim geira hafa einmitt verið að gagnrýna bankana fyrir það sama.

Svo minnst sé á bankana þá bendir Samkeppnisstofnun líka á þær gríðarlegu afskriftir sem hafa átt sér stað innan verslunarinnar á undanförnum árum. Þar koma menn að athyglisverðum punkti sem snertir Alþýðusamband Íslands. Þar á bæ hafa menn varið lífeyrissjóðina með kjafti og klóm sem eru orðnir stóreigendur í verslunarfyrirtækjum landsins. Einu undantekningarnar eru trúlega verkalýðsfélögin á Akranesi og Húsavík. ASÍ hefur því í raun verið að verja aðför verslunarinnar að sínum eigin skjólstæðingum beint og óbeint. Í hinum almennu lífeyrissjóðum hafa t.d. engir aðrir komist til áhrifa nema útvaldir forystumenn úr röðum ASÍ og atvinnurekenda. Almennt verkafólk sem er jafnframt skjólstæðingar aðildarfélaga ASÍ kemst þar hvergi nærri. Í þeim efnum gildir sannarlega ekkert lýðræði. Það er vond lykt af þessu máli hvernig sem á það er litið. */HKr.*

# Með hjarta á enni

**Á Kristnesi í Eyjafirði er merkileg kýr sem er á þriðja ári frá burði og er sjálf nýlega borin og farin að gefa af sér mjólk.**

Bændablaðið fékk senda af henni mynd fyrir nokkru sem tekin var af henni sem kálfi á Breiðdalsvík árið 2012, en á enni var kálfurinn með mjög greinilegt hvítt hjarta. Svipað fyrirbæri birtist í Bændablaðinu í desember síðastliðinn, þá af nýfæddum kálfi á hinum enda landsins, eða í Botni í Súgandafirði.

Helgi Þórsson, bóndi og umhverfisfræðingur á Kristnesi í Eyjafirði, segir að kálfurinn sé nú orðin mjólkandi kýr en ekki sérstök hvað framleiðslu varðar.

„Hún er ansi smá og mjólkurmagnið í tæpu meðallagi. Það er því fátt úrvals um hana að segja.“

Helgi segist halda að svo reglulegt hjartamynstur á enni sé trúlega frekar óvenjulegt. Með aldrinum minnki skýrleikinn á hjartanu því hárlokkar vaxi sem þurfi þá hugsanlega að greiða frá. Annars eru hjónin í Kristnesi, þau Helgi og Beate Stormo, sem er norsk að uppruna, með ríflega 20 kýr, um 90 kindur, fáeinar geitur, nokkrar kanínur, þar á meðal angórakanínur og hross. Beate er líka fjölhæf handverksmanneskja og var m.a. Íslandsmeistari í eldsmíði á síðasta ári og stundar ýmsa aðra iðju eins og trésmíði og saumaskap. */HKr.*



**Þessi kálfur fæddist í Breiðdalsvík árið 2012 og var með hjartalaga mynstur á enni.** Mynd / Hanna Ingólfsdóttir



**Hér er Helga Guðný Kristjánsdóttir, bóndi í Botni í Súgandafirði, með nýfæddan kálf í nóvember sl. með hjartamynstur á enni, þann 24.** Mynd/HKr.



Atli Erlendsson, matreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu. Myndir / smh




Listi yfir hráefni sem matreiðslumennirnir máttu notast við í úrslitakeppninni.



Fátt fór framhjá vökulum augum dómaranna sem fylgdust með.

# Atli Erlendsson á Grillinu er Matreiðslumaður ársins

Atli Erlendsson, matreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu, bar sigur úr býtum í úrslitakeppninni um nafnbótina Matreiðslumaður ársins sem fór fram í Hörpu 1. mars, en þetta er í 20. skiptið sem hún er haldin.

Annar í keppninni varð Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslumaður hjá Vodafone, en hinir tveir sem kepptu til úrslita voru Axel Clausen frá Fiskmarkaðinum og Kristófer Hamilton Lord frá Lava Bláa Lóninu.Yfirdómari var Matti Jänsen frá Finnlandi.

Verkefni keppenda var að elda forrétt og aðalrétt úr úrvali hráefna beint frá bónda, upp úr óvissukörfu sem hulunni var svipt af degi fyrir keppni.

Upphaflega sendu sautján matreiðslumenn inn uppskriftir í keppnina sem haldin var með nýju sniði í ár. Tíu komust áfram í undanúrslit og elduðu uppskriftir sínar með íslenskan þorsk í aðalhlutverki fyrir dómnefnd. /smh



Hér sér yfir úrval hráefnisins sem var í boði fyrir matreiðslumennina, en þeir fengu að vita hvaða hráefni ætti að notast við daginn áður en lokakeppnin fór fram. Hráefnið var meira og minna allt af Matarmarkaði Búrsins sem var haldinn samtímis í Hörpu.



Keppendur og aðstandendur hennar. Mynd / Eiríkur Ingi Bengtsson Helgason



Bjarni Gunnar Kristinsson, einn af dómurum keppninnar, útskýrir daginn fyrir úrslitakeppnina hvaða hráefni matreiðslumennirnir hafa úr að moða.





Við opna eldhúsið á keppninni. Almenningi gefst sjaldan tækifæri til að sjá matreiðslumeistara keppa fyrir opnum tjöldum.



Axel Clausen frá Fiskmarkaðinum.

## 125 MÆLT AF MUNNI FRAM

Við skildum við **Lárus Þórðarson** heilan og heilsugóðan í síðasta þætti. Nokkru síðar fær hann svo hastarlega kransæðastíflu, og var verulega hætt kominn. Kominn loks til meðvitundar eftir mikla hjartaaðgerð orti hann:

*Ég eitthvað af meðvitund missti*
*er mót gengu örlaga þyrnar,*
*svo ég klappaði uppá hjá Kristi*
*en karl setti stól fyrir dyrnar.*

Allt fór þetta samt vel fyrir Lárusi, og varð hann allur miklu hressari eftir, en var gert skylt að hætta að reykja vindlana sína. Af því tilefni samdi hann vísu er hann nefndi „Bjartsýni“:

*Nú er ég í viku vindlastraffi*
*svo væntanlega gróa hjartasárin,*
*en ég má drekka koníak og kaffi*
*og kvíði engu næstu hundrað árin.*

Eitt sinn er **Lárus** gekk til altaris við helgistund á Reykjalundi, þótti honum naumt skammtað messuvínið. Eftir að hafa fengið sakramentið sneri hann sér að sr. Jóni og sagði:

*Afar rýr er sérhver sopi,*
*svekktir menn sem fá þetta.*
*Það er varla að detti dropi,*
*-Drottinn ætti að sjá þetta.*

Á skírdag svínaði **Ómar organisti** í Lágafellskirkju hastarlega á Lárusi á hringtorgi einu. Lárus nauðhemlaði og renndi upp á umferðareyju til að forða árekstri. Lárus orti þá vísu sem farþegi hans í bílnum lærði og flutti svo á næstu söngæfingu:

*Ómar kom fyrir framan mig,*
*en fúlmennsku hef ég nóg af.*
*Við mistök er þungt að sætta sig,*
*-það sá ég best er ég sló af.*

**Ómari** organista gramdist kveðskapur Lárusar, en lenti svo í vandræðum daginn eftir í messu á föstudeginum langa. Einhver misskilningur kom þá upp á milli prests og organista. Eftir athöfnina kom Lárus til Ómars og sagði hughreystandi:

*Sál þína veit ég sorgum búna,*
*sök mína finn ég vinur kær.*
*Það hefð'ekkert ólán hent þig núna*
*hefði ég drepið þig í gær.*

**Lárus** hlýddi á íslenskuþátt í útvarpinu þar sem útlistuð var fleirtölumynd ýmissa nafnorða í eignarfalli. Tilgreind voru orðin „kráka“ og „hryssa“ í þeim dæmum. Þá orti Lárus:

*Við gengum til gargandi krákna*
*og gripum til hlaðinna byssna.*
*Þá vorar, með hlýviðri hlákna*
*hlaupa oft folar til hryssna.*

Stundum bar það við, væri **Lárus** á ferðinni í Reykjavík að kvöldlagi, að hann leit við hjá vinkonu sinni og þáði kaffisopa. Vinkona Lárusar hitaði ávallt kaffi yfir eldi, og taldi kaffið þannig miklu betra. Fór hún þess á leit við Lárus að hann launaði kaffið með vísu. Er **Lárus** kvaddi var vísan svona:

*Þú hitar kaffið yfir eldi,*
*ylinn leggur frá þér,*
*þegar ég á kyrru kveldi*
*kem og fæ það hjá þér.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

**Fréttir**



Frá Landsmóti hestamanna á Hellu 2014. Mynd / HKr.

Landsmót hestamanna:

# Verður haldið á Hólum í Hjaltadal 2016

**Stjórn LH ákvað á fundi sínum föstudaginn 6. mars 2015 að halda Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal sumarið 2016. Samningur milli Landsmóts hestamanna ehf. og Gullhyls ehf. um mótshaldið verður undirritaður á næstunni.**

Hinn 19. desember 2014 skrifuðu Landssamband hestamannafélaga, Gullhylur ehf., Sveitarfélagið Skagafjörður og Hólaskóli undir viljayfirlýsingu um að halda Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal sumarið 2016.

Á fundi stjórnar Landssambands hestamannafélaga sem haldinn var í dag, föstudaginn 6. mars 2015, var ákveðið að Landsmót hestamanna verður haldið á Hólum í Hjaltadal sumarið 2016. Landsmót hestamanna ehf. og Gullhylur ehf. munu á allra næstu dögum undirrita samning um mótshaldið.

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, segir það virkilega ánægjulegt að þetta mál sé í höfn.

„Ég er sannfærður um að Landsmót á Hólum í Hjaltadal, þar sem æðsta menntastofnun íslenska hestsins í heiminum er vistuð, mun verða glæsilegt mót og nýtast hestamönnum í nútíð og framtíð vel. Ég er viss um að Skagfirðingar munu taka vel á móti okkur eins og þeim er lagið."



Hótel Saga verður áfram í eigu Bændasamtaka Íslands að minnsta kosti næstu þrjú árin samkvæmt samþykkt nýafstaðins Búnaðarþings. Mynd / HKr.

# Hótel Saga verður áfram í eigu Bændasamtaka Íslands

**Á Búnaðarþingi 2015 sem lauk á ellefta tímanum á miðvikudagskvöld í síðustu viku var fjöldi mála afgreiddur. Þar á meðal ályktun sem felur í sér að bein áform um sölu á Hótel Sögu verða lögð til hliðar næstu þrjú árin, að minnsta kosti.**

Í ályktun þingsins um þetta mál segir m.a. að Bændasamtök Íslands eigi áfram og reki einkahlutafélagið Hótel Sögu ehf., a.m.k. í þrjú ár eða þar til Búnaðarþing tekur ákvörðun um annað. Í þessu felst að Bændasamtök Íslands eigi bæði fasteignina við Hagatorg og hótelreksturinn sem slíkan.

Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal þingfulltrúa um hvort veita ætti stjórn heimild til að hefja að nýju söluferli á hótelinu eða ekki. Var málið ítarlega rætt á lokuðum fundum. Náðist ekki niðurstaða í málinu fyrr en undir klukkan tíu á miðvikudagskvöldið. Lokaniðurstaða hjá meirihluta Búnaðarþingsfulltrúa eftir atkvæðagreiðslu var að veita ekki heimild til sölu.

Eins og kunnugt er var fyrirtækjaráðgjöf MP banka fengin til þess í nóvember á síðasta ári að kanna áhuga fjárfesta á kaupum á hótelinu. Lögðu fjórir hópar fram skuldbindandi tilboð, en ekkert þeirra tilboða þótti ásættanlegt að mati stjórnar BÍ og var þeim öllum hafnað í lok janúar.

Stjórn Bændasamtakanna hefur á þessu Búnaðarþingi lagt fram rekstraráætlun félagsins til og með árinu 2020 og kynnt ítarlega. Stjórn Bændasamtaka Íslands lagði jafnframt fram erindi á Búnaðarþingi þar sem hún beindi því til þingsins að veita leiðbeiningu um hvernig best megi ávaxta þá eign sem nú er bundin í Hótel Sögu ehf. Eftir umræður í fjárhagsnefnd og í þinginu ályktaði Búnaðarþing 2015 um að Bændasamtök Íslands skuli ávaxta þessa eign með þeim hætti sem áður greinir í þessari ályktun. /HKr.



Fyrsta Græna skrefið í ríkisrekstri:

# Náttúrufræðistofnun stóðst úttekt

**Náttúrufræðistofnun Íslands hefur staðist úttekt á fyrsta Græna skrefinu í ríkisrekstri og hlaut í dag viðurkenningu þess efnis. Græn skref í ríkisrekstri snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins á markvissan hátt.**

Vorið 2014 voru Græn skref Reykjavíkurborgar aðlöguð ríkisrekstri og tóku 12 stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þátt í að þróa verkefnið, þar á meðal Náttúrufræðistofnun Íslands. Markmið verkefnisins eru meðal annars að starfsemi ríkisins verði umhverfisvænni, dregið verði úr rekstrarkostnaði og vellíðan og starfsumhverfi starfsmanna aukist. Náttúrufræðistofnun Íslands er meðal fyrstu stofnana ríkisins í að hefja aðlögun starfseminnar að þessum markmiðum og stefnir að því að ljúka innleiðingu á árinu. Þeir þættir sem horft er til við innleiðingu Grænna skrefa eru sex talsins:

- innkaup
- miðlun og stjórnun
- fundir og viðburðir
- flokkun og minni sóun
- rafmagn og húshitun
- samgöngur

Skrefin eru innleidd í fjórum áföngum, en fimmta og síðasta skrefið sýnir helstu aðgerðir sem þarf að innleiða til að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi. /VH

# Aðalfundur Landssambands kúabænda 12. og 13. mars 2015

**Aðalfundur Landssambands kúabænda verður settur í dag, fimmtudaginn 12. mars kl. 10.00. Fundurinn verður settur í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu 8 í Reykjavík.**

Fagþing nautgriparæktarinnar verður haldið þar síðar um daginn, frá kl. 13–16. Fundurinn og fagþingið er opið öllu áhugafólki um nautgriparækt.

Árshátíð Landssambands kúabænda verður haldin á Grand Hótel Reykjavík föstudagskvöldið 12. mars. Miðapantanir eru í síma 460 4477. Veislustjóri verður Ingvar Jónsson.

Tveggja manna herbergi á Grand Hótel Reykjavík með morgunverði kostar 24.190 pr. nótt. Tveggja manna herbergi með morgunverði á Hótel Cabin kostar 13.100 kr pr. nótt. Herbergjapantanir eru gerðar í síma 415 0600 eða með tölvupósti á linda@icelandunlimited.is

Þar sem mjög mikil ásókn er í gistingu í höfuðborginni þessi misserin, er áhugasömum ráðlagt að hafa hraðar hendur við pantanir!

Landssamband kúabænda hvetur bændur til að fjölmenna á þessa viðburði.

Afkoman af rekstri MS batnar:

# Engar hækkanir á heildsöluverði mjólkurafurða í eitt og hálft ár

## – Bændum greitt fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk til ársloka 2016

**Hagnaður Mjólkursamsölunnar fyrir skatta nam 322 milljónum króna á síðasta ári. Er það 1,3% af veltu félagsins og hefur batnað um 114 milljónir króna milli ára.**

Aðalfundur MS var haldinn í síðustu viku og þar kom fram að afkomubatann megi rekja til aukinna umsvifa félagsins á erlendum markaði. Þar hefur MS haft hagnað af eigin viðskiptum með skyr og af leyfisgjöldum frá fyrirtækjum sem framleiða skyr með leyfissamningum. Afkoman af rekstri fyrir afskriftir og fjármagnskostnað árið 2014 var 1.148 milljónir króna og batnaði um 370 milljónir króna milli ára.



Einar Sigurðsson.

*Ábata skilað til neytenda og bænda*

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, bendir á að þessi afkoma sé ekki hátt hlutfall af 24,5 milljarða króna veltu fyrirtækisins.

„Þetta endurspeglar sérstaka stöðu Mjólkursamsölunnar. Fyrirtækið verðleggur ekki eigin afurðir. Það er ekki stefna fyrirtækisins að hámarka hagnað í starfseminni heldur lágmarka kostnað og skila ábata af árangri í rekstrinum til neytenda og til bænda í gegnum verðlag á hráefni og afurðum. Á undanförnum áratug hefur hagræðing í mjólkuriðnaði verið um 3 milljarðar króna á ársgrunni. Fyrir vikið hefur verið hægt að hækka hráefnisverð til bænda töluvert umfram neysluvísitölu án þess að það skilaði sér út í verðlagið nema að hluta."

*Engar hækkanir á heildsöluverði í eitt og hálft ár*

„Afurðaverð á markaði hefur hækkað minna en nemur almennum verðlagshækkunum og engin hækkun hefur orðið á heildsöluverði mjólkurafurða í eitt og hálft ár."

*Bændum greitt fullt afurðastöðvaverð til ársloka 2016*

Á aðalfundi Mjólkursamsölunnar greindi Egill Sigurðsson, kúabóndi á Berustöðum og stjórnarformaður fyrirtækisins, frá því að tekin hefði verið ákvörðun um að greiða bændum fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk út gildistíma búvörusamninga í árslok 2016.

*Efirspurn eftir fituríkum afurðum mikil*

Mjólkursamsalan gegnir lykilhlutverki í birgðastýringu mjólkurframleiðslu í landinu. Aukin eftirspurn eftir fituríkari afurðum frá 2011 nemur framleiðslu 150 kúabúa.



Egill Sigurðsson.

Stjórnendur MS segja að afar erfitt sé að mæta slíkum vexti þegar haft er í huga að það tekur 3 ár að ala upp gripi til mjólkurframleiðslu. Þá sé líka rétt að hafa hugfast að eftirspurn eftir próteinhluta mjólkurinnar er mun minni en eftir fituhlutanum. Það hefur því þyngt rekstur Mjólkursamsölunnar að yfirborga hluta framleiðslunnar til að skapa bændum hvata til að framleiða meira og tryggja nægjanlegt framboð.

*Búist við 9 milljarða króna hagnaði af skyrsölu í útlöndum*

Á undanförnum fimm árum hefur Mjólkursamsalan byggt upp skyrmarkað erlendis í samstarfi við erlenda framleiðendur og með eigin útflutningi. Gert er ráð fyrir að árið 2015 verði veltan á þessum skyrmarkaði, sem gefur Mjólkursamsölunni hagnaðarhlut, um 9 milljarðar króna. Það samsvarar ríflega 40% af heildarveltu fyrirtækisins á Íslandi.

# Einfalt
# að skila framtali

## Frestur til staðfestingar er til **20. mars**




### Skilafrestur
Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **20. mars.**

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 31. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

### Upplýsingar á framtali
Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

### Auðkenning
Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

### Símaþjónusta í 442-1414
Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.

Dagana 18. - 20. mars verður símaþjónusta til kl.18:00 og 30. og 31. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

# skattur.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2014

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

Fréttir

Dýraheilbrigði:

# Riðuveiki í Skagafirði

**Riðuveiki greindist á búi í Skagafirði í lok febrúar en aðeins er um mánuður síðan riða greindist á Vatnsnesi. Matvælastofnun vinnur nú að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða.**

Á vef Matvælastofnunar segir að fyrir skömmu hafi bóndinn í Valagerði í Skagafirði fengið grun um riðuveiki í þremur ám og haft samband við dýralækni. Kindunum var lógað og sýni send til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands á Keldum, sem staðfesti nokkrum dögum síðar að um hefðbundna riðuveiki væri að ræða. Búið er í Skagahólfi en þar hefur riðuveiki komið upp á átta búum á undanförnum 15 árum en á þessu búi hefur veikin ekki greinst áður.

Fyrir aðeins um mánuði síðan greindist riðuveiki á búi á Vatnsnesi en þá hafði hefðbundin riða ekki greinst á landinu síðan árið 2010. Unnið er að gerð samnings um niðurskurð á því búi og í kjölfarið verður fénu lógað. Þessi tvö tilfelli eru ótengd enda hvort í sínu varnarhólfinu. Strangar reglur gilda um flutning fjár milli varnarhólfa og annars sem borið getur smit. Þessi tvö nýju tilfelli sýna að baráttunni við riðuveikina er langt í frá lokið og eru bændur hvattir til að vera á varðbergi gagnvart einkennum og hafa samband við dýralækni fái þeir grun um veikina. Einkenni riðu eru breytileg, um getur verið að ræða kláða, taugaveiklun og óeðlilegar hreyfingar. Í sumum tilvikum koma aðeins sum þessara einkenna fram en í öðrum öll.

Héraðsdýralæknir Matvælastofnunar vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttektar á búinu í Skagafirði til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótthreinsun. Allt frá því ákveðið var að hefja átak gegn riðuveiki, fyrir rúmlega 30 árum síðan, með það að markmiði að útrýma veikinni, hefur ráðherra ávallt fyrirskipað niðurskurð þegar riða hefur greinst og aðrar aðgerðir ekki komið til álita. Á níunda áratug síðustu aldar var skorið niður á tugum búa á hverju ári en mjög hefur dregið úr tíðni veikinnar og á undanförnum árum hefur hún aðeins greinst á stöku búum. /VH

# Þriðja tilfellið af riðu

**Riðuveiki greindist í síðustu viku á búi í Skagafirði. Stutt er síðan riða greindist á nálægum bæ og rúmur mánuður frá því riða greindist á bæ á Vatnsnesi.**

Bæirnir í Skagafirði eru í hinum forna Seyluhreppi sem er þekkt riðusvæði ásamt Sæmundarhlíð og hefur riða greinst nokkrum sinnum á þessu landsvæði undanfarin ár, síðast 2009. Nýtt tilfelli kemur því ekki á óvart. Ekki eru talin tengsl milli riðutilfellanna á Vatnsnesi og þeirra sem nú koma upp í Skagafirði.

***Riða greinst á þremur búum***

Á fáum vikum hefur riðuveiki greinst á þremur búum, einu á Vatnsnesi og tveimur í Skagafirði en fram að því hafði hefðbundin riða ekki greinst á landinu síðan árið 2010. Ekki eru talin faraldsfræðileg tengsl á milli tilvikanna á Vatnsnesi annars vegar og í Skagafirði hins vegar. Faraldsfræðileg tengsl gætu hins vegar verið á milli tilfellanna í Skagafirði því bæirnir eru á þekktu riðusvæði.

***Aðgát bænda leiddi til greiningar***

Leiða má að því líkum að fréttir af riðu hafi aukið aðgát bænda almennt og að þeir hafi orðið meðvitaðri um einkenni sjúkdómsins því bæði tilfellin í Skagafirði uppgötvuðust við grun bændanna sjálfra sem sáu einkenni í sínu fé. /VH

SAMANBURÐUR Á GREIÐSLUBYRÐI

| Verðtryggt lán með 3,85% vöxtum, lánstími 40 ár, 25 m.kr. lán | Greiðsla í byrjun | Greiðsla þegar afborganir hefjast | Heildar-endurgreiðsla |
|---|---|---|---|
| **Jafnar afborganir** | | | |
| Lán greitt til baka á 40 árum með hefðbundnum hætti | 102.165 kr. | 102.165 kr. | 46.931.300 kr. |
| Eingöngu greiddir vextir fyrstu 4 árin | 80.208 kr. | 107.034 kr. | 50.088.781 kr. |
| **Jafnar greiðslur** | | | |
| Lán greitt til baka á 40 árum með hefðbundnum hætti | 132.292 kr. | X | 42.846.354 kr. |
| Eingöngu greiddir vextir fyrstu 4 árin | 80.208 kr. | 138.079 kr. | 46.215.104 kr. |

**Dæmi um mismunandi leiðir í lánamálum LSB. Ekki er gert ráð fyrir verðbólgu í ofangreindum tölum.**

Lífeyrissjóður bænda:

# Nýjungar í lánamálum

**Á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda voru kynntar nýjungar í lánamálum, sem sjóðurinn býður sjóðfélögum.**

Þær felast annars vegar í því að heimilt verður að greiða eingöngu vexti í byrjun lánstímans í allt að fjögur ár og hægt verður að velja mismunandi tegundir að greiðslufyrirkomulagi, láns með jöfnum greiðslum eða lán með jöfnum afborgunum.

Fram kemur í lánareglum sjóðsins að heimilt er að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi að vali lántaka ef lánstími er a.m.k. til 25 ára, í þrjú ár ef lánstími er a.m.k. 20 ár, í tvö ár ef lánstími er 15 ár og í eitt ár ef lánstími er 10 ár.

Með eingöngu vaxtagjalddaga í byrjun lánstíma og vali á jafngreiðsluláni, léttir á greiðslum á fyrri hluta lánstímans þegar greiðslubyrði ætti að vera sem léttust, einkum þegar fjármögnuð eru stór kaup, meðal annars við nýliðun í landbúnaði.

Í töflunni er gerður samanburður á mánaðarlegum greiðslum af 25 mkr. láni til 40 ára eftir því hvort er valið, lán með jöfnum afborgunum eða lán með jöfnum greiðslum og að eingöngu eru greiddir vextir fyrstu 4 árin.



Hrein eign til greiðslu lífeyris og hrein raunávöxtun eignasafns hvers árs.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs bænda 2014:

# Skilaði 5,4% hreinni raunávöxtun

**Á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda sem haldinn var 3. mars voru niðurstöður ársreiknings sjóðsins fyrir 2014 kynntar. Fram kom að hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris jókst um 1,1 milljarð króna á árinu 2014 og var í lok ársins 28,4 milljarðar króna.**

Verulegur vöxtur hefur orðið á hreinni eign sjóðsins frá 2008.

***5,5% hrein raunávöxtun síðustu þriggja ára***

Fimmta árið í röð hefur afkoma sjóðsins verið með miklum ágætum. Ávöxtun verðbréfa sjóðsins var 6,7% á árinu 2014, sem samsvarar 5,6% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, það er þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 6,5% sem samsvarar 5,4% hreinni raunávöxtun á móti 5,6% 2013. Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára er 4,7% að meðaltali á ári sem er talsvert umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.

***Vöxtur í sjóðfélagalánum***

Heimilt verður að greiða eingöngu vexti fyrstu 4 ár lánstímans.


**Skúli Bjarnason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.**

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Heimilt er að lána félagi í eigu sjóðfélaga með sjálfskuldarábyrgð hans þar sem eignarhlutur hans í félaginu er að minnsta kosti 25%.

Af lánum veittum 2015 verður heimilt að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi auk þess sem lántaki getur valið á milli láns með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum. Jafngreiðslulán og eingöngu vaxtagjalddagar í byrjun lánstímans mun auðvelda meðal annars nýliðun í landbúnaði þar sem greiðslubyrði mun lækka á fyrri hluta lánstímans.

***Tryggingafræðileg staða batnar***

Í lok árs 2014 voru áfallnar skuldbindingar í tryggingafræðilegri athugun 1,34% hærri en eignir sjóðsins á móti 2,46% í lok árs 2013, og heildarskuldbindingar voru 4,20% umfram heildareignir, á móti 4,96% 2013. Sjóðurinn er innan þeirra marka, sem lög kveða á um.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda er þannig skipuð:

Skúli Bjarnason, formaður, Guðrún Lárusdóttir, Sara Lind Guðbergsdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Örn Bergsson. Framkvæmdastjóri er Ólafur K. Ólafs.



Tryggingafræðileg staða: Þróun heildareigna og skuldbindinga

# ÁLAVEIÐAR

• KAUPUM ÁL •

Óskum eftir að komast í samband við fleiri álaveiðimenn við fyrsta tækifæri

Upplýsingar veitir Víðir í síma 770 2214 og 456 5505

NORTH ATLANTIC ehf

Söluskrifstofa íslenskra sjávarafurða

Kverneland

FYRIR KRÖFUHARÐA!

"vertu til að leggja hönd á plóg"




VIÐ FÖGNUM VORINU

Vara- og slithlutir í Kverneland plóga og jarðvinnsluvélar í miklu úrvali.

Hafið samband í síma 580 8200

VÉLFANG

- ALLT Í GANGI HJÁ VÉLFANGI

Vélfang ehf. - Gylfaflöt 32 - 112 Reykjavík - Sími: 580 8200 - www.velfang.is

LITHOMEX

LITHOFALT A10

## Umhverfisvænt viðgerðarmalbik fyrir almenna vegi, torg og bílastæði.

Tilbúið til notkunar samstundis og ekki er þörf á sérstökum verkfærum.

Hægt að leggja í öllum veðrum, einnig frosti.




Malbikið er selt í 20 kílóa fötum




Gott er að undirbúa undirlagið með Lithoklæb bindiefni til að ná hámarksviðloðun



Lithofalt er lagt í þunnum lögum og þjappað á milli.



Skemmdin er fyllt rúmlega og þjappað vel.

Að lokum er sandi stráð yfir svæðið.




Einnig fáanlegt í 1000 kílóa stórpokum

Allar nánari upplýsingar í síma 535 2510

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • info@hafnarbakki.is • hafnarbakki.is

# Ný kynslóð vallarfoxgrass




NÝTT !

NÝ YRKI SEM SKILA HÁMARKS UPPSKERU.

**Tenho:** Skilar góðri uppskeru. Hentar vel bæði til beitar og slátta.

**Tuuka:** Góður meltanleiki og hátt proteininnihald.

BARENBRUG

*Góðir í grasi*

FB

FÓÐURBLANDAN

– í héraði hjá þér –

> 570 9800 > www.fodur.is




Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra

# Rómantíkin sigraði á Búnaðarþingi

**Innan landbúnaðarins takast nú sem oft áður á tvö öfl þegar rætt er um framtíðina, annars vegar rómantíska stefnan og svo óheft markaðshyggja. Við setningu Búnaðarþings mátti glöggt heyra í ræðum bæði forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra og formanns Bændasamtakanna samhljóm með fjölskyldubúskap og landbúnaði sem gegnir mikilvægu hlutverki bæði í framleiðslu á matvælum og ekki síður sem byggðamál.**

Kúabúskapurinn er hryggjarstykkið í landbúnaðinum sem ræður því hvort samstaðan helst meðal landsmanna um áframhaldandi stuðning. Við hverja kynslóð ungra kúabænda í hálfa öld hefur bústærðin tvöfaldast, þar ræður tæknin miklu um. En hvar skal staðar nema, eiga menn að taka enn eitt heljarstökkið og að þróunin verði sú sama og í svínabúskapnum að kúabúin verði örfá? Að stærðin yfirtaki fjölskylduvænu búin og verksmiðjubú taki við með erlendu vinnuafli, bú í eigu bankanna skuldum hlaðin og bankarnir skipti svo um ráðsmenn á jörðunum? Eða gjaldþrota hagræðingarstefna eins og í Danmörku en þar verður einn kúabóndi gjaldþrota á dag.

*Viljinn er skýr*

Ég tel að vilji ráðamanna þjóðarinnar sé nokkuð skýr og það viðhorf eigi hljómgrunn í öllum flokkum að standa vörð um hóflega stór fjölskyldubú. Það verður ekki bæði sleppt og haldið, tollarnir eru í dag starfsöryggi bóndans og hinnar íslensku framleiðslu svo og beingreiðslur úr ríkissjóði, um þetta hvort tveggja er góð samstaða.

Það var samhljómur í ræðum Sigurgeirs Sindra og Sigurðar Inga um að ganga til búvörusamninga, að vísu var það ekki góð tillaga hjá landbúnaðarráðherra að ætla að vinna verkið og alla samninga á kosningaári 2017. Ráðherrann veit að kosningaár eru átakaár og erfiðari um samkomulag en hin árin, og ekki efast ég um vilja hans, því mun vindurinn feykja þessari hugsun á braut. Verkefnið þolir heldur enga bið, bændurnir verða sem allra fyrst, ekki síst í mjólkinni, að vita hver er starfsgrundvöllurinn? Hins vegar verður að setja þak á beingreiðslurnar við ákveðna bústærð. Samstaðan um beingreiðslur rofnar eigi sá sem framleiðir milljón lítra og hinn með meðalbúið eða minna að fá sama hlutfall.

Við gerð síðustu samninga var nokkuð rætt um sperrur og þak í samningana, nú verður ekki undan því vikist en hvar eru mörkin? Setja menn skúrhalla í stuðninginn við ákveðið mark og fella svo ríkisstuðning alveg niður við aðra stærð búsins? Undan þessari umræðu eiga menn ekki að víkja sér, hana verður að taka. Nautabúskap ber að efla í landinu og sauðfjárbændur verða að taka á og þurfa umgjörð og stuðning sem eflir nýliðun. Munum að landbúnaðurinn er ein heild, að veikja svína- og kjúklingabúskap og fella burt tolla einhliða er aðferð og umræða til að setja allan landbúnaðinn í vörn og vandræði, því voru varnaðarorð forsætisráðherra mjög mikilvæg við setningu Búnaðarþings.

*Með heykvíslina í rassinum*

Það er óhætt að segja að myndbirting í síðasta Bændablaði hafi farið fyrir brjóstið á mörgum, maðurinn á myndinni hafði fengið heykvíslina í gegnum báðar rasskinnarnar. Pistlahöfundur blaðsins, sem jafnan fjallar um öryggi, heilsu og umhverfi, var með þessu að leggja áherslu á þá dauðans alvöru sem kæruleysi og slysagildrur geta valdið til sveita eða bara hvar sem er. Þessi dauðans alvara minnir okkur á svipleg slys og þá staðreynd að eitt augnablik getur kostað barn og ekkert síður fullorðinn mann lífið eða eilífa kvöl. Í gamla daga fór hún mamma eða amma gamla oft með málsháttinn góða:

„Byrgið brunninn áður en barnið dettur ofan í hann.“ Enn í dag á þetta við en nú getur ógnin verið enn nær daglegum störfum og legið í tröllauknum vélum eða að öryggisatriði eru ekki virt hvað varðar drifsköft eða sláttuvélar eða fúinn timburhlera ofan í haughúsið í fjósinu.

Ég mæli með myndbirtingu og opinskáum viðvörunarorðum til að forða slysum. Hvergi höfum við á síðustu árum séð meiri árangur en í umferðinni þar sem banaslysum og stórslysum hefur fækkað verulega. Segja má að hinar áhrifaríku sjónvarpsauglýsingar um afleiðingar þess að aka bíl drukkinn eða afleiðingar ofsaaksturs hafi skipt sköpum og snúið þróuninni við og bjargað mannslífum. Kvíslin í rassinum á manninum er hvatning til að taka til og yfirfara alla öryggisþætti búsins. Öflugasti félagsskapur sveitanna, kvenfélögin, ættu að taka þessi mál í sínar hendur.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Að sjálfsögðu var klippt á borða við vígslu reiðhallarinnar en hér eru þeir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, og Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra ásamt Hinriki og Huldu. Myndir / Jón Björnsson.

Árbakki í Rangárþingi ytra:

# Ný og glæsileg reiðhöll hjá Huldu og Hinriki

**Hinrik Bragason og Hulda Gústafsdóttir, landsþekktir hestamenn, hafa tekið í notkun nýja og glæsilega reiðhöll á Árbakka í Rangárþingi ytra.**

Á bænum Árbakka er stunduð hrossarækt, kaup og sala á hrossum, kennsla og fyrirtækið Hestvit sem er annað stærsta útflutningsfyrirtæki hrossa á Íslandi.

Reiðhöllin er samtals 1.300 fermetrar, þar af reiðsvæðið 1.000 fermetrar, 20 sinnum 50 metrar. Að auki eru svo tíu nýjar stóðhestastíur, áhorfendasvæði og kaffistofa. Fyrir var hér 50 hesta hesthús, byggt um 1990.

Húsið kemur frá Límtré-Vírneti á Flúðum, var reist af Kára Arnórssyni og hans mönnum og svo voru það að mestu leyti heimamenn sem sáu um jarðvinnu, grunn og allan frágang.



Hinrik og Hulda með börnum sínum, þeim Gústafi og Eddu Hrund þegar nýja reiðhöllin var vígð.

„Þar lögðu margir hönd á plóg og unnu frábært starf enda höllin vel heppnuð að okkar mati,“ segir Hulda.

Byggingin eykur möguleika á námskeiðahaldi á Árbakka en hjónin fara mikið utan að kenna en nú verður hægt að færa eitthvað af þeirri kennslu heim, jafnvel sem hreina viðbót.

„Við störfum hér hjónin, auk sonar okkar, Gústafs Ásgeirs, sem er einnig nemandi við Fjölbrautaskóla Suðurlands, ásamt tveimur til fjórum starfsmönnum á hverjum tíma. Dóttir okkar, Edda Hrund, stundar háskólanám í Reykjavík. Hestamennska er stór atvinnugrein í Rangárþingi ytra og þetta bætir aðstöðuna og tryggir að hægt sé að vinna óháð veðri og vindum. Við vonumst eftir því að gæði vinnunnar okkar aukist með tilkomu nýju reiðhallarinnar, að vinnubrögðin verði vandaðri og varan, hrossin, því enn betur undirbúin fyrir keppni og nýja eigendur,“ bætir Hulda við.

*/MHH*

Tjón af völdum álfta og gæsa:

# Sjö prósent spilda urðu fyrir altjóni

**Bændur tilkynntu um tjón á um 2.400 hekturum í ræktarlöndum sínum af völdum álfta og gæsa á síðasta ári, í yfir 200 tjónatilkynningum. Bændatorgið, rafræn upplýsingagátt Bændasamtaka Íslands, var nýtt í þeim tilgangi að ná til bænda og auðvelda þeim skráningu á tjónum í þeirra löndum. Í niðurstöðum kemur það meðal annars í ljós að í um sjö prósenta tilvika er um altjón að ræða af þeim spildum sem tilkynnt var um var.**

Síðasta vor hófu Bændasamtök Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytið samstarf um skipulagða vinnu við kortlagningu á tjóni í ræktarlöndum bænda af völdum gæsa og álfta, en það kemur í framhaldi af ályktun Búnaðarþings 2014 sem fór fram á að farið yrði af stað í slíka vinnu. Á grundvelli þeirra gagna yrði svo ákveðið hvort heimildarákvæði yrði sett í lög um tímabundna skotveiði á álft og gæs í tilraunaskyni á ræktarlöndum bænda. Jón Baldur Lorange, forstöðumaður Búnaðarstofu, hefur unnið að þessu verkefni í teymi með fulltrúum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Umhverfisstofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Fuglavernd, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landbúnaðarháskólans. Hann segir að þrátt fyrir að seint hafi verið farið af stað með skráningu þá liggi fyrir niðurstöður sem nýtist til að leggja mat á vandann. Hann segir að tilkynningar hafi borist um tjón á um 130 jörðum.



Tjón er aðallega af völdum álfta og grágæsa á Íslandi.

Í um sjö prósent tilvika er um altjón að ræða, það er að viðkomandi akur er allur eyðilagður. Tilkynnt altjón eða verulegt tjón skiptist nokkuð jafnt eftir ræktun, það er þar sem var ræktað gras, grænfóður eða korn. Í um 30 prósenta tilvika er tjónið 25–50 prósent af akrinum. Flestar tilkynningar voru skráðar á Suðurlandi, eða um 40 prósent allra tilkynninga sem voru skráðar á Bændatorginu.

*Álftir og grágæsir skaðvaldarnir*

Að sögn Jóns Baldurs er tjónið aðallega af völdum álfta og grágæsa samkvæmt gögnum bænda, sem búnaðarsambönd yfirfóru, og þar á eftir kemur heiðagæsin. Aðrar gæsategundir eins og blésgæs, margæs og helsingi láta minna að sér kveða. Þá virðist vera mest tjón þar sem er mýrarjarðvegur.

Algengast er að bændur reki fuglinn úr túnum til að bregðast við vandanum, en næstmest er notkun á fuglahræðum. Þegar bændur eru beðnir um að meta hvaða orsakavaldar eru fyrir tjóni fuglanna kemur í daginn að mesta tjón er vegna kornáts í ökrunum, eða í 44 prósenta tilvika, en einungis bæling er talin vera um þrjú prósent af tjóninu. Þá kemur í ljós að mesta tjónið er á ökrum sem standa nálægt vatni. Mun minna er um tjón á túnum en í kornökrum.

Jón Baldur fundaði með Náttúrufræðistofnun í síðasta mánuði í þeim tilgangi að fara yfir þá aðferðafræði og gögn sem liggja nú þegar fyrir. ,,Fundurinn var jákvæður og hafa sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar áhuga á að geta birt gögnin í þeim öflugu landupplýsingakerfum sem þeir hafa yfir að ráða og bera gögnin saman við þá gagnagrunna sem stofnunin hefur byggt upp. Það er mikill fengur fyrir verkefnið að hafa aðgang að sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar, sem búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði,“ segir Jón Baldur. Hann segir að áfram verði opið fyrir rafræna skráningu bænda á Bændatorginu. Það sé síðan í höndum stjórnvalda að vinna aðgerðaráætlun til að bregðast við vandanum svo unnt verði að rækta áfram korn á Íslandi á þeim svæðum sem verst koma út úr þessu. Það sé mikið hagsmunamál fyrir bændur, og landbúnað á Íslandi – og þar með neytendur – að hér verði ræktað korn í enn meiri mæli en nú er.

Samstarfsaðilar að þessu verkefni ætla að boða til opins fundar á næstunni til að kynna niðurstöður, kalla eftir sjónarmiðum og ræða um framhaldið.

*/smh*

Varnir gegn gróðureldum:

## Sinubrennur bara á lögbýlum

**Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.**

Frumvarpið fjallar um sinubrennur og bálkesti og um meðferð elds utan dyra, þar á meðal ýmsar varúðarráðstafanir vegna hættu á gróðureldum. Fjallað er um skyldu hvers og eins til að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds. Sérstaklega er fjallað um sinubrennur og tiltekið að þær séu eingöngu heimilar á lögbýlum þar sem stundaður er landbúnaður og einungis í rökstuddum tilgangi í jarðrækt eða búfjárrækt.

Í frumvarpinu eru ákvæði um meðferð elds á víðavangi, leyfisveitingu vegna sinubrenna og framkvæmd þeirra. Þá er kveðið á um heimild sveitarstjórnar til að afmarka svæði í brunavarnaáætlun þar sem óheimilt verði að brenna sinu vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað. /VH



Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

## Íhuga breytingu á nafni hreppsins

**Hugmyndir eru uppi um að breyta nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem þykir óþjált í notkun.**

„Ég hef skynjað það í samfélaginu hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í þau þrjú ár sem ég hef búið hér og starfað sem sveitarstjóri, að það virðist vera allnokkur áhugi meðal íbúanna á að breyta nafni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hefur metið það svo að full ástæða sé til að kanna hversu mikill sá áhugi er í reynd. Þau nöfn sem fólk nefnir oftast svo ég heyri eru nöfn sem tengjast Þjórsá eins og Þjórsárhreppur, Þjórsársveit og Þjórsárbyggð,“ segir Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þeirra hugmynda að breyta um nafn á sveitarfélaginu.

Ákveðið hefur verið að senda út könnun til allra íbúa 18 ára og eldri. Það verður einfaldlega spurt ,,Viltu að nafni sveitarfélagsins verði breytt ?“ Niðurstöður verða teknar saman í framhaldinu. „ Á næsta sveitarstjórnarfundi þann 1. apríl býst ég við að tekin verði ákvörðun um næstu skref könnunarinnar. Ef lítill eða enginn áhugi reynist fyrir nýju nafni verður núverandi nafn látið standa. Ef niðurstaðan verður hins vegar sú að meirihluti íbúa vilji sjá aðra nafngift á sveitarfélaginu þá reikna ég með að næsta skref verði hugmyndasamkeppni um nýtt nafn. Þegar hugmyndir hafa borist sé ég fyrir mér að við munum biðja íbúa um að kjósa milli þeirra nafna sem algengust verða í þeim potti,“ bætir Kristófer við. /MHH

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
2 manna herbergi 9.000 kr
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is




Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. mars





Ráðstefna um lífrænan úrgang í Gunnarsholti:

# „Sóum minna – nýtum meira“

**„Sóum minna – nýtum meira“ er yfirskrift ráðstefnu sem haldin verður í Gunnarsholti á Rangárvöllum á föstudag í næstu viku, 20. mars. Á ráðstefnunni verður á margvíslegan hátt fjallað um þá möguleika sem felast í nýtingu lífræns úrgangs, m.a. til skógræktar og landgræðslu.**

Markmiðið er ekki aðeins að halda ráðstefnu heldur einnig að leggja grunn að markvissu samstarfi þeirra sem hafa hag af aukinni og bættri nýtingu lífræns úrgangs.

Eiður Guðmundsson verkfræðingur, einn þeirra sem stendur að ráðstefnunni, segir að undirbúningur ráðstefnu um lífrænan úrgang hafi staðið yfir undanfarnar vikur. „Upphafið að þessari ráðstefnu má rekja til tölvupóstssamskipta áhuga- og fagfólks á þessu sviði í byrjun desember og urðu í framhaldi af frétt sem birtist á vef Landgræðslunnar undir yfirskriftinni; Aukin nýting á lífrænum áburði til landgræðslu,“ segir Eiður um tilurð ráðstefnunnar. Fram kemur í þeirri frétt að Sigurður Ingi Jóhannsson auðlindaráðherra hafi sýnt málaflokknum mikinn áhuga og hafi hann veitt Landgræðslunni myndarlegan styrk svo stofnunin gæti fundið hagkvæmar leiðir til að koma úrgangsefnum í nýtanlegt form.

***Meðbyr en lítið að gerast***

„Þessi frétt sem og aðrar slíkar um lífrænan úrgang sem birtust á haustmánuðum 2014 urðu til þess að umræður hófust í þessum hópi um þá staðreynd að þó svo að nýting lífræns úrgangs nyti nokkurs meðbyrs af hálfu stjórnvalda hefði lítið gerst í málaflokknum síðastliðin fimm ár. Við veltum því fyrir okkur hvers vegna svo væri og það þrátt fyrir að mörg áhugaverð verkefni hafi verið unnin um þessi málefni, styrkir veittir til rannsókna og skilgreindar lausnir jafnvel verið á teikniborðinu án þess að leiða til framkvæmda. Niðurstaða okkar varð að þrátt fyrir góðan vilja vantaði samræmi, stefnumótun og samstarf stofnana, stjórnvalda og atvinnulífs um markvissa nýtingu þeirrar auðlindar sem lífrænn úrgangur er,“ segir Eiður.

***Fjallað um nýtingu verðmæta sem felast í lífrænum úrgangi***

Viðfangsefni ráðstefnunnar í Gunnarsholti er nýting þeirra verðmæta sem felast í lífrænum úrgangi. Fjallað verður um hugtökin úrgang og hráefni og farið yfir stöðuna hérlendis, hvaða farvegir eru fyrir lífrænan úrgang og um lausnir sem notaðar eru á ýmsum stöðum á landinu. Rætt verður um lög og reglugerðir í nútíð og framtíð, þróun vinnslutækni og nýtingar, stefnumótun hjá ríki og sveitarfélögum og hver skuli draga vagninn í þessum efnum. Sömuleiðis verða sagðar reynslusögur af ræktun með hjálp lífræns úrgangs, lífrænni ræktun í Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, notkun kjötmjöls í Hekluskógum og landgræðslu með kjötmjöli og gor.

Fyrirlesarar eru úr ýmsum áttum. Nefna má Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing hjá Environice, sem svarar spurningunni um hvers vegna sveitarfélag ætti að velta lífrænum úrgangi fyrir sér, Björn Hafsteinn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir frá nýrri gas- og jarðgerðarstöð á höfuðborgarsvæðinu, Teitur Gunnarsson hjá Mannviti fjallar um vinnslutækni og umhverfisáhrif nýtingar, Elsa Ingjaldsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Guðrún Lind Rúnarsdóttir hjá MAST fjalla um hvað má og má ekki. Einnig ávarpar Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra ráðstefnuna. Sjá nánar í dagskrá ráðstefnunnar.

Aðstandendur ráðstefnunnar eru Sorpurðun Vesturlands, Molta ehf., Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ásamt Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, verður ráðstefnustjóri.

# Leiðrétting

**Í síðasta Bændablaði var greint frá 25 ára afmælishátíð Meistarafélags kjötiðnaðarmanna. Þar voru þrír fyrrverandi formenn félagsins sæmdir gullmerki. Ranglega var farið með nafn eina kvenmannsins í hópnum og hún sögð heita Björg, en að sjálfsögðu hefur hún aldrei heitið annað en Björk Guðbrandsdóttir. Er hún beðin velvirðingar á þessum mistökum.**

Þá misritaðist einnig föðurnafn ritara félagsins í megintexta en hann heitir Magnús Friðbergsson.

Þess má geta að stjórn félagsins hefur kallað eftir fjölgun í hópnum sem nú telur 83 félagsmenn. Greinilega mætti fjölga konum í félaginu, en þar voru einungis fjórar konur skráðar félagsmenn samkvæmt listanum í janúar. Auk Bjarkar Guðbrandsdóttur eru það Bára Hafliðadóttir, Erla Jóna Guðjónsdóttir og Ragnhildur Hrund Jónsdóttir. /HKr.



**Halldór Jökull Ragnarsson, formaður Meistarafélags kjötiðnaðarmanna, sæmir Björk Guðbrandsdóttur gullmerki félagsins.** Mynd / HKr.

## Landsátak í uppbyggingu á ljósleiðara í nýrri skýrslu þingmanna:

# Aðgangur að háhraðaneti skilgreind sem grunnþjónusta

## – Ein mesta bylting í byggðamálum sem Alþingi getur stuðlað að

**Starfshópur innanríkisráðherra kynnti í gær tillögur til úrbóta í fjarskiptamálum**

Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða“ er yfirskrift skýrslunnar. Þar er um að ræða útfærslu á markmiðum um byggðamál í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. maí 2013.

Í skýrslu starfshópsins eru jafnframt settar fram tillögur til ráðherra um leiðir til átaks sem ná mun til allra landsvæða um eflingu fjarskipta.

Hópnum var falið að skoða mögulega útfærslu á alþjónustukvöðum í fjarskiptum er varða aðgang almennings og fyrirtækja að gagnaflutningssamböndum og að tillögum til útbóta í breiðbandi, svo þær stuðli sem best að settum markmiðum fjarskiptaáætlunar og ríkisstjórnarinnar. Skýrsla starfshópsins var formlega afhent innanríkisráðherra 11. mars. Hugmyndin er að efni skýrslunnar verði undirstaða nýrrar fjarskiptaáætlunar 2015–2026.

Tillögur starfshópsins grundvallast af umfangsmikilli gagnaöflun og greiningarvinnu sem hófst um mitt síðasta ár. Megintillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- Aðgangur að háhraða fjarskiptatengingu verði grunnþjónusta sem standi öllum landsmönnum til boða, óháð búsetu.
- Alþjónustumarkmið, eða markmið í anda alþjónustu, verði sett sem 100 Mb/s (breiðband) frá árinu 2020, ásamt tilheyrandi gæðaviðmiðum.
- Skilgreint verði átaksverkefni á landsvísu til sex ára (2015–2020) um uppbyggingu á ljósleiðaraaðgangsnetum á markaðsbrestsvæðum.

Markmið fyrsta hluta átaksverkefnisins 2015–2020 er að tryggja öllum landsmönnum breiðband (100 Mb/s).

Í ljósi þess að réttur til háhraðanettengingar samkvæmt alþjónustu er ekki fortakslaus með tilliti til kostnaðar er ekki víst að hægt sé að tryggja breiðband til allra lögheimila með heilsársbúsetu sem í dag búa við markaðsbrest, það er á svæðum þar sem fjarskiptafyrirtækin munu ekki að óbreyttu, leggja ný þráðbundin aðgangsnet á markaðslegum forsendum. Öllum verður engu að síður tryggt nothæft netsamband og verði það m.a. hlutverk Fjarskiptasjóðs.

***Nær til 80% af láglendi í byggð***

Átaksverkefnið nær til um 80% af láglendi í byggð. Tillögurnar byggja á að grófhannað var ljósleiðarakerfi fyrir þá staði sem ekki hafa aðgang að ljósneti eða ljósleiðarakerfum í dag.

***Heildarkostnaður 5–6 milljarðar,***

Samkvæmt kostnaðarmati sem verkfræðifyrirtæki vann fyrir fjarskiptasjóð er heildarstofnkostnaður við þá uppbyggingu breiðbands 5,1–6,7 milljarðar króna á núverandi markaðsbrestssvæðum.

Starfshópurinn greindi þrjár meginleiðir, til að takast við þetta verk og leggur til að farin verði svonefnd samstarfsleið. Leiðin byggir á samvinnu við heimamenn á hverjum stað þannig að sveitarfélög og ríkið ákveða í sameiningu forsendur forgangsröðunar framkvæmda með hliðsjón af þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2014–2017 og innviðamarkmiðum fjarskiptaáætlunar.



**Skýrsluhöfundar, Haraldur Benediktsson og Páll Jóhann Pálsson, með skýrsluna sem afhent hefur verið iðnaðarráðherra.** /HKr.

Forsvarsmenn áhugasamra sveitarfélaga taki þátt í undirbúningi verkefna sem liggja innan þeirra marka, auk þess að bera ábyrgð á ýmsum þáttum undirbúnings sem stuðla að hagkvæmni og sátt um framkvæmdir gagnvart íbúum og landeigendum.

***250 þúsund krónur á heimili***

Í forsendum starfshópsins er gert ráð fyrir að innheimta tengigjöld – 250.000 af hverju tengdu heimili og að framtíðartekjur af hverri tengingu komi til lækkunar á kostnaði. Hverju sveitarfélagi er eðlilega heimilt að greiða stofnframlagið að hluta eða að fullu. Beint framlag ríkisins er áætlað 3–4 milljarðar króna í sjálfstæði framkvæmd. Hraði framkvæmda ræðst af fjárveitingum.

***Samlegð með öðrum veitum***

Verið er að meta samlegð með öðrum veituframkvæmdum á landsvísu sem mun stuðla að lækkun kostnaðar. En verulegir kostir eru til lækkunar kostnaðar með því að samnýta aðra veituframkvæmdir.

***Bylting í byggðamálum***

Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður starfshópsins, segir að það sé vissulega metnaðarfullt að leggja fram þá tillögu að breiðbandstenging verði hluti af grunnþjónustu allra landsmanna 2020.

„Í raun færir það landsmönnum mikil sóknarfæri. Ef af landsátakinu verður, er hér á ferðinni ein mesta bylting í byggðamálum sem Alþingi getur stuðlað að. Ég þekki það ekki síst af starfinu á vettvangi Bændasamtakanna að óbreytt ástand er óviðunandi fyrir flestar sveitir landsins. Fátt mun breyta meira um nýja sóknarmöguleika allra byggða. Ég vek ekki síst athygli á því að verkið nær til allra landshluta – það eru til dæmis um 65 tengistaðir í Reykjavík þarna undir. Við getum talað um nýja tíma í svo mörgum málum – atvinnumálum, byggðamálum, opinberri þjónustu, framboði á námi og búsetuskilyrði.

Það er grundvallaratriði fyrir fyrirtæki að fá gott netsamband til að tryggja samkeppnishæfni sína. Fyrir heimilin og héruð sem stórbæta búsetuskilyrði. Fyrir fjarskiptamarkaðinn sem þarna fær tækifæri til að gjörbreyta þjónustuframboði sínu og fyrir neytendur sem geta þá valið fjarskiptaþjónustu af bestu gæðum sem þeim hentar. Landsátakið á sér líka fleiri hliðar eins og bætt rekstraröryggi fjarskipta, og annara innviða eins raforkukerfis, og ekki síst möguleika á að byggja enn frekar undir útbreiðslu á farnetinu – sem ekki síst bætir öryggi vegfarenda. Skapar nýja möguleika í ferðaþjónustu svo dæmi sé nefnt. Í raun held ég að enginn geti í raun spáð fyrir um allar þær breytingar sem slíkt átak og ákvörðun getur haft í för með sér – verði tillögur okkar að veruleika.“

***Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum sérstakt verkefni***

Ítrekuð vandræði í fjarskiptum á Vestfjörðum á undanförnum árum hafa mjög verið gagnrýnd. Þar hefur ljósleiðaratenging t.d. oft dottið út í tíðum rafmagnstruflunum. Sá ljósleiðari hefur því endastöð á norðanverðum Vestfjörðum. Til að koma í veg fyrir að allt svæðið verði mögulega sambandslaust í einu vegna rafmagnstruflana í framtíðinni, er fyrirhugað að ráðast í hringtengingu ljósleiðarans um Ísafjarðardjúp. Það verður fjármagnað sem sérstakt verkefni. Haraldur segir að þer hringtengingar sem síðan þurfi að ráðast í víðar um land verði hins vegar hluti af landsátakinu.

***Bjartsýnn á góðar undirtektir***

*– Ertu bjartsýnn á að þessum nýju tillögum starfshópsins verði vel tekið og hrint í framkvæmd?*

„Já, við erum bjartsýn á að þeim verði vel tekið og að viðbrögð við tillögum okkar muni leiða það í ljós. Það mun örugglega ekki öllum líka þær, en þær breyta talsvert miklu fyrir mjög marga.

Fyrsta spurning er oftast; hvað með þá sem þegar hafa fjárfest? Við gerum ekki tillögu um að koma til móts við þá aðila, enda tóku þeir ákvörðun á öðrum forsendum. Umræðan verður síðan að leiða í ljós hvernig það fer – en ég minni á að þau svæði sem hafa fjárfest eiga í sínum fjarskiptakerfum mikil verðmæti.

Meginmálið er þó að við horfum til tækifæranna. Ég tel að óbreyttu ástandi að hætta sé á að hér myndist einhvers konar fjarskiptaeyjar, sem verði út leið sóun á fjármunum og ekki síst að veikari svæðin sitji hreinlega eftir. Ég hlakka til umræðunnar og ekki síst að fá tækifæri til að fylgja tillögum okkar eftir í þeirri umræðu. Við byggjum þær á mjög ítarlegum greiningum sem fjarskiptasjóður lét gera og ekki síst á greiningum Póst- og fjarskiptastofnunar á regluverki fjarskiptamarkaðarins. Það er ekki einfalt en í því liggja líka tækifæri,“ segir Haraldur Benediktsson.

/HKr.

# Fljótandi áburður Yara Vita




## Yara Vita Brassitrel Pro

Yara Vita Brassitrel Pro er fljótandi áburður sem inniheldur gott jafnvægi nauðsynlegra næringarefna og hentar sérstaklega vel í ræktun á grænmeti. Auðvelt að mæla og blanda í dreifara. Hreinleiki frumefnanna sem notuð eru í Brassitrel Pro gera það að verkum að öruggara er að dreifa honum og tryggir það einnig gæði afurða.
Hröð upptaka og langvirk áhrif. Má blanda með áburðarefnum, illgresis- og sveppavarnarefnum.

### Notkun fyrir repju, gulrætur, rófur og grænmeti:

3-4 L/ha blandað í 200 L af vatni á hektara.

Pakkning 10 L

**Innihald:**

| | |
|---|---|
| 20% | Köfnunarefni (N) |
| 3,5% | Fosfór (P) |
| 11,6% | Kalí (K) |
| 5% | Brennisteinn (S) |
| 1,2% | Magnesíum (Mg) |
| 0,04% | Bór (B) |
| 0,2% | Kopar (Cu) |
| 0,02% | Járn (Fe) |
| 0,26% | Mangan (Mn) |
| 0,006% | Molybden (Mo) |
| 0,14% | Sink (Zn) |

## Yara Vita Solatrel

Yara Vita Solatrel er fljótandi áburður fyrir kartöflur, gulrætur og annað grænmeti. Solatrel eykur uppskeru og stærð kartaflna, auk þess að viðhalda gæðum.
Auðvelt að mæla og blanda í dreifara. Má blanda með áburðarefnum, illgresis- og sveppavarnarefnum.

### Notkun fyrir kartöflur:

Til að auka uppskeru: 10 L/ha þegar kartöflur eru settar niður.
Til að auka stærð: 10 L/ha við upphaf hnýðisvaxtar (þegar þvermál er um 10 mm).
Blandist með 200 L af vatni á hektara.

### Notkun fyrir gulrætur, kál og annað grænmeti:

5 L/ha blandað í 200 L af vatni, með 10-14 daga millibili.

Pakkning 10 L

**Innihald:**

| | |
|---|---|
| 13% | Fosfór (P) |
| 4,2% | Kalí (K) |
| 2,7% | Magnesíum (Mg) |
| 0,7% | Kalk (Ca) |
| 0,7% | Mangan (Mn) |
| 0,3% | Sink (Zn) |







## Yara Vita Gramitrel

Yara Vita Gramitrel er sterkur fljótandi áburður sem inniheldur öll nauðsynleg næringarefni í góðu jafnvægi fyrir korn.
Auðvelt að mæla og blanda í dreifara. Má blanda með áburðarefnum, illgresis og sveppavarnarefnum.

### Notkun fyrir korn:

1-2 L/ha blandað með 200 L af vatni, eftir að það eru komin blöð á plöntuna.

Pakkning 10 L

**Innihald:**

| | |
|---|---|
| 3,9% | Köfnunarefni (N) |
| 9,1% | Magnesíum (Mg) |
| 3,0% | Kopar (Cu) |
| 9,1% | Mangan (Mn) |
| 4,9% | Sink (Zn) |

## Yara Vita Croplift

Yara Vita Croplift er í duftformi og blandast í vatn. Croplift inniheldur köfnunarefni, fosfór og kalí, en einnig brennistein, magnesíum og snefilefni.
Croplift er hannað til að bæta upp skort á þeim næringarefnum sem algengt er að vanti í jarðveginn. Tryggir plöntum næringarefni á örum vaxtartíma eða á þeim tíma sem þörfin er mest (í upphafi sprettu hjá korni og repju eða á erfiðasta vaxtarskeiði kartaflna).

### Notkun:

2,5-5 kg/ha í 200 L af vatni þegar komin eru blöð á plöntuna.

Pakkning 5 kg

**Innihald:**

| | |
|---|---|
| 20% | Köfnunarefni (N) |
| 3,5% | Fosfór (P) |
| 11,6% | Kalí (K) |
| 5% | Brennisteinn (S) |
| 1,2% | Magnesíum (Mg) |
| 0,04% | Bór (B) |
| 0,2% | Kopar (Cu) |
| 0,02% | Járn (Fe) |
| 0,26% | Mangan (Mn) |
| 0,006% | Molybden (Mo) |
| 0,14% | Sink (Zn) |




# Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

# STEKKUR



## Hulin skilaboð í tónlist

**Umræðuefni mitt að þessu sinni er ekki nýtt en sjálfur hef ég alltaf jafn gaman af því og læt því vaða.**

Sterkir trúarmenn margra trúarbragða hafa oft haldið því fram að finna megi hulin skilaboð í hljómsveitarnöfnum, textum og á plötuumslögum rokktónlistarmanna.

Til dæmis á nafn glansrokk-hljómsveitarinnar Kiss að standa fyrir Knights in Satan's Service og ef ákveðnir hlutar af gömlum hljómplötum með Led Zeppelin eða Black Sabbath eru spilaðir aftur á bak á að heyrast flutningur á mögnuðum djöflamessum. Því miður er til fólk sem trúir svona löguðu og stundum hefur trúin leitt til þess að hljómplötur hafa verið bannaðar eða brenndar í stórum stíl.

Fólk virðist reyndar til í að trúa hverju sem er því til eru ótal sögur um hulin skilaboð sem tengjast útgáfu hljómplatna og geisladiska. Rifjum nokkrar upp.

Skömmu eftir að poppgoðið Michael Jackson gaf út Thriller komst sú saga á kreik að sjö fyrstu tölurnar í strikamerkjanúmeri umslagsins væru símanúmer kappans. Það eina sem aðdáendur þurftu að gera var að finna rétt svæðisnúmer og þá myndi Michael taka upp tólið þegar þeir hringdu.

### *Lucy in the Sky of Diamonds*

Því hefur lengi verið haldið fram að John Lennon hafi gefið laginu Lucy in the Sky of Diamonds nafn sitt vegna þess að hægt var að skammstafa það LSD. Lennon neitaði því og hélt því staðfastlega fram að hann hefði fengið hugmyndina að nafninu þegar sonur hans sýndi honum mynd sem hann teiknaði í leikskóla. Teikningin var af konu sem barnið sagði að héti Lucy og sveif á himni innan um marglita gimsteina.

Það er aftur á móti satt að ein elsta beinagrind af manni, eða öllu heldur konu, sem fundist hefur heitir Lucy vegna þess að mannfræðingarnir sem grófu hana upp voru að hlusta á lagið Lucy in the Sky of Diamonds í útvarpinu þegar þeir fundu beinagrindina.

Í lokin er rétt að minnast þess að skömmu fyrir 1970 trúðu margir því að Paul McCartney hefði látist í bílslysi þrátt fyrir að orðróminum væri staðfastlega neitað. Aðdáendur Bítlanna sáu sannanir úti um allt. Paul er til dæmis sá eini af Bítlunum sem er með lokuð augu og berfættur á myndinni sem prýðir umslagið á Abbey Road. Hann gengur ekki í takt við hina og heldur á sígarettunni í hægri hendi en ekki þeirri vinstri, Paul er örvhentur. Menn voru vissir um að þetta væri ekki Paul á myndinni heldur staðgengill hans og það sem meira var, einhver hafði lagt líkbíl við götuna. /VH

Landbúnaðarverðlaunin 2015:

# Efstidalur II í Bláskógabyggð og Brúsastaðir í Vatnsdal hlutu landbúnaðarverðlaunin

**Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra afhenti landbúnaðarverðlaunin 2015 á setningarhátíð Búnaðarþings. Að þessu sinni hlutu Brúsastaðir í Vatnsdal og Efstidalur II í Bláskógabyggð verðlaunin. Er þetta 19. árið sem verðlaunin eru afhent.**

Við afhendingu verðlaunanna sagði Sigurður Ingi meðal annars: „Verðlaunin voru í upphafi hugsuð sem viðurkenning til aðila sem á einn eða annan hátt tengjast íslenskum landbúnaði og hafa sýnt með verkum sínum áræðni og dugnað, þannig að þau eru til fyrirmyndar. Í anda þessa hefur síðan verið unnið. Þau má túlka sem þakklætis- og virðingarvott frá landbúnaðarráðherra til landbúnaðarins, þeirrar atvinnugreinar sem svo margir byggja afkomu síðan á. Beint eða óbeint."

### *Fjölmargir eiga verðlaunin skilið*

„Val á verðlaunaþegum hefur í senn verið auðvelt en einnig nokkuð snúið, fjölmargir eiga verðlaunin skilið en fáir útvaldir í hvert skipti. Þrátt fyrir þetta hefur þannig til tekist að allir hafa verið sammála um að viðkomandi verðlaunaþegar eigi viðurkenninguna sannarlega skilið.

Um allt land eru starfandi duglegir og metnaðarfullir bændur sem sinna búum sínum, af hvaða toga svo sem þau eru af miklum myndarskap, jafnt hvað umhirðu og góðan árangur búgreinarinnar varðar en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásýnd búsins varðar. Eftir því er tekið.

Íslenskur landbúnaður er fjölbreyttur og íslensk bændastétt þess verðug að henni sé sómi sýndur.

Hjónunum á Brúsastöðum, Gróu Margréti Lárusdóttur og Sigurði Eggerz Ólafssyni og hjónunum í Efstadal II, Björgu Ingvarsdóttur og Snæbirni Sigurðssyni, eru veitt landbúnaðarverðlaunin 2015."



Sigurður Eggerz Ólafsson og Gróa Margréti Lárusdóttur á Brúsastöðum hlutu Landbúnaðarverðlaun 2015 fyrir góðan árangur í mjólkurframleiðslu. Myndir / HKr.



Snæbjörn Sigurðsson og Björg Ingvarsdóttr í Efstadal II hlutu landbúnaðarverðlaun 2015 fyrir uppbyggingu á sínu fjölþætta fjölskyldubúi sem hefur líka verið ört vaxandi í ferðaþjónustu.

### *Brúsastaðir í Vatnsdal*

Búskapurinn á Brúsastöðum hefur ár eftir ár verið í fremstu röð hvað varðar mjólkurframleiðslu og á síðasta ári var búið með hæstu meðalafurðir landsins. Skiluðu kýrnar að jafnaði um 7.900 kílóum af mjólk eða í heildina um 390 þúsund kíló.

### *Efstidalur 2 í Laugardal*

Búið er með 40 kýr og á annað hundrað nautgripi og um 40 hross. Búskapurinn í Efstadal II er þannig margvíslegur, hrossarækt, kúabúskapur, fjölbreytt ferðaþjónusta og heimavinnsla matvæla. Slíkur rekstur krefst aukins mannafla og gefur möguleika á mildum kynslóðaskiptum þar sem allir hafa hlutverk og tekjur af búrekstrinum.

Verðlaunagripirnir í ár eru hannaðir og unnir af listakonunni Sigríði Helgu Olgeirsdóttur. Steinleirsskúlptúr á stöpli úr íslensku birki. /VH

Atvinnusköpun á Stykkishólmi:

# Aukin virðissköpun og nýting stórþörunga

**Stykkishólmsbær, írska fyrirtækið Marigot Ltd., sem á Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal, og Matís ohf. hafa undirritað samkomulag sem hefur að markmiði að samþætta samstarf þessara aðila í tengslum við nýtt verkefni sem nú er í undirbúningi.**

Verkefnið lýtur að aukinni virðissköpun með frekari nýtingu stórþörunga við Breiðafjörð í nýju iðnfyrirtæki, Deltagen Iceland ehf., sem áætlar að reisa verksmiðju í Stykkishólmi. Gangi þær áætlanir eftir má gera ráð fyrir að starfsemi Deltagen Iceland með 15 nýjum heilsársstörfum hefjist á síðari hluta árs 2016.

### *Marigot hefur keypt 60% í Marimox*

Marigot hefur keypt 60% hlut í vinnsluhluta starfsemi nýsköpunarfyrirtækisins Marinox ehf. sem var alfarið í eigu Matís og tveggja lykilstjórnenda þar. Um er að ræða þann hluta fyrirtækisins sem heldur utan um rannsóknir og vinnslu verðmætra hráefna úr hafinu, þang og þara.



Beltisþari. Mynd Símon Sturluson.

### *Hyggja á náið samstarf*

Í fréttatilkynningu vegna samkomulagsins segir að með því sé ætlunin að örva samþættingu samstarfsaðilanna og stuðla að nýjum tækifærum á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar í sveitarfélaginu á grundvelli vísindastarfs og þarfa iðnaðarins. Gangi allar áætlanir eftir mun Deltagen Iceland reisa og reka nýja verksmiðju í Stykkishólmi þar sem unnir verða hágæða þörungakjarnar til útflutnings, ekki síst á grundvelli nýsköpunar og víðtækrar þekkingar vísindamanna Matís. /VH


Stálgrindarhús
og samlokueiningar
Astron stálgrindarhús, heildarlausn
fyrir íslenskar aðstæður.
Erum einnig með vandaðar samlokueiningar.
Eigum báru á þök og veggi úr Aluzinki
og áli í mörgum litum.
Snögg og góð afgreiðsla.
Ál er okkar mál
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is
ÁLTAK


Landsbankinn
er öflugur
samstarfsaðili
Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi. Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og er traustur bakhjarl og samstarfsaðili.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000


Norðmaðurinn Evan Ramsvik bar sigur úr býtum í kokkakeppninni.

### Food and Fun haldin í 14. sinn:

# Evan Ramsvik, gestakokkur á Dill Restaurant, sigraði í kokkakeppninni

Matarhátíðin Food and Fun 2015 var haldin dagana 25. febrúar til 1. mars. Þetta var í 14. sinn sem hátíðin er haldin og tóku 20 veitingahús þátt að þessu sinni sem er met.

Þátttakendalisti erlendu gestamatreiðslumannanna var nú sem áður stjörnum prýddur, en þeir settu hver um sig saman einn matseðil með alíslensku hráefni fyrir sinn gestaveitingastað – og var hann í gildi alla dagana.

Líkt og í fyrra var matreiðslukeppni gestaþátttakenda í Hörpu hápunktur hátíðarinnar. Hún fór fram 1. mars og þá kepptu matreiðslumeistararnir erlendu í matreiðslu á þriggja rétta máltíð sem hafði verð sett saman, eingöngu úr íslensku hráefni. Dagana fram að lokakeppninni var dómnefnd að störfum og valdi bestu matreiðslumennina til að keppa í Hörpu.

Nokkrir veitingastaðir sem tóku þátt í Food and Fun gáfu gestum smakk úr eldhúsum sínum á meðan kokkakeppnin fór fram. */smh*


Í matreiðsluteymi Evan Ramsvik var Gunnar Karl Gíslason, yfirmatreiðslumeistari og eigandi Dill Restaurant.


Finninn Heikki Liekola frá Sjávargrillinu varð annar í kokkakeppninni.


Þessir kepptu til úrslita í kokkakeppninni. Þrír gestakokkar og aðstoðarmenn þeirra.



Samhliða kokkakeppninni fór fram Reyka vodka kokteilkeppni. Andrea Benediktsdóttir frá Grillinu á Hótel Sögu sigraði þar með drykk með Reyka vodka, túrmerik og cumin, engifer sýrópi og cider. Andrea er fjærst á myndinni.


Daninn Mark Lundgaard varð þriðji í kokkakeppninni en hann var gestakokkur á Gallery Restaurant á Hótel Holti.



Fjórar æfðar hendur í sushigerð frá Sushi Samba.


Túnfiskur úr Apoteki.




Steikhúsið bauð upp á gómsætar bragðprufur af hrefnu og túnfisk.


Gefið að smakka úr eldhúsi Apoteksins.


Frá Vox kom mesta úrvalið. Margvíslegir gómsætir smáréttir, allt frá fiskisúpu til Tiramisu.



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




$CO_2$ 129g/km

5,1 l/100km

610 l / 1740 l

Nýi **ŠKODA Octavia Scout 4x4** hefur ótal kosti eins og sönnum skáta sæmir. Skynvætt fjórhjóladrif, háþróaðir öryggiseiginleikar og einstakt veggrip gefur þér framúrskarandi stjórn á bílnum. Það fer vel um farþegana og 610 lítra farangursrýmið tekur léttilega við öllum búnaðinum fyrir ævintýraferðina. Þannig er ŠKODA Octavia Scout.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**



„Búfræðingar verða að kunna allt," segir Sigurður sposkur, en hann er einmitt búfræðingur og hefur að mestu unnið sjálfur við lagfæringar í Sveinbjarnargerði. Hér er hann framan við Sveitahótelið, tilbúinn í að moka frá heimreiðinni. Myndir / MÞÞ

Sigurður Jóhannsson keypti Sveitahótelið í Sveinbjarnargerði:

# Draumur búfræðingsins orðinn að veruleika

## – Ferðamenn eru mitt búfé

**„Það er nauðsynlegt að breyta til í lífinu af og til, takast á við eitthvað annað en maður er vanur og finna að maður fyllist við það nýjum krafti," segir Sigurður Jóhannsson, nýr eigandi að Sveitahótelinu í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd.**

Sigurður og Auður Björk Jakobsdóttir, eiginkona hans, keyptu hótelið um miðjan janúar á þessu ári af Byggðastofnun. Þau hafa unnið við endurbætur og lagfæringar og eru á síðustu metrunum um þessar mundir, tilbúinn í slaginn fyrir komandi ferðamannatíð í sumar.

### *„Mjólkar túristana"*

Sigurður hefur undanfarin tíu ár rekið ásamt fleirum tvo vinsæla veitingastaði á Akureyri, Strikið og Bryggjuna. Hann er menntaður framreiðslumaður og hefur lengi starfað á þeim vettvangi, en hann lauk einnig búfræðinámi frá Hvanneyri og stefndi í eina tíð að því að verða bóndi. „Mér hefur alltaf liðið vel í sveitinni og er alsæll með að vera kominn hingað í sveitasæluna," segir hann. Og grínast með að ferðamenn séu hans búfé, „ég er bara í því að mjólka túristana, það er enginn kvóti í þeirri grein."

### *Lærði búfræði*

Móðurfjölskylda Sigurðar er frá Stórhamri í Eyjafjarðarsveit og þar var hann á æskuárum í sveit öll sumur. „Það má raunar segja að annað heimili okkar systkina hafi verið á Stórhamri, ég fékk snemma áhuga fyrir öllu því sem tengist landbúnaði og störfum í sveit," segir hann. Föðurafi hans og nafni, Sigurður Karlsson, var á sínum tíma bústjóri á Hólum, hann var óþreytandi að fræða drenginn um landbúnaðarmálin. „Ég var mikið með honum og allt hans líf snerist um þessi mál, þannig að þetta síaðist fljótt inn," segir Sigurður. Hann byrjaði þó á að læra til þjóns og starfaði á þeim vettvangi suður í Reykjavík um tíma, en lét draum sinn um búfræðinámið rætast og stefndi ótrauður að því að hefja búskap. Af því varð þó ekki, enda segir hann aðstæður í landbúnaði ekki hafa boðið upp á mikla nýliðun þegar hugur hans var hvað mestur.



Veitingasalurinn hefur fengið andlitslyftingu, m.a. er búið að kaupa ný borð og stóla og létta yfirbragðið.



Sigurður í einu af herbergjum hótelsins. Alls eru 52 rúmgóð og vel búin herbergi á Sveitahótelinu í Sveinbjarnargerði, öll með baðherbergi.

### *Að hrökkva eða stökkva*

Sigurður starfaði eftir búfræðinámið á Stórhamri, en skellti sér aftur í veitingageirann og hefur sem fyrr segir rekið í félagi við aðra vinsæla veitingastaði á Akureyri. „Það gekk mjög vel hjá okkur og ekki yfir neinu að kvarta, en ég var búinn að vera í þessum rekstri í tíu ár og var aðeins farinn að velta fyrir mér að skipta um. Það var kominn í mig einhver fiðringur, mig langaði að breyta til. Þegar þær aðstæður sköpuðust í byrjun árs að ég hafði tækifæri á að kaupa rekstur Sveitahótelsins í Sveinbjarnargerði fannst mér ég ekki geta sleppt því. Ég hugsaði málið skamma stund og komst að þeirri niðurstöðu að hollt væri að takast á við nýja áskorun í lífinu eftir áratug á sama stað. Það var annaðhvort að hrökkva eða stökkva og ég valdi að stökkva fremur en að líta ef til vill til baka síðar meir með eftirsjá eftir horfnu tækifæri," segir hann.

Um miðjan janúar fékk Sigurður lyklavöld í Sveinbjarnargerði og hófst þá þegar handa við lagfæringar og endurbætur. „Ég fór yfir allt og skipulagði hvernig best væri að standa að þessu verki, hvað nauðsynlega þyrfti að gera strax og hvað mætti bíða. Svo hófst ég handa, hef mest verið einn í þessu, verið að dunda mér hér í sveitasælunni og haft mjög gaman af," segir hann.

### *Stefnum á að auka veitingareksturinn*

Alls eru 52 rúmgóð og vel útbúin herbergi á Sveitahótelinu, öll með baðherbergi. Rúmgott anddyri er framan við veitingasal sem tekur um 110 manns í sæti. Pallur er framan við hótelið þar sem gestir geta notið útsýnis um Eyjafjörð. Þá er fundaraðstaða einnig í boði. Salur framan við veitingaaðstöðu hefur fengið andlitslyftingu og sama má segja um matsalinn sjálfan, en m.a. var borðum og stólum skipt út þannig að eftir breytingar er yfirbragðið léttara en var. Þá var eldhúsið endurskipulagt og algjörlega tekið í gegn. Menntaður matreiðslumaður var ráðinn til starfa, enda er stefnan að auka við í veitingarekstrinum og verður veitingastaðurinn opinn fyrir almenning alla daga frá og með komandi sumri. „Við bjóðum upp á mat fyrir okkar gesti en munum einnig hafa opið fyrir alla þá sem kjósa að eiga góða stund hér í sveitinni, hvort heldur sem er með kaffibolla í hönd úti á palli eða njóta annarra veitinga," segir Sigurður, en m.a. mun staðurinn bjóða upp á hlaðborð í allt sumar fyrir gesti og gangandi.



Sigurður Jóhannsson, eigandi Sveitahótelsins í Sveinbjarnargerði, hefur undanfarnar vikur unnið að lagfæringum og endurbótum og er klár í komandi ferðamannatíð sumarsins. Hér er hann í sal framan við veitingasalinn, en þar stendur yfir sýning á verkum Samúels Jóhannssonar.

### *Veturinn mun stækka sjálfkrafa*

Sumarið fram undan lítur mjög vel út og segir Sigurður að nánast sé fullbókað fram á haust. Hann er í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda. „Það er svo alltaf reytingur yfir veturinn, það voru hér tveir hópar um daginn, fólk í norðurljósaferð, en slíkar ferðir njóta æ meiri vinsælda. Þá er fólk líka á ferðinni utan háannatíma í ýmsum erindagjörðum, skíðaferðum, leikhús- eða menningarferðum og eins tel ég að ótal tækifæri séu fyrir hendi varðandi það að selja íslenskan vetur. Hann er ágætis söluvara og ég held að á næstu árum muni vetrarferðir útlendinga aukast mjög, veturinn á sjálfkrafa eftir að stækka," segir Sigurður.

„Ég er bjartsýnn og tel að þetta muni ganga prýðilega, sumarið lofar góðu og ferðamannastraumur hingað til lands eykst ár frá ári, þannig að það er ekki ástæða til annars en að vera bara nokkuð brattur," segir Sigurður.

/MÞÞ






# Kjarni málsins
# Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða

gluggar@kjarnagluggar.is





Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800

kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN


# Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 26. mars


# Artoficeland.is

Listaverk úr náttúru Íslands



Fæst meðal annars hjá:
The Viking Akureyri
Upplifun Hörpunni
Ísbirninum Laugarveg
Galleri Alþýðulist Varmahlíð Skagafirði
Rammagerðin Hafnarstræti Reykjavík
Gestastofan Þorvaldseyri

Artoficeland.is
sala@artoficeland.is
Sími 8631626



limtrevirnet.is



# Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunaþolin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

**Ráðgjöf til viðskiptavina**
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.


Fjós


Vélaskemma


Hesthús

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is



PM

# Bílkranar

Fjölbreytt úrval krana til margvíslegra nota ásamt úrvali af aukabúnaði




Leitið upplýsinga!

RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Fréttaskýring

## Evran komin á útsölu í evrópskum bönkum og lántakendum borgað fyrir viðskiptin:

# Grikkir sagðir að verða tilbúnir með endurupptöku á drachma-myntinni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Grísk yfirvöld virðast með samningum við ESB á dögunum um framlengingu á lánapakka sínum fram á sumar fyrst og fremst hafa verið að kaupa sér tíma. Fullyrt er að þegar sé búið að hanna nýja drachma-seðla svo Grikkir virðast ætla að verða reiðubúnir í júní til að taka upp eigin mynt í stað evru ef á þarf að halda.**

Ambrose Evans-Pritchard í Aþenu ritaði grein um málið í breska blaðið The Telegraph á dögunum. Þar kemur fram að 50 drachma-seðillinn sé grænn að lit og skreyttur mynd af marxistanum Cornelius Castoriadis, sem var heimspekingur og svarinn andstæðingur einkavæðingar. Nóbelsskáldið Odysseus Elytis prýðir svo 200 drachma-seðilinn. Verða seðlarnir allt upp í 10.000 drögmur sem Evans-Pritchard telur viturlegt í ljósi þess umróts sem orðið getur þegar gríska hagkerfið fer að brjótast undan áhrifum evrunnar. Reyndar hafa gagnrýnendur Grikkja dregið þessar fregnir í efa og sagt hönnunina á þessum seðlum einungis vera leikaraskap hönnuðarins Pavlos Vatikiotis.

Á vefsíðu GoldeCore.com er greint frá miklum gullkaupum Grikkja sem reyni þannig að tryggja sína stöðu vegna óvissunnar í gjaldeyrirmálum. Þar er líka talað af mikilli staðfestu um nýju drachma-seðlana. Þar er greint frá vangaveltum fjármálaspekinga í Evrópu sem fullyrða að Grikkir séu nú á fullu við að undirbúa endurupptöku drachma-myntarinnar. Hönnun nýrra seðla sé klár og aðeins sé beðið eftir skipun um að setja prentvélarnar í gang. Í breska blaðinu The Guardian var reyndar greint frá því í síðasta mánuði að Grikkir hafi dregið evruinnstæður sínar úr grískum bönkum í stórum stíl nú í ársbyrjun.

Hvort sem Grikkir taka upp sína drachma-mynt að nýju eða ekki er ljóst að afleiðingin af því að gríska ríkið var sett í ábyrgð af kröfu ESB fyrir skuldum banka og fjárfesta hefur haft skelfilegar afleiðingar fyrir Grikki. Stórir hópar fólks hafa nú nær ekkert sér til lífsviðurværis og verða að hírast við slæmar aðstæður og án þess að hafa einu sinni aðgengi að rafmagni. Endurreisn rafmagnsmálanna í landinu er reyndar eitt af forgangsmálum ríkisstjórnar Syriza-flokksins.





### *Skuldavandinn hefur stórskaðað almenning í Grikklandi*

Presturinn Nicolaos í St. Fanourios-sókninni, sem er í verkamannahverfi Aþenuborgar, segir að Grikkir hafi enga aðra möguleika en að berjast fyrir tilverurétti sínum. Grikkir hafi tekið á sig mikil áföll vegna efnahagskrísunnar og Evrópusambandið verði að gera slíkt hið sama. Hann segir ástandið versna með hverjum degi og börn þurfi að lifa á því sem þau finna í ruslinu. Kirkjan sé að verða uppiskroppa með mat til að gefa fátækum.

Það er mikið í húfi fyrir Evrópusambandið að halda Grikkjum við efnið við að uppfylla skilyrði „efnahagsbjörgunarpakka ESB“. Ef allt fer á versta veg frá sjónarhóli lánveitenda gæti það hæglega kostað þá 300 milljarða evra sem hefði gríðarleg áhrif á evruna sem slíka. Seðlabanki Evrópu hóf um síðustu mánaðamót umfangsmikla prentun á innistæðulausum evrum sem einungis hafa tryggingu í pappírum sem skuldbinda almenning evruríkjunum. Gefa á út 1,14 billjónir evra á nítján mánuðum sem dælt verður út í hagkerfið í því augnamiði að koma hjólum atvinnulífsins og verðbólgu í gang á nýjan leik. Þessir peningar renna nú til banka um allt evrusvæðið.

### *Evran á útsölu – danskir bankar lána á neikvæðum vöxtum*

Evran er komin á útsölu í evrópskum bönkum og hafa t.d. danskir bankar verið að greiða með lánum til lántakenda í formi neikvæðra vaxta. Fyrst var byrjað á þessu árið 2012. BBC greindi frá því á dögunum að vangaveltur séu nú um að Danir íhugi að hætta að fastbinda dönsku krónuna við evru, líkt og Svisslendingar með sína mynt. Danskir bankar hafi nú lækkað vexti úr mínus 0,2% í mínus 0,5%. Með öðrum orðum að þeir borga lántakendum fyrir að taka hjá þeim lán. Ef vandi Grikkja kemur sem hreint tap inn í þetta umhverfi á einu bretti gæti það valdið ófyrirséðum óstöðugleika á evrusvæðinu öllu. Sumir fjármálaskýrendur telja að það geti hreinlega velt evrunni fram af hengifluginu vegna keðjuverkunaráhrifa.

### *Pólitísk ESB-aðildarkrísa*

Þrátt fyrir þessar staðreyndir berja íslenskir ESB-sinnar hausnum við stein. Sem dæmi um það fullyrti Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, í útvarpsþættinum Í bítið á mánudag að Grikkir væru ekki á leiðinni að taka upp drögmu að nýju. Reyndar virðist formaðurinn kominn í sérkennilega stöðu við að verja Evrópusambandsumsókn Íslands þar sem Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi leiðtogi íslenskra jafnaðarmanna og einn helsti upphafsmaður ESB-leiðangursins, er orðinn afhuga aðild Íslands að ESB. Jón Baldvin sagði m.a. á Eyjunni á Stöð 2 sunnudaginn 1. mars:

„Evrópusambandið er í fjármálalegri krísu sem er bæði bankakrísa og skuldakrísa. Evrópusambandið er í hagstjórnarkrísu, þú nefndir Þýskaland, vegna þess að pólitíkin sem Þýskaland hefur þröngvað upp á Evrópu, sem er niðurskurður á félagslegri þjónustu og hækkun skatta í jaðarríkjunum, hefur ekki skilað neinum árangri. Hún hefur haft þveröfug áhrif sem allir áttu að hafa lært af reynslu heimskreppunnar á sínum tíma,“ segir Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem segir Ísland ekki á leið í Evrópusambandið.

Um heimsmálin almennt sagði Jón Baldvin að Ísland og fleiri ríki um allan heim væru fórnarlömb sjúks fjármálakerfis. Öllum hömlum og böndum hafi verið sleppt af fjármálakerfinu sem hefur vaxið þjóðríkjum yfir höfuð og hafi nú heiminn að viðfangsefni. Uppreisn almennings í Grikklandi, og fljótlega á Spáni að því er Jón Baldvin telur, sé til komin vegna þess að stjórnmálakerfið hafi algjörlega brugðist og leyft fjármálakerfinu að byggja upp gríðarleg völd. Í stað „fúnkerandi lýðræðis“ sé búið að koma á auðræði.

Aðspurður út í stjórnmálin hér heima, og einkum stöðuna á vinstri vængnum, sagði Jón Baldvin að það skorti upp á heimavinnuna hjá stjórnarandstöðunni og að svo virtist sem jafnaðarmenn, bæði hér heima og í Evrópu, „hafi týnt erindisbréfinu“. Hann sagði stjórnmálaumræðuna hér heima „hreint tuð“ og tók sem dæmi afnám gjaldeyrishafta sem búið er að ræða í sex ár án þess að nokkuð gerist.

Hann segir Ísland eiga að fara að fordæmi Malasíu í kjölfar Asíukreppunnar sem afnam höftin einfaldlega með því að leggja á „windfall tax“, sem mætti útleggja sem útgönguskatt.






# BÚNAÐARÞING 2015

Fjöldi mála afgreidd

Opinn landbúnaður




Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, við setningu Búnaðarþings 2015. Myndir / HKr.

Formaður Bændasamtakanna gagnrýndi stórkaupmenn í setningarræðu sinni á Búnaðarþingi:

# Flest bendi til þess að þeir séu aðeins að hugsa um eigin hag

## – Segist reiðubúinn að ræða málin við hvaða fulltrúa verslunarinnar sem er á yfirveguðum nótum

**Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, sagði í setningarræðu sinni á Búnaðarþingi að bændur þyrftu að taka sig á og opna faminn betur fyrir öllum þeim sem vilji kynnast störfum íslenskra bænda.**

„Við skulum gera okkur grein fyrir því að okkur er treyst fyrir landinu og við þurfum alltaf að vera tilbúin til að sýna þeim sem fást við önnur verkefni í samfélaginu, hvernig við stöndum undir því trausti.

Þetta er meðal annars ástæðan fyrir því að við höfum kosið að halda Búnaðarþing í ár undir yfirskriftinni „Opinn landbúnaður“.

### *Gagnrýndi stórkaupmenn harðlega*

Sindri gagnrýndi stórkaupmenn harðlega í ræðu sinni fyrir að krefjast óhefts innflutnings á landbúnaðarafurðum og sagði þá m.a.:

„Til þess að áfram sé hægt að nýta tækifæri í íslenskri matvælaframleiðslu þarf auðvitað landbúnaðarstefnu sem styður bændur til að sækja fram. Það yrði ekkert sérstakt við Ísland og íslenska matargerð ef að hún byggðist ekki á innlendum landbúnaðarafurðum, heldur á innfluttu hráefni.

Málsvarar tiltekinna stórkaupmanna hafa gengið hart fram í þeim málflutningi að hagur okkar hér á Íslandi felist í því að flytja sem mest inn af matvöru frekar en að framleiða hana sjálf. Þetta hafa þeir oft gert undir þeim formerkjum að þeir beri hag neytenda fyrir brjósti þrátt fyrir að flest bendi til þess að þeir séu aðeins að hugsa um eigin hag.“

### *Hagsmunir neytenda nær bændum*

„En hverjir eru hagsmunir neytenda í þessum efnum? Eru þeir kannski miklu nær bændum en stórkaupmönnum? Bændur leggja sig fram við að framleiða gæðavöru á góðu verði. Til marks um það þá hækkaði verðlag á íslenskum landbúnaðarafurðum miklu minna en innflutt matvæli í því verðbólgubáli sem hér geisaði í kjölfar efnahagshrunsins þrátt fyrir að kostnaður bænda hafi hækkað verulega á þessum tíma.

Þá gef ég ekkert fyrir það að á Íslandi sé eitthvað sérstaklega lokað fyrir innflutning. Við höfum séð sprengingu á innflutningi á sumum búvörum. Í fyrra nam verðmæti innfluttra búvara nærri 52 milljörðum króna. Markaðurinn er ekki lokaðri en svo að innflutningur á kjöti, sem þó nýtur tollverndar, hefur fjórfaldast frá 2010 og hlutdeild innflutnings af heildarmarkaði nauta-, svína- og alifuglakjöts er komin yfir 20%.“

### *Verðlækkanir hafa ekki skilað sér til neytenda*

„En sjá neytendur verðið lækka til sín? Nei, en þeir sjá, að arður stóru verslunarkeðjanna eykst ár frá ári. Og hverjir borga hann? Eru það ekki neytendurnir? Nýleg dæmi um verðþróun einstakra búvara, þar sem verð til bændanna lækkar en verð til neytenda hækkar, sýna það svart á hvítu að stóru verslunarkeðjurnar verða einfaldlega að gera hreint fyrir sínum dyrum og koma heiðarlega fram við neytendur.

Hér á Íslandi höfum við sem þjóð ákveðið að setja lög og reglur sem tryggja að aðbúnaður og velferð dýra eru með því besta sem gerist í heiminum. Þetta ákváðum við sem samfélag vegna þess að þetta er okkur mikilvægt. Í mörgum af þeim löndum sem við flytjum inn kjöt frá er staða þessara mála langt undir þeim lágmarksviðmiðum sem við höfum sett okkur. Þar fyrir utan getur enginn keppt í verði við vörur sem framleiddar eru við aðstæður sem við teljum óásættanlegar. Við eigum ekki að sætta okkur við að neytendum séu boðnar slíkar vörur, án þess að þeir séu að minnsta kosti upplýstir um – að þær uppfylli ekki lágmarkskröfur íslenskra laga. Við hljótum að gera sömu kröfu til innfluttra búvara og þeirra innlendu.“

### *Bændur opna landbúnaðinn fyrir neytendum*

„Við bændur komum hreint til dyranna í þessum efnum og viljum opinn landbúnað þar sem neytendur hafa aðgang að skýrum og sýnilegum upplýsingum um þær vörur sem í boði eru. Það er sjálfsagður réttur neytenda að vita hvaðan maturinn þeirra kemur og við hvaða aðstæður hann varð til. Þess vegna höfum við bændur barist fyrir því að þessar upplýsingar séu ávallt til staðar fyrir neytendur í verslunum.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur bændur að halda okkar sjónarmiðum til haga þegar rætt er um innflutning búvara. En það er hins vegar afleitt að standa í endalausum ágreiningi við verslunina í landinu. Öll vitum við að það er mikilvægt fyrir okkur að hafa öfluga verslun um allt land sem er reiðubúin að selja vörur sem framleiddar eru af íslenskum bændum og að sama skapi er íslenskur landbúnaður mikilvægur fyrir kaupmenn landsins.

Það er full ástæða til að þakka íslenskri verslun fyrir gott vöruframboð og hátt þjónustustig. En við þurfum að skilja hvort annað betur. Ég lýsi mig reiðubúinn til að drekka innflutt kaffi, þó helst latté með íslenskri mjólk, með hverjum þeim innan verslunarinnar sem tilbúinn er að ræða þessi mál á yfirveguðum nótum.“



Frá Búnaðarþingi 2015. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra í ræðustól, en hann ræddi m.a. mögulega sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Bifröst og ástæðu þess að fallið var frá áformum um sameiningu LbhÍ við Háskóla Íslands sem mætt hafði verulegri andstöðu. Myndir / HKr.

## Breytingar á samþykktum Bændasamtaka Íslands:

# Búnaðarþing verður aðeins haldið annað hvert ár

## – Hin árin verða haldnir eins dags ársfundir og geitfjárræktendur fá aðild að BÍ

**Tillaga til breytinga á samþykktum Bændasamtaka Íslands og þingsköpum Búnaðarþings var samþykkt á Búnaðarþingi.**

Fela samþykktirnar í sér verulegar breytingar á þinghaldi þannig að Búnaðarþing verður frá og með árinu 2016 aðeins haldið annað hvert ár. Þess á milli verða haldnir eins dags ársfundir. Þá verður tekin upp innheimta félagsgjalda sem koma þá í stað gamla búnaðargjaldsins sem væntanlega verður lagt af í ársbyrjun 2016.

Nefnd var skipuð til að ræða breytingar á félagskerfinu samkvæmt ályktun 12 frá Búnaðarþingi 2014. Nefndina skipuðu Sindri Sigurgeirsson, Einar Ófeigur Björnsson, formaður, Sigurður Loftsson, Guðný Jakobsdóttir og Jón Magnús Jónsson. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, aðstoðaði nefndina.

Markmið nefndarinnar var að finna leiðir að fjármögnun samtaka bænda og koma með tillögur að fulltrúafjölda einstakra aðildarfélaga á Búnaðarþingi. Í þessu fólst einnig að draga úr kostnaði við rekstur samtakanna.

Lagt var til að skipaður yrði vinnuhópur til að gera framangreindar tillögur. Ef þurfa þykir verði ráðgjafi ráðinn hópnum til aðstoðar. Haft verði víðtækt samráð við aðildarfélög BÍ og byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram eftir því sem hægt er.

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu eftir. Tillögur vinnuhópsins skulu kynntar bændum og aðildarfélögum BÍ fyrir lok október 2014 og lagðar fyrir Búnaðarþing 2015.

Þá var stjórn BÍ falið að leita samninga um fjármögnun verkefnisins með eftirfarandi hætti:

Að Bændasamtök Íslands greiði 50%, búnaðarsambönd 25% og búgreinasambönd 25%. Hlutur einstakra aðildarfélaga fari eftir hlutdeild þeirra í innborguðu búnaðargjaldi.

### *Helstu niðurstöður nefndarinnar*

Búnaðargjald er á leið út og því þurfti að finna aðrar leiðir til að fjármagna rekstur samtakanna og þá mögulega frá ársbyrjun 2016. Annaðhvort fellur búnaðargjaldið niður í heild, eða lögbundin verkefni þ.e. ráðgjafarþjónusta og Bjargráðasjóður standa eftir. Hins vegar er ljóst að búnaðargjaldið mun ekki nýtast til hagsmunagæslu samtaka bænda.



Verulegar breytingar verða á félagskerfi bænda samkvæmt samþykktum Búnaðarþings.



Nefndin var sammála um að aðildarfélög BÍ verði að ákveða hvert og eitt hvernig þau haga sinni fjármögnun. Var því bara fjallað um fjármögnun BÍ að þessu sinni og gerðar eftirfarandi tillögur:

- Lagt er til að Bændasamtök Íslands verði fjármögnuð með veltuskatti sem verði 0,3% af núverandi búnaðargjaldsstofni.
- Stjórn eða Búnaðarþing geti ákveðið lágmarks- og hámarksgjald.
- Ef þú gerist fullgildur félagi í BÍ þá skuldbindurðu þig jafnframt til að afhenda BÍ upplýsingar um veltu. Í því felst að gefa upplýst samþykki.



Frá Búnaðarþingi 2015. Fremst á myndinni er Sigurlaug Gissurardóttir.

### *Félagsaðildin*

Bændasamtökin eru félagsskapur einstaklinga og lögaðila sem eru byggð upp með aðild í gegnum aðildarfélög eða beinni aðild sem þá fylgja takmörkuð réttindi.

Ný aðildarfélög geta fengið inngöngu í BÍ ef þau uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda félagsmanna (50 félagsmenn) eða lágmarksveltu félagsmanna í félaginu (500 milljónir – samanlögð velta allra félagsmanna).

- **Full aðild (A)** skilyrt við að vera í a.m.k. einu aðildarfélagi BÍ.
  - Einstaklingar eða lögaðilar með veltu á sinni kennitölu. (Hefðbundinn félagi eins og þetta er í dag).
- **Tengd aðild (B)** skilyrt við að vera í a.m.k. einu aðildarfélagi BÍ.
  - Þeir sem standa að búrekstri (makar eða aðrir eigendur) en eru ekki með veltuna á sinni kennitölu.
  - Ekki starfmenn búa/lögaðila.
  - Full réttindi.
- **Aukaaðild (C)** – Bein aðild að BÍ óháð aðildarfélögum.
  - Vinir landbúnaðarins.
  - Eingöngu einstaklingar 18 ára og eldri.
  - Tenging við búrekstur ekki skilyrði en stuðningur við markmið BÍ.
  - Félagsgjöld föst krónutala (1000 kr. á mán. – 12.000 kr. á ári).
  - Skilgreind þjónusta, en ekki réttindi (Bændablaðið, afslættir).
- Seta í trúnaðarstörfum skilyrt við A eða B aðild

### *Um stjórn, Búnaðarþing og ársfundur*

***Búnaðarþing***

- Haldið annað hvert ár.
- Er stefnumarkandi fyrir næstu tvö ár.
- Fulltrúar aðildarfélaga sem fyrr.
- Kosning stjórnar og trúnaðarmanna.
  - Opið öllum nema sérstaklega sé ákveðið að loka því líkt og er í dag.
  - Einungis félagar með félagsaðild A og B geta verið fulltrúar.

Tuttugu og níu mál voru á dagskrá Búnaðarþings 2015 – Tillaga um sölu á meirihluta í nautastöðinni gekk ekki eftir:

# Unnið verður að stofnun félags í helmingseigu BÍ og LK

**Búnaðarþing 2015 samþykkti að stjórn Bændasamtaka Íslands vinni áfram að samningum við Landssamband kúabænda um að koma á sameiginlegu félagi um rekstur nautastöðvar, með það fyrir augum að styrkja kynbótastarf í nautgriparækt.**

Fyrir fundinum lá tillaga um að Landssamband kúabænda (LK) keypti meirihluta í stöðinni en sú tillaga hlaut ekki brautargengi. Frumkvæði að þeirri hugmynd kom frá LK eins og Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri félagsins, greindi frá í Bændablaðinu 22. október sl. Þá sagði Helgi m.a.:

„LK vill að búgreinin taki stöðina yfir og beri þannig sjálf ábyrgð á ræktunarstarfinu. Þannig er það hjá öðrum búgreinum og okkur finnst það sama eigi að gilda um nautgriparæktina.“



Nautastöð Bændasamtaka Íslands að Hesti í Borgarfirði.

Þetta gekk ekki eftir á Búnaðarþingi, en þess í stað var samþykkt málamiðlun sem felur í sér helmingaskipti LK og BÍ í eignarhaldi stöðvarinnar.

Í samþykktinni segir að aðilar komi sér saman um verð og að verkaskiptasamningur LK og BÍ verði endurskoðaður. Jafnframt verði gerður samstarfssamningur milli Nautastöðvar og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Búnaðarþing leggur til að nýtt félag verði í helmingseigu annars vegar BÍ og hins vegar LK.

Unnið hefur verið að samningum um aðkomu LK að rekstri Nautastöðvar BÍ. Fyrir Búnaðarþing 2015 náðist ekki að fullvinna drög að því hvernig stofna megi og reka sameiginlegt félag um Nautastöðina. Búnaðarþing telur mikilvægt að góð samstaða sé um málið. Nú er unnið að stefnumótun varðandi kynbótamatsútreikninga sem miklu máli skipta. /VH

---

*Ársfundur*

- Annað hvert ár – þegar Búnaðarþing er ekki.
- Ætlast til að búnaðarþingsfulltrúar mæti.

*Dagsfundur*

- Afgreiðir reikninga og endurskoðar fjárhagsáætlun.
  - Búnaðarþingsfulltrúar einir afgreiða reikninga.
  - Opið öllum félögum, auglýstur vel með tilliti til þess.
  - Umræður um landbúnaðinn í heild.
  - Mögulega sérstök umfjöllunarefni.
  - Vettvangur til að ná saman miklum fjölda bænda, t.d. allir stjórnarmenn aðildarfélaga og áhugasamir einstaka bændur.
  - Skráning fyrirfram og fundargjald.

*Stjórn BÍ*

- 5 manna stjórn úr hópi fullgildra félaga (A eða B félagsaðild) sbr. samþykkt BÞ 2014.
- Kjörin á Búnaðarþingi til tveggja ára í senn.
-

*Fulltrúafjöldi á Búnaðarþingi*

- Öll aðildarfélög fá einn fulltrúa, 22 miðað við núverandi fjölda aðildarfélaga.
- Allt að 15 fulltrúum í viðbót skipt eftir vægi veltu. (2 ganga ekki út í útreikningi, eru því 13 viðbótarfulltrúar skv. þessum forsendum).
  - Staða miðað við tillögur nefndarinnar: LK fær 4 fulltrúa, BSSL 3 og LS 3 fulltrúa.
  - BHS, BSA, BSE, BSka, Bú.Vest og SG fá 2 en aðrir einn.
- Áætluð velta skv. álagningu búnaðargjalds nú, en verður velta félagsmanna.
  - Þannig getur úthlutun viðbótarsæta breyst ef þátttaka í viðkomandi aðildarfélagi er lítil.
- Öll velta félagsmanna er talin hjá svæðisfélagi (Búnaðarsambandi). Velta viðkomandi búgreinar félagsmanna er talin í búgreinafélagi.
  - Til að útreikningar gangi upp verður að tvítelja veltu og félagsmenn.
  - Mögulega þarf að þrítelja veltu ef koma ný félög, þvert á búgreinar. T.d. lífrænir framleiðendur eða Samtök ungra bænda (geta þegar verið skráðir bæði í búgreinafélögum og búnaðarsambandi).



Einar Ófeigur Björnsson, formaður nefndar um breytingar á félagskerfi bænda.

***Félagskerfi landbúnaðarins, tillaga frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga***

Almennur fundur bænda á starfssvæði BSSÞ beinir því til Búnaðarþings að félagskerfi bænda verði byggt upp á fulltrúalýðræði en ekki veltu.

***Innheimta búnaðargjalds***

Markmiðið var að gera breytingu á innheimtu og ráðstöfun búnaðargjalds.

Niðurstaða nefndarinnar var að við þær breytingar sem boðaðar hafa verið á lögum um innheimtu búnaðargjalds verði áhersla lögð á eftirfarandi:

- Beinni ráðstöfun tekna, sem aflað er með innheimtu búnaðargjalds eða með viðlíka hætti, til einstakra aðila verði hætt, þannig að allir núverandi þiggjendur gjaldsins sitji við sama borð.
- Þeim fjármunum sem innheimtir kunna að verða með búnaðargjaldi eða með öðrum viðlíka hætti, verði settir í búgreinaskiptan sjóð og ráðstafað þaðan samkvæmt tillögum hverrar búgreinar fyrir sig til þeirra verkefna sem heimilt verður samkvæmt lögunum.
  - Álagningarprósenta verði lækkuð til samræmis við þau verkefni sem falla út.

Lagt var til að stjórn BÍ vinni að framgangi málsins.

***Geitfjárræktarfélag Íslands fær aðild að BÍ***

Búnaðarþing 2015 samþykkir að Geitfjárræktarfélag Íslands fái aðild að Bændasamtökum Íslands.

Alþjóðasamskipti:

# BÍ sækir um aðild að WFO

**Búnaðarþing hefur samþykkt tillögu þess efnis að Bændasamtök Íslands sæki um aðild að Alþjóðasamtökum bænda.**

World farmers organization, WFO, eru alþjóðleg samtök búvöruframleiðenda sem hafa að markmiði að styrkja stöðu bænda í virðiskeðjunni með sérstakri áherslu á smábændur. Með því að tala fyrir hönd bænda og kynna hagsmuni þeirra á alþjóðavettvangi, styður WFO bændur til að takast á við verðsveiflur, auka markaðstækifæri og að fá tímanlega aðgang að markaðsupplýsingum.



Erna Bjarnadóttir.

Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir að vinna WFO tengist öllum áherslusviðum landbúnaðar hvort sem það er skógrækt, fiskeldi, fiskveiðar, umhverfismál, viðskipti, þjónusta eða rannsóknir og menntun.

„WFO var stofnað árið 2011 og hvetur til þátttöku bænda í sjálfbærri þróun dreifbýlis, verndun umhverfisins og að takast á við önnur vaxandi viðfangsefni, svo sem loftslagsbreytingar, kynslóðaskipti og jafnréttismál.“ /VH

*– Framhald mála á næstu síðu*



# Markaðsmál kjötframleiðslu, útflutningur búvara og upprunamerkingar

**Á Búnaðarþinginu var til umræðu og afgreiðslu markaðsmál kjötframleiðslu.**

Markmið tillögu A um þessi mál er markaðssókn og aukin vöruþróun á íslenskum kjötafurðum með tilliti til sóknarfæra á erlendum mörkuðum.

Lagt er til að efnt verði til átaksverkefnis í þróun og markaðssetningu á íslenskum kjötafurðum til dæmis í samstarfi við Íslandsstofu. Einnig að stjórn BÍ vinni að framgangi málsins.

Í tillögu B um markaðsmál kjötframleiðslu var markmiðið að efla markaðssókn á íslenskum kjötafurðum með það að leiðarljósi að auka neyslu erlendra ferðamanna á þeim. Þar er lagt til að efnt verði til átaksverkefnis í þróun og markaðssetningu á íslenskum kjötafurðum t.d. á veitingahúsum og hótelum. Stjórn BÍ verði falið að vinna að framgangi málsins.



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, í ræðustól á Búnaðarþingi 2015.

### *Mál nr. 14 – Upprunamerkingar*

Markmiðið er að styrkja sérstöðu íslenskra búvara í sessi og tryggja upplýsingagjöf til neytenda.

Búnaðarþing hvetur Bændasamtök Íslands til að halda áfram samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Neytendasamtökin um bættar upprunamerkingar á matvælum. Allir þeir sem framleiða og markaðsfæra íslenskar búvörur skulu fara yfir sínar upprunamerkingar og hafa þær ávallt skýrar og ótvíræðar. Stjórnvöld þurfa einnig að sjá til þess að regluverk um efnið sé í lagi og því sé fylgt fast eftir. Þrýst verði á stjórnvöld að samþykkja reglur um notkun íslenska fánans til merkingar á íslenskum búvörum.

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu fast eftir. Með vaxandi innflutningi matvæla er afar mikilvægt að þessu verkefni verði sinnt af krafti.

### *Mál nr. 15 – Tækifæri innlendrar búvöruframleiðslu*

Búnaðarþing 2015 beinir því til stjórnvalda að skapa aðstæður og sveigjanleika til að íslenskir bændur geti nýtt þau tækifæri sem til staðar eru í innlendri búvöruframleiðslu.

Undanfarin misseri hefur innlend eftirspurn eftir ýmsum búvörum farið ört vaxandi, má þar nefna sem dæmi nautakjöt og mjólkurafurðir. Þessi aukna eftirspurn felur í sér margvísleg tækifæri fyrir íslenskan landbúnað, í frekari verðmætasköpun og bættri afkomu bænda.

Til að mæta hinni auknu eftirspurn eftir matvælum sem þegar er orðin og að líkindum verður í fyrirsjáanlegri framtíð, er grundvallaratriði að stjórnvöld skapi skilyrði fyrir hinar ýmsu greinar landbúnaðarins til að efla framleiðslu sína með skilvirkum, heilbrigðum og arðbærum hætti.

Ljóst má vera að heildarhagsmunir íslensks landbúnaðar felast, framar öðru, í því að innlendum búvörumarkaði sé sinnt með hagkvæmri, innlendri framleiðslu.

Stjórn BÍ hafi framgöngu fyrir því, í samstarfi við samtök einstakra búgreina, að þrýsta á og leita samstarfs við stjórnvöld um framgöngu málsins.

### *Mál nr. 16. – Útflutningur búvara*

Markmið með tillögu varðandi útflutning búvara er að lög heimili afurðastöðvum að hafa með sér samstarf um útflutning.

Búnaðarþing hvetur stjórnvöld til að skoða sérstaklega lög um starfsemi afurðastöðva sem flytja út búvörur þannig að ótvírætt sé að þeir megi hafa með sér samstarf um útflutning. Eigi að takast að byggja upp markaði til framtíðar fyrir íslenskar búvörur erlendis er mun skynsamlegra að skýrt sé í lögum að fyrirtækin megi vinna saman að útflutningi ef það hentar, en um það er nú óvissa. Búvöruframleiðsla hérlendis er örsmá í alþjóðlegu samhengi og það hamlar erlendu markaðsstarfi að lagaleg óvissa sé um hvort að heimilt sé að vinna að því sameiginlega.

Stjórn BÍ er falið að vinna að framgangi málsins gagnvart stjórnvöldum.



Þessi mynd var tekin í flugi vísindamanna yfir Holuhraun 3. febrúar 2015, en gosinu lauk 28. febrúar. Mynd / Sara Barsotti

# Gosmengun frá Holuhrauni

**Mál nr. 17 á Búnaðarþingi fjallaði um gosmengun frá Holuhrauni. Markmiðið er að tryggt verði fjármagn til rannsókna á búfé, gróðri og öðru lífríki vegna gosmengunar frá Holuhrauni og vísindasamfélagið hvatt til að hafa frumkvæði að rannsóknum á langtímaáhrifum af náttúruvá þessari.**

Varðandi leiðir að markmiðinu segir að ekki liggi fyrir miklar upplýsingar um áhrif mengunar á dýr og því brýn þörf á rannsóknum á langtímaáhrifum á bústofn, gróður og lífríki.

Neikvæð áhrif mengunar af völdum gossins eru m.a. sýrandi áhrif brennisteins á jarðveg. Ekki er vitað hversu mikil þessi áhrif kunna að verða og þá hvort afleiðingarnar verði það miklar að hætta sé á að uppskera og/eða heilnæmi hennar skaðist. Kölkun vegur upp á móti lækkandi sýrustigi og því kann að vera brýnt að aðgengi að kalki verði gott þar sem áhrifa gossins gætir mest.

Stjórn BÍ styðji við og fylgi eftir því ferli sem verkið er komið í á vegum samstarfshóps ráðuneyta og stofnana undir forystu Mast.



Gústaf Jökull Ólafsson frá Miðjanesi í Reykhólasveit í ræðustól. Mynd / HKr.

# Smitsjúkdómar í sauðfé og dýralæknaþjónusta

**Mál númert 18 á dagskrá Búnaðarþings 2015 fjallaði um smitsjúkdóma í sauðfé.**

Í ljósi þess að garnaveiki í sauðfé er að greinast nánast árlega á Íslandi er þörf á að endurskoða reglugerð um aðgerðir til varnar garnaveiki, sagði í umfjöllun um málið.

Varðandi leiðir segir að í ljósi þess árangurs sem náðst hafi á undanförnum árum sé mikilvægt að bændur og dýralæknar slaki ekki á í þeirri vinnu sem unnin hefur verið í baráttunni gegn garnaveiki. Búnaðarþing leggur áherslu á að MAST beiti sér fyrir endurskoðun á verklagsreglum og leggi fram nýjar áætlanir til varnar garnaveiki.



Stjórn BÍ beiti sér fyrir því í samvinnu við Landssamtök sauðfjár- og kúabænda að fylgja málinu eftir við MAST.

### *Mál nr. 20 Dýralæknaþjónusta*

Til að tryggja dýravelferð um allt land og það að búfjáreigendur geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart lögum um búfjárhald verður að treysta starfsgrundvöll dýralækna í dreifðustu byggðum landsins.

Starfssvæði þjónustudýralækna og vaktsvæði dýralækna verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja varanlegan aðgang að dýralæknum um allt land. Nauðsynlegt er að horfa til landfræðilegra aðstæðna og taka tillit til samgangna árið um kring þegar starfssvæði og vaktsvæði eru skipulögð. Í ljósi þess hve erfiðlega hefur gengið að manna dýralæknastöður á nokkrum stöðum á landinu þarf jafnframt að leita annarra leiða meðan málum er svo farið, svo sem að veita bændum heimild til að hafa lyf heima. Búnaðarþing ítrekar jafnframt nauðsyn þess að opnað verði fyrir leið til þess að einstakir bændur geti gert þjónustusamning við sinn dýralækni þar sem ekki er hægt að koma við ásættanlegri vaktþjónustu.

Stjórn BÍ beiti sér markvisst fyrir því, í samráði við Dýralæknafélag Íslands, að málið fái afgreiðslu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

# Tilraunastarf í búfjárrækt, Landbúnaðarháskólinn, lífrænn landbúnaður og þróun hans

**Mál nr. 22 á Búnaðarþingi fjallaði um tilraunastarf í búfjárrækt og var í tveim liðum. Þar snerist liður A um tilraunastarf í nautgriparækt á Stóra Ármóti.**

Búnaðarþing leggur áherslu á mikilvægi þess tilraunastarfs sem unnið er á Stóra Ármóti fyrir nautgriparæktina í landinu og telur brýnt að það verði aukið.

### *Skorað á LbhÍ að ráða tilraunastjóra*

Búnaðarþing árið 2015 skorar á stjórn LbhÍ að ráða tilraunastjóra að Stóra Ármóti hið fyrsta.

Bændasamtökum Íslands er falið að fylgja málinu eftir í samráði við Búnaðarsamband Suðurlands, Landssamband kúabænda og fagráð í nautgriparækt.

Í greinargerð með þessu máli segir: Mikil aukning hefur orðið á eftirspurn eftir mjólkurfitu síðustu misserin. Íslenskar og erlendar rannsóknir með fóðrun mjólkurkúa hafa sýnt að efnasamsetning og eðliseiginleikar fóðurs hafa mikil áhrif á efnasamsetningu mjólkurinnar og mjög mikilvægt er að skilgreina betur þá þætti í íslensku fóðri sem mest áhrif hafa. Því er nauðsynlegt að nýta vel þá aðstöðu sem til staðar er á Stóra Ármóti til að framkvæma fóðrunartilraunir á mjólkurkúm.

### *Liður B – Rannsóknir í sauðfjárrækt og Hestsbúið*

Búnaðarþing 2015 samþykkir að fara þess á leit við LBHÍ að efla rannsóknir og kennslu á tilraunabúinu að Hesti í Borgarfirði.

Með auknum framlögum til Framleiðnisjóðs ásamt auknu fé sem ríkið veitir gegnum atvinnuvegaráðuneytið til rannsókna í landbúnaði hefur skapast góður grundvöllur til að efla aftur rannsóknir á Hesti. Fagráð í sauðfjárrækt hefur þegar fjallað um forgangsverkefni sem mætti nýta til hliðsjónar um verkefnaval. Nauðsynlegt er að búrekstur á Hesti sé þannig rekinn að hann laði að sér nemendur og rannsóknarverkefni.

Bændasamtökum Íslands er falið að fylgja málinu eftir í samráði við Landssamtök sauðfjárbænda og fagráð í sauðfjárrækt.

### *Mál nr. 23 – Rekstrargrundvöllur LbhÍ sé tryggður*

Búnaðarþing leggur áherslu á að sjálfstæði og rekstrargrundvöllur landbúnaðarháskóla á Íslandi sé tryggður. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanámi, háskólanámi og rannsóknum í landbúnaði. Sjálfstæðir og öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar.

Menntamálaráðherra hefur lagt fram þá hugmynd að gera landbúnaðarháskólana á Hólum og Hvanneyri að sjálfseignarstofnunum. Búnaðarþing 2015 fellst á að þessi leið verði skoðuð. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að rekstrargrundvöllur skólanna verði tryggður, starfsmenntanám og endurmenntun verði efld og skólagjöld verði ekki aðgangshindrun að námi. Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu eftir.



Smári Borgarsson, Goðdölum.

### *Mál nr. 24 – Lífrænn landbúnaður - Þróun lífræns landbúnaðar*

Búnaðarþing 2015 telur mikilvægt að efla framleiðslu á lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum.

Styrkja þarf ýmsar grunnstoðir í lífrænum búskap. Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu í málum lífrænnar ræktunar og framleiðslu. Endurvekja þarf fagráð í lífrænni ræktun. Félag lífrænna bænda, VOR – verndun og ræktun, sæki um aðild að Bændasamtökum Íslands. Auka þarf framlög til aðlögunar að lífrænum búskap. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir. Í greinargerð um þetta mál segir:

Búnaðarþing 2014 ályktaði um lífrænar búvörur og í samræmi við þá ályktun var efnt til málþings 19. nóvember 2014 á vegum BÍ og VORs þar sem fram fór kynning og fræðsla um lífrænan landbúnað. Í erindum og umræðum á málþinginu, sem var vel sótt og árangursríkt, kom skýrt fram að markaðurinn fyrir lífrænt vottaðar vörur fer vaxandi, að rík ástæða er til að fjölga bændum í þessum geira og að brýnt sé að efla grunnstoðirnar. Það hefur háð starfseminni að hvorki VOR né fagráðið hafa hlotið formlega viðurkenningu BÍ þótt eftir því hafi verið leitað.

Núverandi framlög til aðlögunar í lífrænum búskap eru lítil og hamlar það nýliðun í greininni.






Frá setningu Búnaðarþings 2015 í Hörpu.

Myndir/ HKr.

# Búnaðarstofa verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnumála

## – Fallið verði frá áformum um að hún heyri undir Matvælastofnun

**Í samþykkt Búnaðarþings 2015 um mál nr. 25 er þess krafist að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnumála.**

Starfssvið Búnaðarstofu er að stýra stjórnsýsluverkefnum sem Bændasamtökin hafa sinnt á undanförnum árum eða frá því að Framleiðsluráð landbúnaðarins var lagt niður árið 1999. Verkefnin hafa meðal annars falist í umsýslu með styrkjum í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlagasamning, m.a. beingreiðslum og styrkjum vegna jarðabóta og til nýliða í sauðfjár- og nautgriparækt. Samkvæmt fyrirmælum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins stóð til að flytja verkefnin til Matvælastofnunar (MAST) um síðustu áramót. Undirbúningur fyrir flutninginn hófst formlega í febrúar á síðasta ári.

### *Fyrirkomulag með langa sögu*

Að sögn Jóns Baldurs Lorange, forstöðumanns Búnaðarstofu, þá á það fyrirkomulag sér langa sögu að samtök og stofnanir á vegum bænda og samtaka þeirra sjái um umsýslu styrkja til bænda. Þannig var það í verkahring Búnaðarfélags Íslands (1899–1995) að halda utan um framlög til bænda vegna jarðabóta á jörðum sínum í samræmi við búnaðarlög og er það verkefni nú í höndum Búnaðarstofu. Jón Baldur segir að um sé að ræða umsýslu með mikilvægum stuðningi við íslenskan landbúnað í samræmi við búvörulög og búnaðarlög. Framkvæmdin formgerist síðan í búvörusamningum og búnaðarlagasamningi sem stjórnvöld og bændur hafa gert sín á milli.

,,Það er þess vegna skiljanlegt og eðlilegt að Búnaðarþing hafi sterkar skoðanir hvernig á þessum mikilvægu verkefnum verði haldið í framtíðinni. Bændur eiga mikið undir því að vel takist til.“

### *Skýrsla um stjórnsýsluverkefnin*

Í apríl á síðasta ári skiluðu Bændasamtökin skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um flutning verkefna frá samtökunum. Jón Baldur er höfundur hennar, en auk þess að vera kerfisfræðimenntaður er Jón með B.A. í stjórnmálafræði og diplómu í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands.

Skýrslan fjallaði um þau stjórnsýsluverkefni sem eru unnin af Bændasamtökunum í umboði stjórnvalda, og fjallað er um í búvörusamningum og búnaðarlagasamningi. Í skýrslunni er yfirlit yfir stjórnsýsluverkefni þar sem samtökin eru ábyrgðar- og/eða framkvæmdaraðili.

Í skýrslunni er lagt til að sett verði á laggirnar sérstök stofnun, Búnaðarstofa, sem heyri undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Í skýrslunni segir m.a.:

,,Markmiðið með stofnun Búnaðarstofu er að tryggja faglega framkvæmd og heildaryfirsýn yfir stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörulög nr. 99/1993 og búnaðarlög nr. 70/1998. Það eru augljósir kostir við að koma þessum verkefnum á einn stað undir eina yfirstjórn. Það tryggir betri samræmingu og þekkingu á viðfangsefninu, skapar ný tækifæri og meiri stöðugleika í allri framkvæmd. [...] Regluverk í landbúnaði er umfangsmikið og þarf að taka breytingum í samræmi við stefnu stjórnvalda. [...] Það er þýðingarmikið að haldgóð sérfræðiþekking sé ávallt til staðar svo hægt sé að tryggja skilvirka og fumlausa framkvæmd á regluverki hvers tíma enda verið að sýsla daglega með verulega fjármuni úr ríkissjóði.“

Þá er það sjónarmið rakið í skýrslunni að þar sem MAST fari með eftirlitshlutverk geti stofnunin ekki sinnt því hlutverki Búnaðarstofu sem fjallað er um í skýrslunni: ,,Það er þýðingarmikið að aðskilja annars vegar umsýslu og framkvæmd á greiðslum til bænda í samræmi við lög og reglugerðir þar um og hins vegar eftirlit sem MAST sinnir í dag með framleiðendum, þ.e.a.s. að eftirlitsaðili beri ekki ábyrgð á greiðslum til eftirlitsþega. Þetta getur ekki farið saman svo vel sé að áliti skýrsluhöfundar og er nóg að vísa þar í stjórnsýslulög. Búnaðarstofa þarf að vera sjálfstæð eining í stjórnkerfinu. Tryggja þarf að greiðslustofan sé óháð hagsmunasamtökum og eftirlits-/úttektaraðilum til að tryggja stjórnsýslulegt sjálfstæði hennar. Það fer illa saman að sami aðili beri ábyrgð á eftirliti, taki út verkefni o.þ.h. og sjái á sama tíma um úthlutun fjármagns í samræmi við stjórnvaldsákvarðanir. “




Jón Baldur Lorange, forstöðumaður Búnaðarstofu, segir skiljanlegt og eðlilegt að Búnaðarþing hafi sterkar skoðanir hvernig á þeim mikilvægu verkefnum sem Búnaðarstofa sinnir verði haldið í framtíðinni.

### *Búnaðarstofa sjálfstæð rekstrareining*

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið tók ákvörðun síðastliðið sumar eftir að hafa leitað umsagnar meðal annars frá MAST að verkefni Bændasamtakanna færðust til MAST. Til stóð að framkvæma flutninginn um síðustu áramót en þeirri ákvörðun frestaði ráðuneytið. Í desember síðastliðinn var gerður þríhliðasamningur milli ráðuneytisins, Matvælastofnunar og Bændasamtakanna. Samningurinn gerði ráð fyrir að búin yrði til sjálfstæð rekstrareining innan Bændasamtakanna og yrðu þau verkefni, sem samkomulag náðist um að flytja, færð yfir til hennar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mun skipa þriggja manna verkefnastjórn sem í eru fulltrúar frá ráðuneytinu, MAST og Bændasamtökunum. Verkefnastjórnin á að undirbúa flutning verkefna og starfsfólks og skal flutningi lokið eigi síðar en 1. janúar 2016.

Bændasamtökin ákváðu að nefna hina sjálfstæðu rekstrareiningu Búnaðarstofu og tók hún til starfa 1. janúar 2015. Búnaðarstofa hefur sjálfstæðan fjárhag, sem þýðir að rekstur og fjárhagur hennar er aðskilinn frá rekstri Bændasamtakanna.

Hjá Búnaðarstofu starfa fjórir starfsmenn en auk Jóns Baldurs fluttust Ásdís Kristinsdóttir, Guðrún S. Sigurjónsdóttir og Ómar S. Jónsson, en Guðrún og Ómar störfuðu á sínum tíma hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ef ákvörðun ráðuneytisins breytist ekki þá færast þessir starfsmenn yfir til MAST frá og með 1. janúar 2016 með þeim verkefnum sem færast frá Bændasamtökunum.

/VH

# Markmið nýrra búvörusamninga verði að efla landbúnað og tryggja fæðuöryggi

**Mál númer 28 á Búnaðarþingi fjallaði um gerð nýrra búvörulagasamninga. Í niðurstöðu þingsins segir:**

Búnaðarlagasamningur verði efldur og gerður að rammasamningi um starfsumhverfi. Sá samningur verði í raun rammasamningur og undir þeim hatti séu gerðir undirsamningar, þeir þrír sem eru til umræðu hér og ef til vill fleiri.

***Markmið rammasamnings:***

- Stækka og efla íslenskan landbúnað.
- Auka gæði búvöru, sérstaklega með tilliti til matvælaöryggis.
- 
- Bæta afkomu bænda.
- Bæta samkeppnishæfni landbúnaðar í heild.
- Tryggja aðgengi bænda að landi.
- Efla nýliðun og fjárfestingu í landbúnaði, frumframleiðslu og úrvinnslu.
- Efla rannsóknar- og vísindastarf.
- Hvetja til hagræðingar, efla rekstrarumhverfi sprotafyrirtækja og stuðla að virðisauka matvæla heima í héraði.
- Tryggja fæðuöryggi.
- Tryggja sókn á erlenda markaði.
- Leggja ríka áherslu á umhverfismál – Kolefnisfótspor.
- Takmarka eða banna innflutning dýraafurða sem eru framleiddar við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað en gerðar eru til innlendrar framleiðslu.



**Frá undirritun síðustu búvörulagasamninga árið 2012 í tíð Steingríms J. Sigfússonar sem landbúnaðarráðherra.**

# Nýting lands til ferðaþjónustu

**Mál númer 29 á Búnaðarþingi 2015 fjallaði um nýtingu lands til ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna (aukamál frá nefnd og afgreitt sem ályktun). Í ályktuninni segir:**

Sátt um nýtingu lands til ferðaþjónustu með tilliti til eignarréttar bænda á landi og aukins öryggis ferðamanna.

Víða reynir á þolmörk náttúru og mannlífs við stóraukinn straum ferðamanna til landsins allt árið. Mikilvægt er að stýra umferð ferðamanna m.t.t. annarrar landnotkunar, almannaréttar og öryggis.



Unnar verði landshlutabundnar áætlanir um uppbyggingu innviða ferðaþjónustu í sátt við landeigendur. Verkefnið verði fjármagnað með sértekjum af ferðamönnum.

Erindið verði sent til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfisráðuneytisins, Samtaka sveitarfélaga og ferðamálastjóra. Stjórn BÍ var falið að fylgja málinu eftir.




Vertu til er vorið kallar

Kynntu þér fjölbreytt sáðvöruúrval Líflands í nýjum sáðvörulista







Kynntu þér sáðvörulistann á www.lifland.is
Frír flutningur ef pantað er fyrir 18. apríl

Hafðu samband í síma 540-1138 eða lifland@lifland.is og fáðu tilboð í sáðvöruna

Lífland söluráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
lifland@lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
www.lifland.is

Borgarbraut, Borgarnesi
Efstubraut, Blönduósi

LÍFLAND



„Það er öllum holt að temja sér bjartsýni og framsækni, ég ætla að verða bóndi – og ég ætla að græða á því.“ Myndir / HKr.

# Nauðsynlegt að auka nýliðun í landbúnaði

**Einar Freyr Elínarson, formaður Samtaka ungra bænda, flutti kröftugt erindi á Búnaðarþingi 2015 þar sem hann útlistaði nokkur markmið sem hann telur mikilvægt að hafa að leiðarljósi þegar gerðar verði breytingar innan landbúnaðarins.**

Einar Freyr byrjaði ræðu sína á að vitna í fyrrverandi forsætisráðherra Breta sem lagði áherslu á að menn settu sér háleit markmið í lífinu.

### *Hvati til þess að bæta*

Winston Churchill sagði: Að bæta er að breyta, svo að fullkomna er að hafa gert margar breytingar.

Þó að fullkomnun náist aldrei þá getum við alltaf haft hana sem markmið. Hún getur verið manni hvati til þess að bæta, og þar af leiðandi að breyta.

Okkur er tíðrætt um sóknartækifæri í landbúnaði. Ég er fullkomlega sammála því að þau eru mörg, en til þess að nýta og gera sem mest úr þeim þá þurfum við að gera breytingar.

Við vitum þó að breytingar breytinganna vegna eru óæskilegar. Allar breytingar þurfa að vera vel ígrundaðar og eiga sér skýr markmið.

Hér eru nokkur markmið sem ég tel mikilvægt að hafa sem leiðarljós þegar við gerum breytingar innan landbúnaðarins.



„Ef við viljum halda í og geta réttlætt verndartolla þá verðum við að vera dugleg við að sinna neytendum.“

1. Auka nýliðun í landbúnaði. Með nýju fólki koma nýjar hugmyndir og nýjar áherslur. Nýsköpun þrífst best innan geira þar sem nýliðunar nýtur við. Nýliðunarstuðningur er því góð ráðstöfun á fjármunum ríkisins þegar horft er til jákvæðra afleiðinga aukinnar nýliðunar. Aðgangur að fjármagni er okkar helsta fyrirstaða, sem betur fer fyrir ykkur því ef hann væri nægur væru ungir bændur allsráðandi og fyrir löngu búnir að kaupa ykkur öll.

2. Auka framleiðni í landbúnaði. Með aukinni framleiðni eykst geta okkar til að standa undir fjárfestingu og greiða okkur mannsæmandi laun fyrir reksturinn. Ég tel sóknartækifærin á þessu sviði gríðarlega mikil. Ef sumir bændur eyddu þó ekki væri nema helming þess tíma sem fer í að stúdera hrútaskrána og skoðuðu frekar rekstrartölur búsins mætti ná fram mikilli hagræðingu.

3. Auka markaðsvitund bænda. Ef við skynjum ekki og fylgjumst ekki með kröfum neytenda missum við traust þeirra. Ef við viljum halda í og geta réttlætt verndartolla þá verðum við að vera dugleg við að sinna neytendum. Með aukinni markaðsvitund aukast svo líkurnar á því að bændur finni sér nýjar leiðir til að auka tekjur búsins.

4. Endurskoðun stuðningskerfisins. Við þurfum að horfast í augu og bregðast við breytingum sem orðið hafa á framleiðsluumhverfi landbúnaðarins. Umbylting kvótakerfisins og öflugri gæðastýring er hugmynd sem ég er persónulega hrifinn af. Minni fjárfestingarþörf og öflugra eftirlit með gæðum framleiðslunnar eru breytingar sem ég tel að séu til mikilla bóta til lengri tíma litið.

5. Það fimmta og seinasta af þeim markmiðum sem ég ætla að telja upp er þetta. Hættum að gengisfella stétt bænda. Hversu oft höfum við heyrt: „Það er enginn bóndi til þess að græða á því“ eða „Sauðfjárbúskapur er bara áhugamál“.
Við sem störfum við landbúnað vitum betur. En þó eru þetta frasar sem heyrast alltof oft og ósjaldan frá bændum sjálfum.

Við heyrum ekki eigendur eða framkvæmdastjóra framleiðslufyrirtækja í öðrum geirum tala svona. Það á ekki að verða viðurkennd skoðun í okkar samfélagi að það séu bara bankarnir sem megi græða.

Ég hef oft heyrt fólk tala um að landbúnaðurinn eigi við ímyndarvanda að stríða. Ég er reyndar ekki sammála því. Ég tel að ímynd hins almenna Íslendings á landbúnaðinum sé nokkuð góð. Ef eitthvað er þá mætti segja að ímyndarvandi okkar væri innanbúðarvandamál.

Við teljum okkur framleiða góðar afurðir. Ef svo er að þá eigum við ekki að skammast okkar fyrir það að vilja fá sæmilega greitt fyrir afurðirnar.

Skýra þarf markmiðin svo hægt sé að velja réttar leiðir. Réttar breytingar. Ef við gerum ekki gangskör að því þá eiga hlutirnir það til að taka skyndilegum breytingum til hins verra – nema við gerum skipulegar breytingar til hins betra.“

### *Samtök ungra bænda*

Í niðurlagi ræðu sinnar kom Einar Freyr inn á starfsemi Samtaka ungra bænda.

„Markmið Samtaka ungra bænda er að sameina unga bændur um hagsmunamál sín, auka þátt ungs fólks innan landbúnaðarins og standa fyrir opinni umræðu um landbúnað.

Um þarnæstu helgi höldum við hjá Samtökum ungra bænda okkar árlega aðalfund. Þar munum við móta áherslur okkar á komandi starfsári og líkt og Búnaðarþing gerir sendum við frá okkur ályktanir um þau mál sem helst brenna á okkur.

Við munum fá kynningu frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins á verkefninu „Búseta í sveit“ sem felst í ráðgjöf til þeirra sem hyggjast hefja búskap. Þetta verkefni er þakkarvert og lýsandi fyrir þann stuðning sem við finnum með okkar málstað.

Þá munum við fá kynningu á tillögum samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem snúa að landbúnaðinum. Okkur er það holt að víkka sjóndeildarhringinn. Þessar tillögur eru nokkuð róttækar en ég hvet búnaðarþingsfulltrúa til að kynna sér þær en ekki síst þær tillögur sem aðalfundur SUB leggur fram.

Höldum opnum hug og munum að það er sama hvaðan gott kemur.

Áhugi ungs fólks á landbúnaði er mikill. Aðsókn í nám við búfræði eða búvísindi er mjög mikil og því ber að fagna. Það er líka skemmtilegt að starfa við landbúnað og gott að búa úti á landi.

Þessi áhugi er hins vegar ekki sjálfsagður. Hann er eitthvað sem við þurfum að rækta.

Einn liður í því að rækta þennan áhuga er að bjóða upp á nám sem nýtist við landbúnaðinn. Ef við viljum framfarir í landbúnaði þá þurfum við vel menntað fólk og öflugt rannsóknarstarf.

Ég skora því á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og stjórn Bændasamtakanna og ykkur öll, ágætu búnaðarþingsfulltrúar, að beita ykkur af fullum krafti við að tryggja rekstrargrundvöll skólanna okkar á Hvanneyri og Hólum.

Það hefur verið sárt að fylgjast með aðförinni að skólastarfinu og nú þurfum við að blása til sóknar.

Það fylgir því mikil vinna og ábyrgð að hefja og standa fyrir búrekstri. Ungt fólk er tilbúið að leggja á sig þessa vinnu og axla þessa ábyrgð. Við óskum því eftir áframhaldandi stuðningi við málstað okkar og að í sameiningu leitum við fleiri leiða til að auka hlut ungs fólks innan landbúnaðarins.

Að lokum vil ég segja, vegna þess að það er öllum hollt að temja sér bjartsýni og framsækni, að ég ætla að verða bóndi – og ég ætla að græða á því.“









**Vatnsdalshólar.** Myndir / HKr.

## Norðurland vestra:

# Náttúran heillar ferðamenn

**Landslag og náttúra er það sem heillar ferðamenn mest á Norðurlandi vestra.**

Sumarið 2014 stóðu Þekkingarsetrið á Blönduósi og Ferðamálafélag Austur-Húnvetninga fyrir könnun meðal ferðamanna sem heimsóttu Norðurland vestra, í sambandi við átaksverkefni um ferðamál. Könnuninni var dreift á ferðaþjónustufyrirtæki á Blönduósi og í Húnavatnshreppi og er henni ætlað að gefa betri skilning á upplifun ferðamanna á svæðinu, að því er fram kemur á vef Þekkingarsetursins.

Spurt var m.a. um bakgrunn þátttakenda, upplifun og ferðahegðun en ríflega eitt hundrað þátttakendur svöruðu könnuninni.



Samkvæmt henni eru það að mestu leyti ferðamenn frá Vestur-Evrópu (Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Frakklandi og Hollandi) sem heimsækja svæðið. Þar á eftir ferðamenn frá Norður-Ameríku. Flestir þeir sem sækja svæðið heim eiga leið um og dvelja stutt, eina eða tvær nætur.

### *Flestir til í að heimsækja svæðið aftur*

Um 90% þátttakenda kváðust hafa mest gaman af landslagi og náttúru, þar á eftir söfnum og sýningum og síðan sundlaugum. Það sem helst vantar að mati þátttakenda eru meiri upplýsingar um svæðið, einnig nefndu þeir að innviðir, eins og vegir innan



sýslunnar mættu vera í betra horfi og eins mætti gjarnan auka úrval af verslunum og þjónustu, sem og að lengja afgreiðslutíma bæði verslana og safna.

Meirihluti svarenda, eða um 62%, vildi gjarnan heimsækja svæðið á ný. Ferðamálafélag Austur-Húnvetninga stefnir að því að endurtaka könnunina næsta sumar og ætlar að dreifa henni víðar. /MÞÞ



# „Verðum að nýta þau tækifæri sem liggja í greininni"

## – Landbúnaður er sannarlega framtíðaratvinnugrein á Íslandi, grein tækifæra og nýsköpunar



Jón Björn Eiríksson, bóndasonur á Jaðri í Borgarfirði, óskaði sérstaklega eftir því þar sem hann var við setningu Búnaðarþings að fá að hitta forsætisráðherra Íslands. Hann var þar staddur ásamt foreldrum sínum og litlu systur, Steinunni Bjarnveigu. Pilturinn fylgist vel með fréttum og þótti því nærtækt að nota þetta tækifæri til að ná í æðsta mann ríkisstjórnarinnar og kannski gauka að honum nokkrum heilræðum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra brást vel við þessari ósk og kraup meira að segja fyrir pilti til að sýna að ráðherra væri nú síst merkilegri persóna en glæsilegur sveitapiltur úr Borgarfirði. Myndir / HKr.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flutti ávarp við setningu Búnaðarþings 2015 í Hörpu og tók þar ótvíræða afstöðu með íslenskum landbúnaði. Hann sagði meðal annars landbúnað sannarlega vera framtíðaratvinnugrein á Íslandi, grein tækifæra og nýsköpunar.**

Sigmundur þakkaði Bændasamtökunum fyrir að gefa sér tækifæri til að ávarpa Búnaðarþing og sagði:

„Það er mér heiður að fá að ávarpa þing undirstöðuatvinnugreinar Íslands, atvinnugreinar sem á jafnlanga sögu á Íslandi og búseta í landinu, greinar sem um aldir hefur staðið undir lífi og menningu í þessu landi og gerir það enn. Og er um leið atvinnugrein framtíðarinnar.

Frá því að ég hóf þátttöku í stjórnmálum hefur mér orðið tíðrætt um tækifæri íslensks landbúnaðar.

Ég hef talað mikið um stóraukna eftirspurn eftir matvælum til framtíðar vegna fólksfjölgunar og aukinnar hagsældar í þróunarlöndum, með hækkandi markaðsverði sem af því leiðir, vatnsskort víða um heim, m.a. í iðnvæddum ríkjum, orkuskort, skort á landrými, veðurfarsbreytingar og tækniframfarir.

Allt helst þetta í hendur við að gera okkur kleift að efla matvælaframleiðslu á Íslandi til mikilla muna. Í raun er ekki bara um tækifæri að ræða heldur nánast skyldu gagnvart mannkyninu.

Fleira hefur orðið til að endurvekja áhuga samfélaga Vesturlanda á þessari undirstöðuatvinnugrein mannlífs í veröldinni.

Með fjármálakrísunni eftir 2007 rifjaðist upp fyrir mönnum, allavega til skamms tíma, að samhengi þyrfti að vera milli raunverulegrar verðmætasköpunar og hagnaðar á pappír. Og hvað eru raunverulegri verðmæti en maturinn sem fólk þarf til að lifa og njóta lífsins?“

### *Financial Times í slóð Bændablaðsins*

„Allt í einu viku fréttir af afrekum banka á forsíðum fjármálablaðanna, fyrir fréttum af landbúnaði.

Um tíma leit Financial Times út eins og Bændablaðið og var ekki leiðum að líkjast.

En matvælamarkaðurinn sveiflast, eins og aðrir markaðir, og síðustu misseri hefur verð ýmissa landbúnaðarafurða sveiflast aftur niður á við.

Bændablaðið – Financial Times gerði þetta að umfjöllunarefni í lok síðasta árs undir fyrirsögninni: „Investors bet the farm on agriculture“ eða „Fjárfestar leggja allt undir á landbúnað“.

Niðurstaðan var sú að hvað sem liði tímabundnum markaðssveiflum nyti landbúnaður þeirrar sérstöðu að öruggt væri að eftirspurnin myndi aukast gríðarlega og því yrði alltaf skynsamlegt að fjárfesta í landbúnaði til lengri tíma litið.“

### *Mikilvægi fjölskyldubúanna*

„En þó kom fram að menn væru farnir að gera meiri kröfur en áður til þeirra landa og héraða þar sem fjárfest væri í landbúnaði.

Tvennt þyrfti að vera til staðar svo óhætt væri að fjárfesta í landi og matvælaframleiðslu, pólitískur stöðugleiki og þar með talið stöðugleiki í samfélaginu og svo hitt ófrávíkjanlega skilyrði þess að óhætt væri að fjárfesta í landbúnaði: Nægt hreint vatn.

Það merkilega er hversu fá lönd uppfylla þessi skilyrði. Það gerir Ísland svo sannarlega og við eigum að fjárfesta í landbúnaði en gera það sem þjóð. Það er þjóðhagslega mikilvægt.

En við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að hluti af því þjóðhagslega mikilvægi liggur í gerð íslensks landbúnaðar: Fjölskyldubúunum.

Sú gerð landbúnaðar þar sem bú eru ekki bara vinnustaður heldur líka heimili á ríkan þátt í gæðum framleiðslunnar, samfélagslegu



„Það er mikilvægt að samtök ólíkra atvinnugreina standi saman og standi með landbúnaði. Slíkt er allra hagur, hagur samtakanna og hagur samfélagsins.“

mikilvægi greinarinnar og stuðningi almennings við hana.

Við verðum að standa vörð um þau verðmæti sem í því felast og það verður aðeins gert með því að stefna stjórnvalda taki mið af því og með samstöðu bænda.“

### *Framtíðin í landbúnaði*

„Landbúnaður er sannarlega framtíðaratvinnugrein á Íslandi, grein tækifæra og nýsköpunar.

Að sjálfsögðu er gríðarlega mikilvægt að þróa og efla nýjar atvinnugreinar. En slík starfsemi er áhættusöm og aðeins lítill hluti hugmynda gengur upp. Jafnvel þær sem ganga stórkostlega upp geta horfið eða breyst hraðar en þær birtust.“

### *Nýsköpun mikilvæg*

Ég efast ekki um að ef Íslendingar hefðu verið spurðir fyrir nokkrum árum hvaða nýsköpunarfyrirtæki þeir vildu helst óska sér að hefði verið íslenskt þá hefðu flestir svarað NOKIA.

Fyrirtækið var enda ekki bara uppáhaldsfyrirtæki Norðurlanda heldur Evrópu allrar. Svo gerðist það allt í einu að tvö fyrirtæki, eitt í Bandaríkjunum og annað í Suður-Kóreu, hönnuðu nýja síma sem á fáum mánuðum urðu vinsælli en NOKIA.

Þess vegna þurfa nýsköpun og hefðbundnar undirstöðu-atvinnugreinar að fara saman og sækja styrk hver til annarrar. Raunar verður líka til gríðarleg nýsköpun beint upp úr undirstöðugreinunum eins og menn þekkja í landbúnaði og sjávarútvegi á Íslandi.

### *Andstaða við landbúnað vekur furðu*

Í ljósi alls þessa vekur það furðu að enn skuli vera til fólk sem hefur horn í síðu íslensks landbúnaðar og telur það jafnvel þjóðþrifamál að veikja samkeppnisstöðu hans.

Það er svo rökstutt með því að hnýta því við að greinin þurfi að læra að standa á eigin fótum.

Sumir eru hreinlega eins og þeir hafi verið að velta út úr tímavél beint frá árinu 2007 og hafi alveg misst af því sem gerst hefur í millitíðinni. Lítum á nokkrar staðreyndir:

Aðeins 10% af matvælaframleiðslu heimsins eru flutt milli landa og mun lægra hlutfall þeirra matvæla sem við framleiðum hér. Með öðrum orðum, 90% af matvælum eru framleidd fyrir heimamarkað.

Hér á Íslandi er aðeins um helmingur, eða 50% þeirra matvæla sem við neytum, framleidd innanlands.

Í stað þess að eyða ótrúlegum kröftum í að reyna að koma þessu hlutfalli niður í 45%, eða neðar, ættu talsmenn annarra atvinnugreina að standa með íslenskum landbúnaði og vinna að því með greininni að nýta þau tækifæri sem liggja í íslenskri matvælaframleiðslu.

### *Verslunin ekki í takt við þá hugsun að velja íslenskt*

„Iðnaðurinn segir: „Veljum íslenskt“, að sjálfsögðu segja þeir það og við styðjum þá í því.

Verslunin hvetur fólk til að versla á Íslandi, kaupa íslenska þjónustu, og ekkert nema gott um það að segja.

En það skýtur vægast sagt skökku við þegar samtök sem ætlast til þess að Íslendingar hugsi til hagsmuna samfélagsins, þegar valið snýst um hvar þeir kaupa skuli um leið gera það að sérstöku átaksverkefni að koma í veg fyrir sömu samfélagshugsun þegar menn ákveða hvað þeir kaupa. Og hvernig var það með matvælaverðið?

Nú sjáum við að þótt það sé ekki gert eins mikið af því að bera saman matvælaverð milli landa nú og áður var (þegar krónan var of hátt skráð) að matvælaverð á Íslandi er á við meðaltalsverð í Evrópu og raunar töluvert lægra ef aðeins eru borin saman þau matvæli sem við framleiðum innanlands. Og eins og menn þekkja er matvælaverð miklu lægra hér en á hinum Norðurlöndunum.

Ef litið er til þess hlutfalls tekna heimilanna sem heimilin þurfa að verja til matarkaupa sést að hlutfallið er talsvert lægra á Íslandi en það er að meðaltali í Evrópu.“

### *Íslenskir bændur bestu vinir neytenda*

Þegar verðbólgan tók á skrið í efnahagsþrengingunum upp úr 2008 hélt innlend matvara aftur af hækkun vöruverðs og verðlagsvísitölunnar. Verð innlendra matvæla hækkaði mun minna en þeirra innfluttu og minna en vöruverð almennt.

Íslenskir bændur eru bestu vinir íslenskra neytenda. Við vitum af reynslu annarra að afnám tollverndar og aukinn innflutningur á kostnað heimaframleiðslu er ekki til þess fallið að lækka verð. Þvert á móti!

Fyrst yrði innlendri framleiðslu rutt úr vegi og svo ættu verslanirnar og innflytjendurnir markaðinn.

Því er svo jafnan haldið fram að Ísland sé lokað land og við búum við forneskjuleg höft.“

### *Fásinna að ætlast til að við gefum eftir tollvernd einhliða*

„Í ágætum bæklingi Bændasamtakanna um tollamál kemur fram að tollabandalagið ESB leggur tolla á tvöfalt fleiri vöruflokka en Íslendingar.

Flestar landbúnaðarvörur sem fluttar eru til Íslands eru fluttar inn án tolla.

ESB veitir auk þess styrki til útflutnings umframframleiðslu. Nokkuð sem lagt var af hér á landi fyrir um 20 árum.

Við höfum gert fjölda fríverslunarsamninga þar sem við gefum eftir tolla um leið og við opnum markaði fyrir íslenska framleiðendur og við höfum verið reiðubúin að halda áfram á sömu braut.

En það er hrein fásinna að ætlast til að við gefum eftir tollvernd einhliða án þess að neitt sambærilegt komi á móti. Slíkt gengi gegn þjóðarhagsmunum.

Almenningur á Íslandi er búinn að fjárfesta í íslenskum landbúnaði, semja við bændur um að þeir taki að sér að framleiða vörur.

Það er furðulegt að láta sér detta í hug að það þjóni hagsmunum þess sama almennings að eyðileggja þá góðu fjárfestingu.

Það væri fráleitt að kasta samningsstöðu Íslands á glæ og það er furðulegt að menn skuli ræða það að fórna slíkum hagsmunum og fyrir hvað?

Eins og menn þekkja er ekki verið að verja hag neytenda. Það er allt annað sem býr þar að baki.

Nú er líklega rétt að geta þess að ég tala alls staðar eins um þessi mál, hvort sem ég er staddur á flokksþingi eða Alþingi, á Búnaðarþingi eða viðskiptaþingi.

Það er enda hagsmunamál annarra atvinnugreina og samfélagsins alls að litið sé til landbúnaðar með velþóknun.

Það er mikilvægt að samtök ólíkra atvinnugreina standi saman og standi með landbúnaði. Slíkt er allra hagur, hagur samtakanna og hagur samfélagsins.

Ekki þarf að hafa mörg orð um hve íslensk matvælaframleiðsla (og - framreiðsla) og ferðaþjónusta fara vel saman, stundum er þetta jafnvel sami hluturinn.

Það sama ætti að eiga við um atvinnugreinar, hvort sem litið er á iðnað, nýsköpun eða verslun. Allar þessar greinar hafa hag af því að taka þátt í að nýta þau tækifæri sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir.

Ég vænti þess að á þessu Búnaðarþingi verði unnin góð vinna í þágu landbúnaðar, og þar með samfélagsins, og geri ráð fyrir að í framhaldinu fari fram mikilvægt samráð og samstarf stjórnvalda og fulltrúa bænda við að bæta starfsskilyrði greinarinnar og efla hana.

Bændum óska ég til hamingju með Búnaðarþing 2015 og íslenskum neytendum óska ég til hamingju með að eiga íslenska bændur.“

*(Millifyrirsagnir eru blaðsins)*


# Aðalfundarboð

Aðalfundur Samtaka eigenda sjávarjarða, Ses, verður haldinn föstudaginn 13. mars 2015 á Hótel Sögu (Radisson, SAS hótel) í salnum Keilir á 2. hæð Bændahallarinnar í Reykjavík og hefst hann kl. 15:00.

Fram fara venjuleg aðalfundarstörf. Væntum við þess að sem flestir mæti og sýni þar með samstöðu í þessu mikilvæga máli.

***Stjórn Ses.***



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## ATVINNUAUGLÝSINGAR

### FRAMTÍÐARSTARF

**Vegna aukinnar þjónustu við bændur vantar okkur góðan sölumann í liðið okkar á Akureyri. Starfið felst aðalega í sölu véla og tækja, en einnig að einhverju leyti í sölu í verslun á Akureyri.**

- Framtíðarstarf, 100% vinnutími.
- Sem sölumaður þarf viðkomandi að hafa gaman af að ferðast og keyra um landið.
- Reynsla úr sveit æskileg.
- Reynsla af LELY mjaltaþjónsbæ – enn betri.
- Bæði kyn hvött til að sækja um.
- Þarf að hafa bifreið til umráða, allavega í upphafi starfstíma.
- Tungumál, enska, danska, íslenska.
- Tölvufærni í Excel, Word skilyrði og Axapta æskileg.
- Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### SUMARSTARF

**Óskum eftir starfsmanni/konu til afleysinga í verslun okkar á Akureyri, að Baldurnesi 2.**

- Lágmarksaldur 17 ár og bílpróf.
- Starfið felst í sölu á rekstrarvörum og varahlutum til landbúnaðar, ásamt ýmsum snúningum.
- Reynsla úr sveit æskileg.
- Tölvufærni í Excel og Word æskileg.
- Áætlaður starfstími er frá 10. maí til 20. ágúst 2015

**Umsóknir sendist til stefan@vbl.is og/eða gunnaregils@vbl.is**

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd. www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600







Þór Þorfinnsson, skógarvörður Skógræktar ríkisins á Hallormsstað, við vænan stafla af grisjunarvið. Mynd / MÞÞ

Þór Þorfinnsson, skógarvörður Skógræktar ríkisins í Hallormsstaðaskógi:

# Verkefni í skógrækt hafa skapað atvinnu og verið lyftistöng á Héraði

**„Yfir vetrartímann fer mesta púðrið í störf sem tengjast grisjun og viðarvinnslu, við framleiðum bæði borðvið og eldivið en einnig ýmiss konar afurðir aðrar úr þeim við sem til fellur hjá okkur," segir Þór Þorfinnsson, skógarvörður Skógræktar ríkisins í Hallormsstaðaskógi.**

Alls eru 9 fastir starfsmenn að störfum í skóginum um þessar mundir, en þeim fjölgar þegar líður á vorið og sumarið. Töluverður fjöldi skólafólks starfar jafnan á þeim árstíma í Hallormsstaðaskógi við ýmis verkefni. Að sumarlagi eru helstu verkefnin rekstur tveggja tjaldsvæða í skóginum, umhirða ungskóga, uppbygging og viðhald gönguleiða og Trjásafnsins fyrir gesti skógarins auk annarra hefðbundinna starfa sem tengjast rekstri skógarins á Hallormsstað.

### *Mikil eftirspurn eftir afþreyingu*

Mikill fjöldi ferðamanna sækir Hallormsstaðaskóg heim á hverju sumri, í skóginum sjálfum eru eins og áður sagði tvö tjaldsvæði en einnig er rekið í einkaeign eitt stærsta og myndarlegasta hótel fjórðungsins. „Tilvera hótelsins í skóginum gerir að verkum að hér er jafnan mikill fjöldi gesta, einhvers staðar á bilinu 40–50 þúsund manns, og eftirspurn eftir afþreyingu er mikil. Trjásafnið okkar laðar marga að, en í því er að finna yfir 75 trjátegundir víða að úr heiminum.

Merktar gönguleiðir um skóginn eru fjölmargar og mislangar þannig að allir ættu að finna sér gönguferð við hæfi. Við höfum reynt eftir megni að styðja við bakið á þeim ferðaþjónustuaðilum sem vilja bjóða upp á afþreyingu fyrir gesti, en í því sambandi má nefna hestaleigu, fjórhjólaferðir og bátaleigu. Það er því ótal margt sem gestir geta valið um að gera á meðan þeir staldra við í skóginum," segir Þór.



Einar Guðsteinsson, verktaki og sauðfjárbóndi grisjar lerkiskóg. Mynd / www.skogarorka

### *Kurlkyndistöð skapar atvinnu*

Kurlkyndistöð var sett upp á Hallormsstað haustið 2009 og hefur hún að sögn Þórs gengið stóráfallalaust síðan. Kyndistöðin er hlutafélag í eigu nokkurra aðila, en stærstan hlut á Hitaveita Egilsstaða og Fella. Kyndistöðin notar um 550 fm³ af bolviði sem er um 1300 lm³ af kurli og kyndir nálægar byggingar, m.a. Hótel Hallormsstað og skólann í skóginum. „Með tilkomu kyndistöðvarinnar varð í fyrsta skipti til fastur kaupandi að hráefni skógarins," segir Þór og bætir við að margt jákvætt hafi gerst í kjölfar þessa verkefnis. „Verktakar hafa séð um grisjun, kurlun og alla flutninga á hráefninu í stöðina. Til að byrja með var grisjað með keðjusögum en vélvæðing hélt fljótlega innreið sína hjá verktökunum sem hefur skilað hagræðingu og nútímalegri vinnubrögðum auk þess að skapa fleiri störf í greininni."



Í Hallormsstaðaskógi er framleiddur borðviður og eldiviður, en einnig ýmiss konar afurðir aðrar úr þeim við sem til fellur. Jón Þór Tryggvason er við eldiviðarsögina. Mynd / MÞÞ

### *Áform um aukna dreifingu orkunnar*

Þór segir að nú sé fyrstu grisjunarumferð í skógum Skógræktar ríkisins á Hallormsstað að ljúka og skógarbændur á Héraði taki við afhendingu á efni til kyndistöðvarinnar nú í ár. „Það eru einnig uppi áform um að auka dreifingu orku frá kyndistöðinni um byggðina á Hallormsstað og það kallar á meira magn hráefnis," segir hann.

Nýr markaður hefur svo skapast á liðnum árum fyrir grisjunarvið eftir að samningar tókust um sölu til Elkem á Grundartanga. Á Fljótsdalshéraði hefur Skógræktin á Hallormsstað afhent 1400 fm³ (fastrúmmetra) til Elkem og mun í ár afhenda um 500–700 fm³. Skógarbændur á Héraði hafa einig afhent hráefni úr bændaskógunum.

### *Lyftistöng fyrir skógrækt á Héraði*

„Bæði þessi verkefni hafa verið skógrækt á Héraði og landinu öllu mikil lyftistöng. Þau hafa orðið til þess að mikil grisjun er í gangi alls staðar og einnig hefur jákvæð þróun átt sér stað í vélvæðingu og vinnubrögðum," segir Þór og nefnir í því sambandi Einar Örn Guðsteinsson, sauðfjárbónda á Teigarbóli í Fljótsdal, sem séð hefur

## Hallormsstaðaskógur:

# Fyrsti þjóðskógur landsins og stærstur skóga á Íslandi

**Hallormsstaðaskógur er stærstur skóga á Íslandi, hann þekur um 740 hektara og er í eigu Skógræktar ríkisins. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði, en í honum eru um 40 kílómetrar af göngustíðum og mikið um merktar gönguleiðir um fjölbreytt landslag. Hallormsstaðaskógur er á austurströnd Lagarfljóts, um 27 kílómetra frá Egilsstöðum og um 5 kílómetra utan við Fljótsbotninn þar sem Jökulsá á Fljótsdal fellur í Fljótið.**

Alþingi samþykkti árið 1899 lög sem heimiluðu friðun Hallormsstaðaskógar og náði sú friðun loks fram að ganga árið 1905. Þar með varð Hallormsstaðaskógur fyrsti þjóðskógur Íslands, en jafnframt má segja að þetta hafi verið fyrsta skref Íslendinga í náttúruvernd því skógurinn var friðaður til að vernda „einasta kjarrskóg á Íslandi sem hefur varðveist allsæmilega“ eins og Christian Flensborg komst að orði árið 1901.

### *Nautgripir gengu frjálsir í skóginum*

Á árunum frá 1905 til 1908 var unnið að því að girða frá Lagarfljóti beggja vegna, frá hamrabelti í fjallinu ofan við bæinn, sem í daglegu tali er nefnt Bjarg. Það reyndist þó ekki nægileg vörn gegn ágangi sauðfjár og því var bætt um betur árið 1925. Tveimur árum síðar var svo girt utan um syðsta hluta skógarins, um svonefnda Ljósárkinn, sem skilinn var eftir 1908 og skóglaust svæði, Geitagerði, en þar var eftir síðari heimsstyrjöld reist nýbýlið Sólheimar. Ekki var þó um algera beitarfriðun að ræða, því nautgripir gengu frjálsir í skóginum til ársins 1941. Árið 1957 var girðing ofan við nyrsta hluta skógarins færð upp á svokallað Votabjarg, á þann hluta fjallsbrúnarinnar sem nær að Hafursá. Þar með var friðun Hallormsstaðalands að Ásum lokið en þeir taka við suðvestan skógarins.

### *Hafursá keypt 1947*

Skógrækt ríkisins keypti jörðina Hafursá árið 1947, en hún er næst Hallormsstað að norðaustanverðu. Jörðin var leigð til ábúðar næstu áratugi, en mjó spilda var girt af landi hennar ofan þjóðvegar að Lagarfljóti á árinum 1959 til 1960. Áður en gengið var frá ristarhliði á þjóðveginum á norðausturgafli girðingarinnar afhentu eigendur Mjóaness, sem er næsta jörð við Hafursá, Skógrækt ríkisins land til afnota, en það er á milli þjóðvegar og Lagarfljóts, að undanskildu svæði kringum túnin. Lokið var við að girða þetta land árið 1964 og hafði þá bæst við um 5 kílómetra lönd spilda út með Lagarfljóti við friðlandið í Hallormsstað. Gróðursetning í nýju spilduna hófst 1965 og var langt komin árið 1980.

### *Stór svæði bæst við skóginn*

Nú rúmri öld eftir friðun skógarins er hann einn stærsti og þekktasti skógur landsins. Árið 1906 þakti birki um 250 ha innan girðingar og eftir friðun tók það strax að breiðast út. Nú þekur birkiskógur um 350 ha lands innan sömu girðingar auk þess sem aðrar trjátegundir hafa verið gróðursettar í 200 ha. Þá hafa á liðnum árum bæst stór svæði við Hallormsstaðaskóg, á svæði við Hafursá og Mjóanes hefur verið gróðursettur mikill lerkiskógur og við Ása og Buðlungavelli er sjálfsgræðsla birkis í algleymingi.

Í Hallormsstaðaskógi er fjölbreytt og fjölskylduvænt trjásafn með yfir 70 trjátegundum. Alls eru í skóginum um 85 trjátegundir frá um 600 stöðum víðs vegar um heiminn.

/MÞÞ




**Þór við minningarstein um danska skógfræðinginn Christian E. Flensborg sem kom mikið við sögu á upphafsárum skógræktar á Íslandi, ekki síst á Hallormsstað. Árið 2005 voru 100 ár liðin frá því fyrstu barrtén voru gróðursett í Hallormsstaðaskógi að fumkvæði Flensborgs, en það var gert árið 1905. Einu trén sem eftir eru frá þessu ári eru trén til hægri á myndinni, örfá eintök af blágreni.** Mynd / MÞÞ

um alla grisjun og útkeyrslu hráefnis úr Hallormsstaðaskógi til Elkem. Til verksins notar hann 10 tonna gröfu með felli- og afkvistunarhaus frá Finnlandi, en grisjunarviðinn keyrir Einar úr skóginum með sínum traktor og viðarvagni með krana. „Þetta vinnur hann á milli gjafa,“ segir Þór. „Menn horfa nú til þess að byggð verði verksmiðja á Bakka við Húsavík, en þar mun skapast markaður fyrir hráefni skógarins, bæði hér á Austurlandi en einnig á Norðurlandi.“

### *Spennandi þróunarverkefni*

Félag skógarbænda á Austurlandi í samvinnu við Austurbrú, Landshlutasamtök skógareigenda, Héraðs- og Austurlandsskógar, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Austurlands hafa stofnað til sameiginlegs verkefnis sem nefnist Afurðamiðstöð viðarafurða en tilgangur þess er að auka virði skógarnytja og efla áframvinnslu hráefnisins. Þór segir að þegar sé búið að vinna viðarmagnsúttekt á vegum verkefnisins þar sem mat er lagt á það viðarmagn sem mögulegt er að grisja á næstu 30 árum í nytjaskógum bænda á Fljótsdalshéraði. „Nú er unnið að gerð viðskiptaáætlunar en einnig eru menn að skoða ýmsa aðra þætti, s.s. markaðs- og tæknigreiningar. Þetta er spennandi þróunarverkefni sem vonandi getur til framtíðar tryggt betri og fjölbreyttari nýtingu á viðarafurðum og skapað störf heima í héraði,“ segir Þór. /MÞÞ


Parketundirlegg, furugólfborð og kúlupanell

Á lager 3 mm. parketsvampur. Verð kr. 200 per m2 án vsk.
Ódýru furugólfborðin komin aftur. Verð kr. 2.500 per m2 án vsk. Pantanir óskast sóttar.
Kúlupanell, 14 mm. kominn aftur.
Breidd 95 og 120mm. Verð 1.860 kr. per m2 án vsk.
Vorum að fá 32x100mm

Eikin ehf. Kleppsmýravegi 8, sími 577 2577, eikin@eikin.is

VINDKNÚNAR
FUGLAFÆLUR







Kaupfélag Borgfirðinga
og Kaupfélag Skagfirðinga
eru söluaðilar fyrir Portek fuglafælurnar

Portek LTD
www.portek.co.uk

Dreifing:
Veiðihúsið
Hólmaslóð 4 • 101 Reykjavík • Símar: 562-0095 / 897-1719 • www.veidihusid.is

SUZUKI Way of Life!
SUZUKI QuadSport FYRSTIR MEÐ FJÓRHJÓL First on 4 Wheels

SMELLTU ÞÉR Á NÝTT SUZUKI FJÓRHJÓL FYRIR VORIÐ!



VERÐ Kr. 2.290.000,- með/vsk
(Kr. 1.846.774,- án/vsk)

SUZUKI KINGQUAD 750 AXi 4x4 POWER STEERING

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
SKEIFAN 17 S:565-1725 SUZUKI@SUZUKI.IS - SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS




Utan úr heimi



Náttúruvernd:

# Stækkun vegakerfa hættuleg náttúrunni

**Lagning nýrra vega í þróunarlöndunum er náttúrunni meiri ógn en allar stíflur, námur, olíuvinnsla og stækkun borga samanlagt samkvæmt því sem segir í nýlegri skýrslu sem unnin var við Cook-háskóla í Ástralíu.**

Ástæðan fyrir því að vegir eru náttúrunni svona hættulegir eru sagðir vera að þeir opni fyrir og auðveldi aðgengi veiðiþjófa og þeirra sem stunda ólöglegt skógarhögg að áður óaðgengilegum stöðum og ósnertri náttúru.

Í skýrslunni segir að nýir vegir um áður ósnert svæði verði nú til sem aldrei fyrr og áhrif þeirra nái langt út fyrir vegbrúnir þeirra. Enn fremur segir að áhrif vegagerðar séu sjaldan talin með þegar rætt sé um nauðsyn þess að vernda náttúruna. Vegir um regnskóga Suður-Ameríku og víðar í heiminum eru sagðir sérstaklega varasamir þar sem þeir auðveldi aðgengi að skógunum og um leið ólöglegu skógarhöggi.

Sem dæmi um tengsl vegagerðar og náttúruspjalla er að í Kongó hafa skógarhöggsfyrirtæki lagt um 50.000 kílómetra af vegum frá síðustu aldamótum. Á sama tíma hafa um tveir þriðju af villtum fílum í sömu skógum fallið fyrir veiðiþjófum. /VH



Inngangur að „Dómsdagshvelfingunni“ á Svalbarða.

# Fyrstu trjáfræin send til geymslu á Svalbarða

**Frá því að frægeymslan á Svalbarða tók til starfa árið 2008 hafa verið send þangað til varðveislu fræ af rúmlega 840.000 afbrigðum matjurta. Frægeymslunni, sem gengur undir heitinu Dómsdagshvelfingin, er ætlað að varðveita erfðaefni plantna fyrir komandi kynslóðir.**

Ákveðið hefur verið að auka við fjölbreytni fræsafnsins og fyrir skömmu voru fyrstu trjáfræin tekin til geymslu og var rauðgreni (Picea abies) fyrsta trjátegundin sem hefur verið tekin inn í hvelfinguna.

Með því að auka við fjölbreytni fræsafnsins er hugmyndin að auka magn erfðaefnis sem er varðveitt og hugsanlega er í hættu vegna loftslagsbreytinga.

Auk trjáfræjanna sem þegar er búið að senda í hvelfinguna til varðveislu er verið að undirbúa sendingu fræja af skógarfuru (Pinus sylvestris) og rauðgreni (Picea abies) sem safnað var í skógum Noregs og Finnlands.

Meðal annarra fræja sem send hafa verið til geymslu í dómsdagshvelfingunni á Svalbarða nýverið er fræ 14 afbrigða villitómata, þar af eru 5fimm frá Galapagoseyjum. /VH



## Matvælaverð skiptir alla máli:

# Strimillinn fékk Gulleggið

**Strimillinn, sem er miðlægt hugbúnaðarkerfi sem ætlað er að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um verðlag á dagvöru á Íslandi, hlaut Gulleggið sem er frumkvöðlakeppni Klak Innovit.**

Hugi Þórðarson hjá Loftfarinu ehf., sem er einn af hönnuðunum á bakvið Strimilinn, segir að hugmyndin að verkefninu hafi vaknað skömmu eftir hrunið en hugmyndin sjálf gangi út á að fólk geti á einfaldan hátt haft upplýsingar um verðlag á netinu.


Aðstandendur Strimilsins; Hugi Þórðarson, Sindri Bergmann og Lee Roy Tipton.

***Myndir af innkaupastrimlum***

„Þar sem neytendur geta í fæstum tilfellum sjálfir sótt upplýsingar um verðlag í verslunum datt okkur í hug að fara þá leið að lesa verðstrimlana og birta verðið á þeim. Markmið Strimilsins er að opna þessar upplýsingar upp á gátt.

Einfaldasta lýsingin á þessu er að fólk tekur mynd af innkaupastrimlinum og sendir okkur í gegnum vef, app eða tölvupóst. Vöruverðið, varan og hvar hún var keypt er lesið og skrásett og gert öllum aðgengilegt, þú færð yfirlit yfir þín innkaup og ábendingar um hvernig þú getur sparað,“ segir Hugi.

Að sögn Huga er enn verið að móta tekjumódelið fyrir þjónustuna.

„Í grunninn verður aðgangur að nýjasta verði í verslunum ókeypis en við erum einnig að þróa áskriftaraðgang.“ /VH

# Búnaðarstofa

**Búnaðarstofa vekur athygli á að yfirlit (afurðamiði) vegna skattframtals 2015 er á Bændatorginu undir Rafræn skjöl, Skattyfirlit**

Allir bændur eiga að hafa aðgang að Bændatorginu, en þeir sem ekki eru þegar komnir með aðgang skal bent á að sækja um á www.bondi.is (Nýr notandi - efst í hægra horni má sjá Bændatorgið).




## Búnaðarstofa vekur athygli á að síðasti skiladagur til að sækja um eftirtalda styrki er 15. mars 2015

### Lýsingarbúnaður í gróðurhúsum

Veittir eru styrkir til uppsetningar á lýsingarbúnaði samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og reglugerð nr. 1178/2014, VIÐAUKA I, *Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.*

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015.

Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Kristinsdóttir í síma 563 0300 og á ak@bondi.is

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

### Vatnsveitur á lögbýlum

Veittir eru styrkir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015. Með umsókn skal fylgja, mat búnaðarsambands á þörf býlis fyrir vatnsveitu og staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Rafrænt umsóknarform verður opnað þriðjudaginn 24. febrúar nk. Reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

### Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings og reglugerð nr. 1100/2014, VIÐAUKA IV, *Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.*

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015. Rafrænt umsóknarform verður opnað miðvikudaginn 18. febrúar nk. Reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is

Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík


MJÓLKURTANKAR FRÁ RÖKA




Sílótankar
í stærðum 3.000L – 40.000L.

Magnstýrð ræsing á kælivélum.
Henta einstaklega vel fyrir sjálfvirkar mjaltir, og þar sem ófyrirséð framleiðsluaukning verður næstu ár.
Sílótankarnir eru staðsettir utandyra, og spara því húsrými.

Liggjandi tankar



Hefðbundnir liggjandi tankar í stærðum 1.000L – 30.000L.
Fáanlegir í mismunandi útfærslum varðandi breidd, hæð og lengd.

RØKA INDUSTRI

Allir Röka tankar eru með alsjálfvirku þvottakerfi fyrir nútíma kröfur, og tengjast auðveldlega mjaltaþjónum. Röka mjólkurtankar hafa verið tengdir hjá fimmta hverjum mjólkurframleiðanda á Íslandi.

Hjá Milli mjalta ehf. er áratuga reynsla í meðhöndlun mjólkurtanka og faglegri ráðgjöf þar að lútandi.

Allar nánari upplýsingar á www.millimjalta.is
og í síma 863-3047 - millimjalta@simnet.is



Milli mjalta ehf
Viðgerðarþjónusta
mjólkurtankar
mjaltakerfi - fóðurkerfi
Fær í flest í fjósum



Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

## Elísabet Gunnarsdóttir hundaþjálfari gaf út bók á dögunum um fjárhunda:

# Of algengt að bændur fari með hund í smalamennsku án markvissrar tamningar

**Við sögðum frá því í Bændablaðinu á dögunum að út væri komin bók um þjálfun Border Collie fjárhunda, eftir Elísabetu Gunnarsdóttur hundaþjálfara. Elísabet, sem hefur umgengist þessa hunda frá barnsaldri, segir allt of algengt að bændur fari með hund í smalamennskur án þess að nokkur markviss tamning hafi átt sér stað, enda hafi verið skortur á íslensku fræðsluefni um þessa tegund.**

„Faðir minn, Gunnar Einarsson, ræktaði og tamdi Border Collie hunda. Fyrir mér var eðlilegt að sex til tólf hundar væru á bænum. Þegar ég varð níu ára fékk ég það hlutverk að gefa hundunum og fara með þá í gönguferðir á hverjum degi. Þetta gerði ég að sumarlagi í mörg ár. Þetta voru oft langar gönguferðir þar sem ég varði drjúgum tíma með hundunum. Þannig kynntist ég þeim vel og þeir urðu vinir mínir og skjólstæðingar. Eftir að hafa verið fjarri góðu gamni sökum skólagöngu í nokkur ár fékk ég endurnýjaðan áhuga á tegundinni upp úr tvítugu og byrjaði að temja sjálf. Síðan þá hefur hundaáráttan aukist með hverju árinu ef eitthvað er,“ segir Elísabet um það hvernig hún fékk áhuga á Border Collie hundunum.

### *Ólíkir persónuleikar*

Hvað skyldi það vera sem maður leitar eftir í hvolpi og hvernig er best að ala þá upp? „Þeir eru mjög ólíkir persónuleikar þessir hundar og ekki það sama sem hentar öllum. Þegar ég vel mér hvolp vil ég að hann sé með gott sjálfstraust, vinalegur og óhræddur. Þótt ýmis persónueinkenni komi í ljós fljótlega segir það manni lítið um það hvernig hundurinn kemur til með að haga sér í fé. Allra fyrstu vikurnar þurfa þeir fyrst og fremst á hlýju og umhyggju að halda. Þegar hvolpurinn er á bilinu fjögurra til sextán mánaða er mjög mikilvægt að hann fái félagsþjálfun og umhverfisþjálfun. Það er að honum sé sinnt og hann fái að kynnast heiminum frá sem flestum sjónarhornum. Síðan er mikilvægt að koma í veg fyrir hegðunarmynstur sem maður vill ekki sjá til frambúðar. Það gerir maður fyrst og fremst með því að búa ekki til eða láta hundinn komast í aðstæður þar sem hann fær eitthvað út úr því að endurtaka hegðun sem manni mislíkar. Frekar á að láta hundinn hafa ánægju af því að bjóða manni hegðun sem manni líkar.“

Elísabet segir að framhaldið snúist fyrst og fremst um að sinna hundinum, verja með honum tíma, þjálfa hann markvisst og kenna honum það sem ætlast er til af honum; hvort sem það eru góðir siðir eða að smala kindum. „Border Collie hundar eru mjög orkumiklir og geta auðveldlega orðið stressaðir og þróað með sér ýmis hegðunarvandamál hafi þeir ekki nóg fyrir stafni. Það er því mikilvægt að láta þá fá útrás í gegnum vinnu og hreyfingu.“

### *Það geta ekki allir Border Collie orðið góðir smalahundar*

Það geta ekki allir Border Collie hundar orðið góðir smalahundar, að sögn Elísabetar. „Ræktunin hefur svolítið verið að þróast í tvær áttir. Sýningarlínur, sem eru ekki lengur ræktaðar með tilliti til smalaeiginleika, og svo vinnuhundalínur – þar sem vinnueðlið er númer eitt, tvö og þrjú. Það er því líklegra að finna góðan smalahund í vinnuhundalínunum, þó vissulega séu til undantekningar frá þessu. Þó svo að þú kaupir hund úr góðri ræktun er alltaf einn og einn hundur sem hefur ekki áhuga á að smala eða stendur ekki undir væntingum, en flestir þeirra geta orðið nothæfir með réttri þjálfun. Brennandi áhugi á fé, hæfileikinn og viljinn til að læra, ásamt einstöku vinnueðli gerir það að verkum að hægt er að kenna þeim að leysa mjög fjölbreytt og krefjandi verkefni í smölun.“

### *Gleðistundirnar með hundunum*

En hvað fær Elísabet út úr öllu þessu samneyti við hundana? „Þegar maður er úti á túni með efnilegan hund í kindum líður tíminn hratt. Hundarnir hafa svo mikla ánægju af þessu að hún smitast yfir á mann sjálfan. Að auki er gaman að sjá hvernig hundinum fer fram og sjá þannig árangur af þeirri vinnu sem maður leggur í hundinn. Síðan eru þetta bara svo skemmtilegir einstaklingar og mikill félagsskapur af þeim.

„Ég á auðvitað margar minningar þar sem hundar koma við sögu í gegnum tíðina,“ segir Elísabet þegar hún er beðin um að rifja upp minnisstæðan atburð í lífi hennar tengdan hundum. „Ef til vill er við hæfi að segja frá fyrstu minningunni. Ætli ég hafi ekki verið rúmlega tveggja ára því þá bjuggum við í Setbergslandi í Hafnarfirðinum sem þá var hálfgerð sveit. Pabbi átti nokkra hunda sem voru hýstir í útihúsi skammt frá húsinu okkar. Hann tók mig stundum með að viðra hundana. Um leið og mér þótti þetta spennandi var ég hálf hrædd við þessa ærslabelgi, svo ég fékk að sitja ofan á þakinu á meðan hundarnir þurstu út um dyrnar og hlupu hver í kapp við annan um svæði sem í dag er þéttsetin íbúabyggð. Um leið og þetta er mín fyrsta minning um hunda þá er þetta líka ein af mínum allra fyrstu minningum.“ */smh*



Með Border Collie hunda í gönguferð á Daðastöðum 2013.



Sigrún Lillý Aðalsteinsdóttir, dóttir Elísabetar, rúmlega ársgömul.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

## Starfsmaður óskast í norska sveit

RO DRIFT AS auglýsir eftir vinnumanni í fasta vinnu á stórt svína/kindabú til lengri tíma. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Vinnuveitandi er dýralæknir og skilur íslensku ágætlega.

**Hæfniskröfur:**
- Metnaðargjarn og nákvæmur
- Vinnusamur og fjölhæfur
- Meirapróf (klasse C)

Reynsla af grísaframleiðslu eða húsdýrahaldi er ekki nauðsynleg, en kostur.

RO DRIFT AS er staðsett í Øyer sem er stutt fra Lillehammer (20 mín) og Gardermoen flugvelli (2 tímar). Sjá www.lillehammer.com.



Aðstoð við að finna húsnæði.

**Umsókn sendist á alli@bill.is og nánari upplýsingar um starfið veitir: Aðalsteinn, alli@bill.is eða síma 6952015. Umsóknarfrestur 30. mars 2015**

# Fræðsluritið Burður og burðarhjálp komið út

**Landssamband kúabænda hefur nú gefið út fræðsluritið Burður og burðarhjálp, en þetta fræðslurit er gert með það í huga að gefa notandanum góð ráð þegar kemur að burði og hugsanlegri burðarhjálp.**

Fræðslurit þetta, sem upprunalega var skrifað á sænsku af þeim Karin Granström og Anita Jonasson, var skrifað af höfundunum fyrir þarlenda bændur með holdakýr. Framsetning efnisins var afar skýr, greinargóð og með góðum leiðbeiningum og var það mat LK efnið gæti hentað vel fyrir íslenska kúabændur, hvort sem þeir væru með mjólkur- eða holdakýr. Það var því leitast eftir því við höfunda að fá heimild til þýðingar á verkinu og var það auðsótt, en um þýðingu og staðfærslu sá Snorri Sigurðsson, ráðgjafi hjá SEGES í Danmörku, og Grétar Hrafn Harðarson, dýralæknir, sá um faglegan yfirlestur.

Það er von Landssambands kúabænda að fræðslurit þetta komi að góðum notum í dagsins önn, stuðli að bættum hag bænda ásamt því að auka velferð búpenings.

Þetta fræðslurit, sem er alls 28 blaðsíður í A4 broti, verður sent til allra kúabænda landsins í mars og sjá mjólkurbílar um að koma ritinu til allra kúabænda í mjólkurframleiðslu en þeir kúabændur sem einungis eru með kýr í kjötframleiðslu fá fræðsluritið með pósti. Ef svo óheppilega vill til að ritið hafi ekki borist á eitthvert kúabú þegar mánuðurinn er úti, biðjum við viðkomandi að senda okkur tölvupóst (skrifstofa@naut.is) eða hafa samband við skrifstofu LK: 450-1390. Aðrir, en kúabændur landsins, geta keypt ritið á kr. 1.000 og geta pantað það með því að senda tölvupóst á skrifstofa@naut.is.



# ARGO á Sjó og Landi

Frístundahús ehf

ARGO.IS



S.8610000







REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

# HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælur

## Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



# BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. mars



# Munið að panta lambamerkin

## Tagomatic




Einföld merki á frábæru verði. Helmingsafsláttur af ísetningartöngum með fyrstu pöntun.




30,- án vsk áprentun innifalin

## Rototag




Þessi gömlu góðu sem endast og endast. Hert nælon með laser áprentun.




44,- án vsk áprentun innifalin

**ATHUGIÐ:** Síðustu forvöð til að panta lambamerki svo þau berist fyrir sauðburð er **20. mars n.k.** Pantanir má einnig senda á netfangið einaro@thor.is

Munið að panta fyrir 20 mars 2015

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is


# Grisjunarútboð

Héraðs- og Austurlandsskógar (HASK), fyrir hönd landeigenda, óska eftir tilboði í grisjun á lerkiskógi í Klúku, Fljótsdal. Lerkiskóg, blandaðan furu, í tveimur misstórum reitum (neðra svæði er 5,3 ha og efra 6,1 ha. (sjá mynd).



Gera skal tilboð fyrir svæðið í heild og skal tilboðið vera með vsk.

Tilboðum skal skila inn fyrir 23. mars 2015, kl. 12:00 á skrifstofu Héraðs- og Austurlandsskóga, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir eða með því að senda tölvupóst á skogar@heradsskogar.is.

Nánari upplýsingar á www.heradsskogar.is

HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR



## Matarmarkaður Búrsins í Hörpu:

# Meira en 45 smáframleiðendur héldu uppi blómlegri markaðsstemningu

Matarmarkaður Búrsins á nú orðið fastan sess í huga ástríðufólks um mat og hráefni. Ríflega 45 smáframleiðendur tóku þátt í markaðnum að þessu sinni, en þeir eru nú haldnir þrisvar sinnum á ári.

Markaðurinn var opinn laugardaginn 28. febrúar og sunnudaginn 1. mars og skapaði skemmtilega umgjörð utan um aðra matartengda viðburði sem voru haldnir báða þessa daga; á laugardeginum var lokadagur Food and Fun, en þá var haldin úrslitakeppni gestakokka hátíðarinnar, og svo á sunnudeginum var Búnaðarþing sett og eins fór fram úrslitakeppni í keppninni um Matreiðslumann ársins.

Sýningarsvæðið er nú stærra en var í fyrstu og því fer vel um gesti og framleiðendur. Það leyndi sér ekki meðal gesta að þeir kunna vel að meta þennan viðburð og þá grósku sem er í dag meðal smáframleiðenda.

Meðal nýjunga á markaðnum að þessu sinni má nefna kálfakjöt frá Hundastapa, sauðfjárafurðir frá sláturhúsinu í Seglbúðum, korngrís frá Laxárdal, grafið hrossafillé og tvíreykt hangikjöt frá Hrólfsstaðahelli. /smh



Sveitamarkaðurinn Ljómalind var með fullan kæli af krásum.



Hér er verið að sneyða niður tvíreykt hangikjöt frá Hrólfsstaðahelli.



Sælkerasinnep frá Matarbúrinu, Hálsi í Kjós.



Sólsker á Hornafirði bauð upp á heitreyktan makríl.



Jóhanna Þorvaldsdóttir á Háafelli var með ýmsar geitfjárafurðir til átu og að auki ilmandi góðar sápur, sölt og krem.





Birkisíróp, rabarbarasulta með vanillu og fjallagrösum og margvíslegt fleira. Holt og heiðar á Héraði. Myndir / smh




Krydd- og tejurtir frá Urta Islandica eru orðnar landsþekktar.



Sælkerasveppir. Boðið upp á smakk á þurrkuðum og ferskum ostrusveppum.



Frá Kiðafelli í Kjós komu sauðfjárafurðir.




Frá Vallanesi á Héraði koma lífrænt vottaðar vörur undir vörumerkinu Móðir jörð. Vörulínan er orðin býsna myndarleg.



Gestgjafinn, Búrið ljúfmetisverslunin, státar af fallegri vörulínu.



Þórunn Júlíusdóttir og Erlendur Björnsson, í Seglbúðum í Landbrotinu, komu með afurðir úr nýju sláturhúsi þeirra.

# Humbaur vélakerrur



Stálkerra, heit galvanhúðuð
tveggja öxla 2500–3500 kg,
mál 3x16 m

Verð frá 890.000.
- m./vsk. og skráningu.

**www.Topplausnir.is - Smiðjuvegi 40 - gul gata - 200 Kópavogi. Sími 517-7718**







REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

# HAUGSUGUHLUTIR

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR – KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ




VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600


Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300


# Hótel Grásteinn

**2 manna herbergi með morgunmat, verð 9000 kr.***

**Bjóðum upp á úrvals gistingu og
fría geymslu á bíl á meðan dvalið er erlendis.**

Bolafótur 11, 260 Reykjanesbær
Sími 4215200 - hotelgrasteinn@simnet.is

*verð miðast við bókun í gegnum síma eða email.

# Góð bleikjuseiði til sölu

25.000 til 30.000 seiði til sölu
vegna starfsloka eldisstöðvar.
Seiðastærð 150g til 300g
Verð samkvæmt samkomulagi.
Upplýsingar í símum
849-0820 og 822-3119.



mast Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu



# Merking fóðurs

## – Upplýsingar um fóður sem dýraeigendur eiga rétt á

**Dýraeigendur eiga lögbundinn rétt á að vita hvað er í fóðrinu sem þeir kaupa. Merkingar fóðurs þjóna því markmiði að upplýsa kaupendur um innihald fóðurs og notkun þess. Merkingarnar gera kaupendum kleift að velja það fóður sem best hentar þörfum þeirra. Þær eru einnig forsenda fyrir skilvirku eftirliti og rekjanleika afurða.**

Merkingar skulu vera samræmdar, skýrar, gagnsæjar og skiljanlegar. Í ljósi þess að kaupendur, einkum bændur, velja fóður ekki eingöngu á sölustað þar sem þeir geta skoðað umbúðir fóðursins, skulu kröfur varðandi upplýsingar í merkingum ekki einungis gilda um merkimiða á afurðunum heldur einnig um önnur samskipti milli seljanda og kaupanda. Enn fremur skulu sömu meginreglur gilda um kynningu og auglýsingu fóðurs.

Reglurnar gilda bæði um fóður fyrir dýr, sem gefa af sér afurðir til matvælaframleiðslu, og dýr, sem gefa ekki af sér afurðir til matvælaframleiðslu, þ.m.t. gæludýr, loðdýr og villt dýr.

Ábyrgð á merkinum ber stjórnandi þess fyrirtækis sem fyrst setur fóðrið á markað. Hann skal sjá til þess að öllum kröfum varðandi merkingar sé framfylgt.

Stjórnendur fóðurfyrirtækja, sem bera ábyrgð á smásölu eða dreifingu sem hefur ekki áhrif á merkingar, skulu gæta þess vandlega að farið sé að kröfum varðandi merkingar. Þeir skulu ekki afhenda fóður sem þeir vita eða ættu að vita, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem þeir hafa og sem fagmenn, að uppfyllir ekki þessar kröfur.

Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu sjá til þess, að innan fyrirtækja sem eru undir þeirra stjórn komist lögboðnar merkingarupplýsingar til skila á öllum stigum framleiðsluferlisins, þannig að tryggt sé að upplýsingarnar berist endanlegum notanda fóðursins.

Hér verður fjallað um helstu atriði um merkingar fóðurs eins og þau birtast í reglugerð nr. 767/2009/EB sem var innleidd með reglugerð nr. 744/2011. Í þessari grein verður fyrst og fremst lögð áhersla á reglur varðandi merkingar, en í framhaldi verður birtar fleiri greinar um flokkun fóðurs.

### *Framsetning merkinga*

1. Lögboðnar merkingarupplýsingar skal gefa upp í heild sinni á áberandi stað á umbúðum, á íláti, á merkimiða sem er festur við ílát eða á fylgiskjali, sem fylgir fóðri í lausri vigt, á áberandi, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt á íslensku. Gæludýrafóður má þó vera merkt á ensku, dönsku, norsku eða sænsku.

2. Lögboðnar merkingarupplýsingar skulu auðgreinanlegar og ekki huldar með öðrum upplýsingum. Þær skulu settar fram í lit, leturgerð og stærð sem hvorki hylur né dregur fram hluta upplýsinganna nema það sé gert til að draga athygli að varnaðarsetningum.

### *Meginreglur merkinga og framsetninga*

1. Merking og framsetning fóðurs skal ekki villa um fyrir notanda. Er þar átt við fyrirhugaða notkun eða einkenni fóðursins, einkum eðli þess, framleiðsluaðferð, eiginleika, samsetningu, magn, endingu og tegundir eða flokka dýra sem það er ætlað.
   Ekki er heimilt að eigna fóðrinu áhrif eða eiginleika, sem það býr ekki yfir, eða gefa til kynna að það búi yfir sérstökum eiginleikum þegar allt svipað fóður býr í reynd yfir slíkum eiginleikum.

2. Með fóðurefnum eða fóðurblöndum, sem sett eru á markað í lausri vigt eða í óinnsigluðum umbúðum skal fylgja skjal með öllum lögboðnum merkingarupplýsingum. Kaupandi getur lýst því yfir skriflega að hann þurfi ekki þessar upplýsingar með hverri sendingu og er þá seljanda ekki skylt að láta þær fylgja, en þá skulu þessar upplýsingar vera aðgengilegar kaupanda með öðrum hætti.

3. Ef fóður er boðið til sölu með fjarsamskiptamiðli, skulu lögboðnar merkingarupplýsingar samkvæmt þessari reglugerð koma fram í gögnunum, sem eru notuð við fjarsöluna, eða látnar í té á annan viðeigandi hátt áður en fjarsölusamningur er gerður.

### *Fullyrðingar*

Við notkun fullyrðinga varðandi fóður skal einkum taka tillit til vísindalegra sannana og skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja, sem nota slíkar fullyrðingar, geta fært vísindaleg rök fyrir þeim með tilvísunum til aðgengilegra rannsóknaniðurstaðna, sem unnt er að sannreyna þegar fóðrið er sett á markað.

Með merkingum og framsetningu fóðurefna og fóðurblandna má vekja sérstaklega athygli á því að fóðrið innihaldi ákveðið efni eða ekki, á tilteknum næringareiginleika eða á tiltekinni virkni.

Slíkar fullyrðingar skulu vera hlutlægar, sannreynanlegar og skiljanlegar notanda fóðursins.

Kaupendur hafa rétt til að upplýsa Matvælastofnun um efasemdir sínar varðandi sannleiksgildi fullyrðinga. Þegar komist er að þeirri niðurstöðu að ekki liggi nægilegar sannanir að baki fullyrðingunni skal líta svo á að merkingar varðandi þá fullyrðingu teljist villandi.

Í merkingum eða framsetningu fóðurefna eða fóðurblandna skal ekki fullyrt, að fóðrið muni fyrirbyggja, meðhöndla eða lækna sjúkdóm, eða hafi lyfvirka eiginleika. Undantekning frá þessu er notkun hníslalyfja eða vefsvipungalyfja, sem eru heimiluð í vaxtarfóðri alifugla. Einnig eru sérstakar fóðurtegundir sem þjóna sérstöku næringarmarkmiði, en það fóður flokkast sem sérfóður og um það gilda ákveðnar reglur, sem teknar verða fyrir síðar.

### *Almennar, lögboðnar kröfur um merkingar fóðurs*

Fóðurefni eða fóðurblöndu skal ekki setja á markað nema eftirfarandi upplýsingar komi fram í merkingum:

a) Tegund fóðurs: „fóðurefni", „heilfóður" eða „fóðurbætir", eins og við á, þegar um er að ræða „heilfóður" má nota heitið „staðgöngumjólk sem heilfóður", ef við á,
— þegar um er að ræða „fóðurbæti" má nota eftirfarandi heiti, ef við á: „steinefnafóður" eða „staðgöngumjólk sem fóðurbætir",
— þegar fóðrið er ætlað öðrum gæludýrum en köttum og hundum má nota „fóðurblanda" í stað „heilfóður" eða „fóðurbætir".

b) Nafn eða firmaheiti og heimilisfang stjórnanda fóðurfyrirtækisins sem ber ábyrgð á merkingum.

c) Samþykkisnúmer starfsstöðva fyrirtækisins, ef slíkt númer er fyrir hendi, fyrir þann aðila sem ber ábyrgð á merkingum.

d) Tilvísunarnúmer lotu eða framleiðslueiningar.

e) Nettómagn, gefið upp í massaeiningum, ef um er að ræða afurðir í föstu formi, og í massa- eða rúmmálseiningum ef um er að ræða afurðir í vökvaformi.

f) Skrá yfir fóðuraukefni, með fyrirsögninni „aukefni", eftir því sem við á.

g) Rakainnihald.

### *Sértækar, lögboðnar kröfur um merkingar fóðurblandna*

1. Til viðbótar almennum kröfum um merkingar fóðurs er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurblandna:
   a) Tegundir eða flokkar dýra sem fóðurblandan er ætluð.
   b) Leiðbeiningar um rétta notkun þar sem fram kemur tilgangurinn með notkun fóðursins.
   c) Þegar framleiðandi er ekki aðilinn sem ber ábyrgð á merkingum skal eftirfarandi koma fram:
   — nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðanda, eða
   — samþykkisnúmer framleiðanda.
   d) Upplýsingar um lágmarksgeymsluþol, gefnar upp á eftirfarandi hátt:
   — „notist fyrir ..." ásamt dagsetningu þar sem gefinn er upp tiltekinn dagur ef um er að ræða fóður sem er mjög viðkvæmt fyrir skemmdum vegna niðurbrotsferla,
   — „best fyrir ..." ásamt dagsetningu þar sem gefinn er upp tiltekinn mánuður ef um er að ræða annað fóður. Ef framleiðsludagur er gefinn upp á merkimiðanum má einnig gefa upp dagsetninguna, sem gefur til kynna lágmarksgeymsluþol, á eftirfarandi hátt „ ... (tími í dögum eða mánuðum) eftir framleiðsludag",
   e) Skrá yfir fóðurefnin sem fóðrið er gert úr, með fyrirsögninni „samsetning", þar sem tilgreint er heiti hvers fóðurefnis. Fóðurefnin skulu talin upp í lækkandi röð eftir þyngd, reiknað út frá rakainnihaldi fóðurblöndunnar. Í skránni má einnig tilgreina þyngdarhlutfall. Gefa skal upp heiti fóðurefnisins og þyngdarhlutfall ef lögð er áhersla á það í merkinum.

Tilgreining fóðurefna í fóðurblöndu í lækkandi röð miðað við þyngd gefur mikilvægar upplýsingar um samsetningu fóðursins. Kaupandi skal eiga þess kost að fara fram á viðbótarupplýsingar. Í þeim tilvikum skal hafa vikmörk sem nema ± 15% af tilgreindu gildi.

### *Sértækar, lögboðnar kröfur um merkingar fóðurefna*

1. Til viðbótar almennum kröfunum um merkingar fóðurs er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurefna:
   a) Heiti fóðurefnisins.
   b) Lögboðnar upplýsingar sem svara til viðkomandi flokks.

2. Til viðbótar kröfunum, sem kveðið er á hér að ofan er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurefna ef í þeim eru aukefni:
   a) tegundir eða flokkar dýra sem fóðurefnið er ætlað, ef viðkomandi aukefni hafa ekki verið leyfð fyrir allar dýrategundir eða hafa verið leyfð með hámarksgildum fyrir sumar tegundir.
   b) leiðbeiningar um rétta notkun, ef kveðið er á um hámarksinnihald viðkomandi aukefna.
   c) lágmarksgeymsluþol aukaefnanna, annarra en tæknilegra aukefna.

Sérstakt samþykki þarf til að fá heimild til að nota aukefni í fóðurframleiðslu og eru þau fyrirtæki auðkennd með gríska stafnum α fyrir framan samþykkisnúmer fyrirtækisins.

*Valgeir Bjarnason,*
*fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun*






ARGO.IS
S.8610000



CLARVISTA
STURTUGLER
FYRIR
VANDLÁTA

2014
Framúrskarandi fyrirtæki

Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Íspan
GLER OG SPEGLAR

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

NÚ ER GÓÐUR TÍMI TIL AÐ PANTA
LAMBAMERKIN

PANTIÐ TÍMALEGA!
Pantið merkin fyrir 20. mars
til að tryggja að þau komi
fyrir sauðburð



RITCHEY
fyrir íslenskan búfénað

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

# Humbaur álkerrur



Tveggja öxla, 2500 kg., mál á palli 3x1.5m.
Verð kr: 560,000,- m./vsk. og skráningu.

www.Topplausnir.is - Smiðjuvegi 40 - gul gata - 200 Kópavogi. Sími 517-7718



100% Merino ull
Góð og hlý ullarnærföt
fyrir karla og konur
Stærðir: S-XXL

OLYMPIA

Sölustaðir: Hagkaup • Fjarðarkaup • Útilíf • N1 • Vesturröst • Verslunin Bjarg, Akranesi • Verslunin Tákn, Húsavík • JMJ, Akureyri • Pex, Reyðarfirði
Blossi, Grundafirði • Veiðisport, Selfossi • Kaupfélag Skagfirðinga • Hafnarbúðin, Ísafirði • Efnalaug Vopnafjarðar • Eyjavík, Vestmannaeyjum
Kaupfélag V-Húnvetninga • Skógar, Egilsstöðum • Nesbakki, Neskaupsstað • Siglósport, Siglufirði • Blómsturvellir, Hellissandi • Heimahornið, Stykkishólmi

RÚN HEILDVERSLUN 30 ÁRA
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík • Sími: 561-9200 • run@run.is • www.run.is



Bómullarvinnsla á Indlandi. Á innfelldu myndinni er fullþroskuð bómullarplanta.

# Bómullarinnar blóði drifna slóð

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Af öllum nytjaplöntum mannkyns sem ekki er nýtt til matar er bómull þeirra mikilvægust. Stór hluti mannkyns notar bómull á hverjum degi og víða um heim klæðist fólk buxum, kjólum, bolum og skyrtum sem ofnar eru úr bómull og sefur í bómullarrúmfötum.**

Engin planta í veröldinni hefur valdið jafn miklum þjáningum og dauða jafnmargra í gegnum aldirnar eins og bómull.

Bómull er meira ræktuð en allar aðra spunaplöntur eins og hör, lín, flax, netlur, hampur og fleiri til samans og framleidd í um 100 löndum. Áætluð heimsframleiðsla á bómull ræktunarárið 2013 til 2014 er 26,2 milljón tonn og er talið að hún eigi eftir að aukast um 3 til 5 milljón tonn á næsta áratug. Kína og Indland eru stærstu framleiðendurnir með 7,1 og 6,7 milljón tonn hvort land, Bandaríkin eru í þriðja sæti með 2,8 milljón, Pakistan í því fjórða með 2,1 milljón tonn og Brasilía í því fimmta með 1,7 milljóna tonna framleiðslu. Í kjölfarið fylgja ríki eins og Úsbekistan, Tyrkland, Ástralía og Túrkmenistan. Bómull er ræktuð á tæplega 30 milljón hekturum lands.

Bandaríkin eru stærsti útflytjandi bómullar í heiminum, Indland og Pakistan í öðru og þriðja sæti, Úsbekistan og Brasilía í því fjórða og fimmta. Auk þess að framleiða mest af bómull allra landa flytja Kínverjar einnig mest af honum inn. Af ríkjum sem ekki rækta bómull eru Japan og Kórea stærstu innflytjendurnir.



Áætluð heimsframleiðsla á bómull ræktunarárið 2013 til 2014 er 26,2 milljón tonn.





Bómullarakur í Bandaríkjunum 1907.

### *Margs konar nytjar*

Stór hluti jarðarbúa kemst í samband við bómull á hverjum einasta degi. Fatnaður ofinn úr bómull er þekktur um allan heim og þykir mjúkur, sterkur og hlýr. Á Vesturlöndum sofum við flest í bómullarrúmfötum og þurrkum okkur með bómullarhandklæðum og klæðum börnin okkar í bómullartreyjur.

Af öðrum nytjum má nefna að pappírsseðlar eru að hluta gerðir úr bómull, úr því eru ofin net, bómull er að finna í sumum gerðum af kaffifilter, í bleium og sprengiefni, pappír, sápu, tyggjói og eyrnapinnum. Í matvælaiðnaði er olía unnin úr bómullarfræjum notuð sem íblöndunarefni við framleiðslu á ís og kartöfluflögum. Wright-bræður notuðu bómull í fyrstu flugvélina og Edison notaði það sem þráð í fyrstu ljósaperuna. Fyrstu Levi´s gallabuxurnar úr bómull komu á markað 1870. Bómull getur dregið í sig 27 sinnum eigin þyngd af vatni.

Hálmur af bómull er víða notaður sem fóður fyrir búfé.

### *Fjöldi tegunda*

Bómull í náttúrunni er fjölær lágvaxinn runni eða lítið tré sem nær um tveggja og hálfs metra hæð en í tæknivæddum landbúnaði er plantan ræktuð sem einær. Blöðin eru breytileg að lögun eftir tegundum og vaxtarstað, blómin gul, rauð eða bleikleit og yfirleitt með fimm krónublöðum. Fræin hærð og geta ferðast langt á hárunum með vindi og úr hárunum er unnin bómull. Fræhár bómullar geta verið hvít,

brún, græn eða bleik en hvít bómull hefur forustuna þegar kemur að ræktun. Þar sem bómullarræktun er mikil er víða bannað að rækta annað en hvítt afbrigði til að koma í veg fyrir að hvíti liturinn spillist.

Náttúruleg heimkynni bómullar eru í hitabeltinu víða um heim og í Mið-Ameríku, Afríku og Indlandi. Þrjátíu og níu ólíkar tegundir þekkjast villtar í náttúrunni og er fjöldi þeirra og fjölbreytni mest í Mexíkó.

Helstu tegundir í ræktun eru Gossypium hirsutum sem er upprunnin í Mið-Ameríku og stendur að baki um 90% heimsframleiðslu á bómull í dag. Gossypium barbadense kemur frá Suður-Ameríku og telur um 8% heimsframleiðslunnar, G. arboreum kemur frá Indlandi og Pakistan og eru um 2% en G. herbaceum er upprunnið í Suður-Afríku og er framleiðsla á því sáralítil og minni en 2% á heimsvísu.

Að öllu jöfnu tekur um 150 til 200 frostlausa daga fyrir bómullarplöntur að vaxa frá fræi og ná fullum þroska til uppskeru. Plantan kýs mikla sól og milli 600 og 1200 millilítra af úrkomu á vaxtarskeiðinu. Bómull kýs fremur þéttan jarðveg og er plantan nægjusöm á næringu en fúlsar þó ekki við henni og er áburðarnotkun í bómullarræktun ein sú mesta sem gerist í landbúnaði.

Eftir að ræktun korns og bómullar hófst á sléttum Mið-Asíu fór fljótlega að bera á vatnsskorti við ræktunina. Stjórnvöld í Sovétríkjunum sálugu gripu til þess ráðs að veita vatni úr Aralvatni sem er á landamærum Úsbekistans og Kasakstans með áveitum yfir akrana. Afleiðingarnar á umhverfið voru skelfilegar. Vatnsmagn vatnsins minnkaði á nokkrum áratugum um 70% en á sama tíma margfaldaðist saltstyrkur þess þannig að varla nokkur lífvera fæst þrifist í því.

### *Ull á trjánum*

Eitt af því sem er áhugavert í ræktunarsögu bómullar er að ræktun hennar hófst á ólíkum stöðum í nýja og gamla heiminum á svipuðum tíma rúmum 5.000 árum fyrir Krist. Nytjar á bómull gætu þó hæglega verið mun eldri þar sem plöntuleifar varðveitast illa. Elstu bómullarþræðir sem fundist hafa við fornleifarannsóknir eru frá Mexíkó og Indusdal sem liggur milli Indlands og Pakistan.

Heimildir eru um blómstrandi bómullarvefnað í Mexíkó 3000 árum f. Kr. og á Indlandi 2000 árum f. Kr. Grikkir og Arabar kynntust bómull í kringum 350 eftir Krist í kjölfar hernaðarbrölts Alexanders mikla og er haft eftir einum samtímamanna hans að á Indlandi vaxi ull á trjánum.

Bómull var ræktuð í Mið-, og Suður-Ameríku við komu Evrópumanna þangað og var hún meðal annars ofin í klæðnað og net til fiskjar við ströndina.

### *Bómullarlömb og vasaklútar*

Vinsældir bómullar jukust gríðarlega í Mið- og Norður-Evrópu um það leyti sem landnám hófst á Íslandi.

Í bók John Manderville frá 1350, þar sem hann lýsir ferðum sínum, sönnun og lognum, segir hann frá undursamlegu tré sem vex á Indlandi sem ber smávaxin lömb á greinaendunum. Eftir því sem lömbin vaxa sveigjast greinar trjánna nær jörðinni og þannig geta lömbin bitið gras sem vex í kringum þau. Fullvaxinn brotna lömbin af greinunum og það er af þeim sem rúin er bómull.

Á þýsku kallast bómull baumwolle, baum þýðir tré og wolle ull og ekki fer á milli mála að íslenska nafnið er að sama stofni. Heitið bómull er líklega hingað komið frá Danmörku eins og svo margt annað gott.

Bómullarrækt var orðin talsverð á hlýrri landsvæðum Asíu og Ameríku í lok 16. aldar enda bómull þá tískuvara hefðarfólks, aðallega sem nærklæði. Í Evrópu þótti ríkmannlegt að bera á sér vasaklút úr bómull og myndaðist stór iðnaður í kringum framleiðslu á slíkum pjötlum.

Eftir því sem vinsældir bómullar jukust í Evrópu því meiri ágirndaraugum horfðu Bretar til Indlands og að lokum hernumdu þeir landið til að komast yfir bómullarframleiðsluna og iðnaðinn þar. Í kjölfar þess hófst gríðarleg verslun með bómull og þræla og fyrsta iðnbyltingin.

### *Blóð, sviti og tár*

Upphaf iðnbyltingarinnar er í textíliðnaði og fyrstu alvöru verksmiðjurnar voru reistar í borginni Manchester á Bretlandseyjum og var borgin um tíma uppnefnd Cottonopolis.

Þrælaverslun frá Afríku til Bandaríkjanna, aðallega suðurríkjanna, jókst gríðarlega með aukinni bómullarræktun en lengi vel var megnið af uppskerunni flutt til Bretlands til vinnslu. Þegar mest var, árið 1855, voru um 3,2 milljónir þræla við bómullartínslu í suðurríkjum Bandaríkjanna. Stríðið milli suður- og norðurríkja Bandaríkjanna, 1861 til 1865 og kostaði yfir 600 þúsund manns lífið, stóð að mestu um afnám þrælahalds.

Bómullarverksmiðjurnar á Bretlandi voru lítið annað en þrælkunarbúðir þar sem börn niður í fimm ára aldur voru látin vinna allt upp í sextán tíma á sólarhring sex daga vikunnar. Til eru hræðilegar lýsingar á aðbúnaði og meðferð fólks sem starfaði við slíkar verksmiðjur og vitað að fátækir foreldrar seldu börnin sín til vinnu í verksmiðjunum. Lífshorfur barna og fullorðinna sem störfuðu í verksmiðjunum voru tvö til þrjú ár og flestir léttust vegna meina tengdum öndunarvegi. Í læknaskýrslum eru lýsingar á því að fólk hafi hóstað upp úr sér heilu bómullarboltunum rauða og svarta af blóði. Slys voru algeng en bætur engar og ef fólk gat ekki unnið lengur var því umsvifalaust kastað út á guð og gaddinn.

Skáldið William Blake kallaði verksmiðjurnar myllur Satans í einu af kvæðum sínum.

Á Indlandi olli yfirtaka Breta á aldagamalli bómullarhefð gríðarlegum þjáningum og var Indverjum sem dæmi bannað að vinna úr ull. Eitthvað sem átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar í sjálfstæðisbaráttu Indverja síðar.

### *Gandhi spinnur Indland til frelsis*

Eftir að Bretar hernánu Indland var nýlendan nánast undir hæl Austur-Indía félagsins og réði félagið því sem það vildi ráða í landinu. Indverjum var banna að spinna og vefa úr bómull sem ræktuð var í landinu og hún í staðinn send til Bretlands og unnin þar.

Slíkt hafði gríðarlega slæm áhrif á efnahag og sjálfsmynd Indverja sem höfðu spunnið þráð og ofið klæði og listaverk úr bómull í aldaraðir.

Ferlið var þannig að Bretar keyptu bómull beint af ökrunum á lágmarksverði í krafti einkaréttar. Uppskeran var flutt með skipum yfir Indlandshaf, um Rauða- og Miðjarðarhafið gegnum Gíbraltarsund, yfir Biskajaflóa og Atlantshafið til Bretlandseyja. Hagnaður skipafélaga af þessum flutningum var gríðarlegur. Bómullin var unnin í verksmiðjum á Bretlandi sem borga starfsfólki sínu smánarlaun. Breskur stáliðnaður hagnast verulega í byggingu verksmiðjanna og allur hagnaðurinn hélst innan Bretlandseyja. Fullunnar bómullarafurðir voru sendar með skipum sömu leið til baka með ærnum tilkostnaði. Að lokum var bómullin seld Indverjum sem klæði eða efni til að sníða úr á verði sem einungis hinir efnuðu höfðu ráð á.

Árið 1920 hrinti Mahatma Gandhi af stað aðgerð sem fólst í því að fá Indverja til að sniðganga breskar afurðir sem unnar voru úr indverskri bómull. Rök hans voru að með því að spinna og vefa sjálfir úr bómull mundi skapast atvinna og tekjur fyrir milljónir fátækra Indverja. Gandhi hvatti þjóðina til að spinna sinn eigin bómullarþráð og vefa sín eigin klæði. Hann settist sjálfur við spunahjólið og hóf friðsamlega uppreisn gegn breskum yfirráðum sem leiddi til þess að Indland varð sjálfstætt ríki að nýju árið 1947.

### *Sjúkdómar og meindýr*

Líkt og í allri einræktun eru sjúkdómar og meindýr mikið vandamál við bómullarræktun. Ekkert þessara vandamála kemst þó í hálfkvisti við þann skaða sem hlýst af völdum bómullarbjöllunnar.

Bjallan kemur frá Mexíkó en hún fór ekki að valda skaða í bómullarræktun fyrir en hún barst til suðurríkja Bandaríkjanna milli 1910 og 1920. Síðan þá hefur hún náð fótfestu á öllum stærstu bómullarsvæðum heims og veldur gríðarlegum skemmdum á uppskeru á hverju ári. Bómullarbjallan er þess valdandi að notkun á skordýraeitri við bómullarræktun er sú mesta sem gerist í landbúnaði. Þrátt fyrir að bómull sé einungis ræktuð í litlum hluta landbúnaðarlands í heiminum hefur fram til þessa milli 11 og 12% alls skordýraeiturs í landbúnaði verið notað við bómullarrækt.

### *Nánast öll bómull til textíliðnaðar erfðabreytt*

Nánast öllum bómullarplöntum sem ræktaðar eru í Bandaríkjunum hefur verið erfðabreytt með nýjustu líftækni á einhvern hátt og á það sama við stóran hluta alls bómullar sem framleiddur er í heiminum. Líftæknifyrirtækið Monsanto er þar fremst í flokki. Upphaflega var hugmyndin að búa til afbrigði af bómullarplöntu sem væri þolið fyrir skordýraplágum og dræpi út frá sér illgresi. Í dag snýst starfsemi fyrirtækisins meira um fræsölu og eignarhald á erfðaefni með öllum þeim siðferðislegu spurningum sem slíku fylgja.

### *Uppskera með vélum og höndum*

Í iðnvæddum samfélögum eins og Bandaríkjunum og Ástralíu er uppskera bómullar vélvædd en fyrstu tínsluvélarnar komu á markað árið 1935.

Á Indlandi, Kína og víðar fer tínsla bómullar að mestu fram með höndum. Handtínsla er erfið og skelfilegt til þess að hugsa að uppskera stórs hluta bómullar í heiminum sé framkvæmd á sama hátt og þegar þrælahald var opinberlega viðurkennt fyrir um tvö hundruð árum.



**Bómull er ræktuð á tæplega 30 milljónum hektara lands í heiminum.**



**Mahatma Gandhi spinnur bómull.**






**Tæknivædd uppskera.**

Lesendabás



Allur hópurinn í Claas rúllu-stórbaggaverksmiðjunni.

# Bændur skoðuðu verksmiðjur Claas og Kuhn í glæsiferð Vélfangs

**Það var glaður, en eilítið feiminn hópur fólks sem hittist í Leifsstöð snemma morguns sunnudaginn 15. febrúar síðastliðinn.**

Í vændum var níu daga frí frá bauli, jarmi og vélamali. Við vorum 64 sem lögðum þarna af stað í Ferð út í heim með Vélfangi. Yfirfararstjórar voru þeir Eyjólfur Pétur Pálmason og Skarphéðinn K. Erlingsson.

*Flogið til München*

Við flugum til München og þar beið okkar tveggja hæða rúta og hinn ágætasti bílstjóri sem var með okkur alla leið til Parísar.

Ýmsum guðaveigum var fljótlega dreift um rútuna og Eyjólfur lagði okkur lífsreglurnar í ferðinni. Þær voru aðallega það að passa upp á hvert annað og mæta alltaf á réttum tíma. Síðan tók hann upp léttara hjal og eftir það var brosið á andlitum flestra fram á síðasta dag.

Við ómannglöggu veltum því reyndar fyrir okkur hvernig í veröldinni hægt væri að tengja andlitin öll við rétt nöfn og bæi á níu dögum – en þetta var rétt að byrja.



Hópurinn að fara að skoða Fendt-verksmiðjuna.

Ekki ætla ég að rekja hér ferðina í smáatriðum en í þessa bæi fórum við í Þýskalandi: München – Kaufbeuren – Bad Saulgau. Í Frakklandi: Saverne – Metz – París. Og verksmiðjurnar sem við skoðuðum voru: Fendt dráttarvélar, Claas heyvinnutæki, Kuhn hey- og jarðvinnutæki og að lokum Claas rúllu- og stórbaggavélar.

Á öllum stöðum var okkur tekið stórvel, vel gert í mat og drykk og allir leystir út með gjöfum, m.a. eðallíkjör í seinni Claas heimsókninni. Það fór líka þannig að fæstir tóku upp veski fyrr en komið var til Parísar!

Í bænum Bad Saulgau tilkynnti Eyjólfur okkur að karnival væri í bænum og að þess hefði sérstaklega verið óskað að við tækjum þátt í því. Rútan stoppaði svo hjá leikfangaverslun þar sem til var ótrúlegt úrval af grímubúningum – þó aðallega á börn og smávaxið fólk! Það var skrítinn svipur á afgreiðsludömunum þegar inn ruddist full rúta af fullorðnu fólki frá framandi landi að kaupa sér grímubúninga. Við vorum svo flest flissandi eins og litlir krakkar þegar við komum út aftur og örugglega hafa margir hugsað: hvurn andsk ... er Eyjólfur búinn að plata mig út í!

Við höfðum skamman tíma á hótelinu til að taka okkur til en mikið óskaplega var þetta gaman. Það var svo gaman að koma niður í móttökuna og sjá að allir höfðu tekið þátt í þessu. Allir voru þó jafn hikandi þegar þeir komu út úr lyftunni – er ég eins og kjáni?!

Í París bættust tvenn hjón í hópinn og þar var haldið upp á stórafmæli Skarphéðins sem varð fimmtugur þann 20. febrúar. Í tilefni dagsins bauð hann upp á fordrykk á hverfisbarnum sem við yfirtókum við komuna til borgarinnar. Þar fékk hann að kenna á húmornum sem hafði verið í gangi og fékk m.a. startkapla í afmælisgjöf. Þarna átti líka afmæli annar eigandi fyrirtækisins, Stefán Ármannsson.



Steindyrahjónin Gunnhildur og Hjálmar á leið á karnival.

Á sunnudeginum fór bróðurpartur hópsins á Sima landbúnaðarsýninguna þar sem maður gerði sér vel grein fyrir smæð Íslands og íslensks landbúnaðar.

Það sem upp úr stendur hjá mér eftir ferðina:

- Frábært skipulag sem stóðst.
- Yndislegt samferðafólk sem hafði þessi sameiginlegu markmið:
- Einlæga gleði, jákvæðni, samkennd og léttleika.
- Lárus gleðipinni með gítarinn.
- Söngbókin.
- Skipulagið í Claas-verksmiðjunum.
- Þrifalegt Þýskaland.
- Sóðalegt Frakkland.
- Risastórir akrar/tún.
- Fallegt landslag.
- Fallegur sveitabær. Þar voru 120 kýr mjólkaðar í 2 róbótum, -metangas framleiðsla og ferðaþjónusta. Þangað var ákaflega gaman að koma.
- RISAstór grjóttínslu- og grjótmulningsvél!

Eyjólfur, Skarphéðinn, Magga og Hildur – Takk fyrir að vera eins yndisleg og þið eruð.

Annað samferðafólk – takk fyrir frábæra viðkynningu – hlakka til að fara með ykkur aftur eftir 4 ár!

***Gunnhildur Gylfadóttir***
*Steindyrum Svarfaðardal.*

Geitfjárræktarfélag Íslands

**Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands verður laugardaginn 21. mars 2015 kl. 14 í Geitfjársetrinu að Háafelli á Hvítársíðu.**

***Dagskrá fundarins:***

Kosning fundarstjóra
Stjórn félagsins fer yfir störf félagsins á árinu
Reikningar lagðir fram til samþykktar
Kosning formanns
Kosning stjórnar
Kosning varamanna
Aðild að Bændasamtökum Íslands
Lagabreytingar
Heiðursfélagi
Önnur mál

*Allir félagar hvattir til að mæta, sérstaklega nýir félagar!*

# LÖNGUN Í SÆTINDI HORFIN MEÐ ZUCCARIN !

## ICECARE kynnir: Zuccarin töflurnar sem hjálpa til við að halda blóðsykrinum í jafnvægi og minnka löngun í sykur.



### BERGLIND STOLZENWALD JÓNSDÓTTIR

► Ég hef ég sótt meira í sykur og sætindi en áður. Ég var alltaf að narta í eitthvað, til dæmis nammi eða popp á kvöldin. Þess vegna hafa kílóin læðst á mig hægt og rólega. Ég átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það mér því á óvart þegar ég fann að ég var orðin orkumeiri og orðin fimm kílóum léttari. Ég átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það mér því á óvart þegar ég fann að ég var orðin orkumeiri og orðin fimm kílóum léttari



### RÓSA HARÐARDÓTTIR

► Ég hef gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu með misgóðum árangri. Ég fann fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sælgæti og kökur, fann til í skrokknum. Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri."




### BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI

► Zuccarin töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum.

►Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.




# Ég var alveg undrandi !



### GERÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR

► Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir 2 mánuðum og ákvað ég að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. En eftir um það bil 1 viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór að hugsa hvað ég hafði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér. Ég var mjög ánægð að uppgötva það að ég fyndi svo fljótt mun á mér, og ákvað að halda áfram. Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, en þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð þá fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni, en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig.

- **Femarelle er náttúruleg vara unnin úr Soya**
- **Vinnur á einkennum tíðahvarfa hjá konum.**
- **Einkenni eins og hitakóf, nætursviti, skapsveiflur og verkir í liðum og vöðvum eru einkenni tíðahvarfa.**

Fæst í öllum apótekum,heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna.
Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimsíðu ICECARE

IceCare
Þín heilsa
www.icecare.is

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Pelargóníur – pempíulaus prakt

**Í lok nítjándu aldar og fram eftir liðinni öld, meðan ekki var komið tvöfalt gler í alla glugga og miðstöðvarkynding eða hitaveita í hvert hús voru pelargóníur í öndvegi á öllum blómaheimilum.**

Lítið var um aðrar tegundir sem skiluðu jafn fjölbreyttri og viðvarandi litagleði frá vori til hausts. Og þeim leið ágætlega í tiltölulega svölu innanhússloftslagi þeirra tíma ef þær fengu að vera í sólríkum gluggum yfir sumarið. Veturna gátu þær þraukað svo til vatnslausar í köldum gluggum eða dimmum kjallarageymslum ef ekki fraus þar. Í mars var svo hugað að þeim eftir vetrardvalann. Þær klipptar til svo að þær rúmuðust betur í gluggakistunum og þeim umpottað í nýja mold. Svo var bara að vökva, fremur hóflega, og gefa ögn af áburðarvatni af og til. Þá skiluðu þær sínu og voru sannarlega sómi heimilisins, bæði innávið sem útávið.

### *Uppruni á suðurodda Afríku*

Flestar þær pelargóníutegundir sem í ræktun eru koma frá Höfðalandinu í Suður-Afríku. Þær bárust til Evrópu með landkönnuðum og sjófarendum á Austur-Indíaskipunum um og upp úr miðri sautjándu öld. Garðyrkjumenn grasagarða, greifasetra og konungshirða tóku þeim fagnandi. Og af því að garðyrkjufólk er svosem sjaldan ánægt með það sem það hefur og leitast ávallt við að gera meira og betur, þá leið ekki á löngu uns til urðu margvíslegir blendingar með fjölbreyttari blómastærð, blómlitum og blaðgerð. Kynblöndun milli tegunda var nokkuð auðveld og erfðamassinn bauð upp á margvísleg tilbrigði.

Upp úr miðri átjándu öld voru komnir fram þeir hópar af „manngerðum“ pelargóníum sem í mestum vinsældum hafa verið síðan. En enn eru að bætast við nýir hópar og flokkar kynblendinga sem eflaust eiga eftir að ná almennum vinsældum á næstu áratugum og öldum.

### *Fjölbreytt ættkvísl – flott söfn*

Til ættkvíslarinnar Pelargonium reiknast meira en 250 aðskildar tegundir, jafnvel 300 ef allir grasafræðingar hafa rétt fyrir sér. Útbreiðslusvæðið er fyrst og fremst um suðurodda Afríku en ættkvíslin teygir sig samt allt norður til Írans og austur til Ástralíu. Vegna fjölbreytileikans eru pelargóníur því ákjósanlegar sem söfnunargripir fyrir þann hóp pelargóníunörda sem einbeitir sér að hreinum tegundum. En annar og miklu stærri hópur pelargóníusafnara eru þó þeir sem safna nefndum og alþjóðlega skráðum pelargóníuyrkjum eða sortum. Til eru alþjóðleg félög pelargóníuunnenda og í flestum nágrannalöndum okkar beggja vegna Atlantsála starfa pelargóníufélög, þ.e. samtök pelargóníusafnara. Og í nágrannalöndunum eru jafnvel sérstök pelargóníusöfn sem státa af því að eiga og sýna allar tegundir af pelargóníum og afkomenda þeirra. Í eitt þeirra hef ég komið. Það er í þorpinu Bofors rétt utan við bæinn Nässjö í sænsku Smálöndunum. Þar gefur að sjá 250 „villitegundir“ og, ekki síst, meira en 3.500 mismunandi blendinga og yrki sem hvert og eitt hefur opinbert sérheiti. Safnið í Bofors tekur á móti tugþúsundum ferðamanna á hverju ári og þar má líka kaupa smáplöntur af öllum yrkjunum ef nokkur fyrirvari er hafður á. Kannski væri svipað safn góð hugmynd fyrir ferðaþjónustuna hérlendis á einhverjum stað sem hefur aðgang að ódýrum jarðvarma. Húsavík, Kópasker – hví ekki? Það yrði nyrsta pelargóníusafn í heiminum og líklega jafnfrægt á heimsvísu og grasagarðurinn í Tromsö í Noregi sem laðar að sér þúsundir ferðamanna frá fjarlægum slóðum hvert ár.



Baugpelargónía – 'Sidonia'.

### *Helstu flokkar*

Pelargóníum er grasafræðilega skipt upp í nokkra flokka. Þeir skipta okkur ekki máli í þessu samhengi. En ræktuðum pelargóníum er líka skipt upp í hópa. Fjórir þeirra hafa verið algengastir hjá okkur fram á þessi ár. Það eru: A) enskar pelargóníur eða prjálpelargóníur, P.×domesticum, sem eru blómstærstar og oftast á markaði snemma á vorin. Þær eru einna erfiðastar viðfangs fyrir ræktendur sem ekki hafa yfir góðurhúsi að ráða. B) Baugpelargóníur, P.×hortorum, sem yfirleitt hafa hringlaga blöð með áberandi dökkum baug. Þær hafa verið lang-algengastar hér á landi um langan aldur og af þeim hefur fjölbreyttasta úrvalið verið. Spanna alla blómliti pelargóníanna og oft eru blöðin líka mislit eða ljósari á jöðrunum. C) Hengipelargóníur eru afkomendur P. peltatum og tiltölulega stutt síðan þær bárust hingað. Sáust ekki á blómamarkaði hér fyrr en á sjöunda áratug liðinnar aldar. Hafa gagnast ágætlega sem hengiplöntur utanhúss þar sem skjól er og sólríkt. D) Ilmpelargóníur, einkum P. graveolens, sem oft eru kallaðar rosengeranium á nágrannamálum, hafa verið til hér og græðlingar gengið manna á milli frá upphafi síðustu aldar. Við minnstu hreyfingu gefur hún frá sér sætan ilm. Ilmpelargónían er sú tegund sem úr er unnin „geraniumolía“ sem er notuð sem ilmefni á margvíslegan máta. Einnig er ilmpelargónían stundum notuð sem krydd í erlendum köku- og sultuuppskriftum. Þá eru blöðin söxuð smátt áður en þau eru notuð, því þau eru ekki beint lostæt ef menn þurfa að velta þeim uppi í sér, bæði loðin og hrjúf. Blóm hennar eru ljósbleik, ekkert tilkomumikil. En ilmpelargónían er sögð bæta loftið í þeim húsakynnum sem hún þrífst í, sólríkt og svalt. En hún þolir ekki að vera utanhúss. Aðrar ilmpelargóníur hafa líka sést hér á síðustu árum. Eflaust eiga þær eftir að staðfestast betur eftir því sem reynsla á þeim vex. Í öllum þessum hópum er fjöldi undirflokka.

Á síðari árum hafa komið fram nokkrar viðbætur við ofangreinda hópa. Þessi umfjöllun er samt ekki tæmandi: E) Englapelargóníur með stórum „fjólublómum“ í ýmsum hreinum litasamsetningum eru af flóknum uppruna og komnar frá öðrum blendingstegundum. Þær hafa dálítið sést hér á blómamörkuðum síðustu ár. F) Stjörnupelargóníur eru annar nýr hópur með sérkennilega „stjörnulaga“ blóm og oddfingruð blöð, oft litförótt. Uppruni þeirra er ástralskur og árangur af blöndun baug- og hengipelargónía við ástralska tegund. Stjörnupelargóníur eru ófrjóar og mynda ekki fræ. Því þarf að hafa aðgang að foreldrategundunum til að búa til nýjar. Sannkallað kjörverkefni fyrir óforbetranlega pelargóníunörda!



Ilmpelargónía – Pelargonium-graveolens.



Prjál-pelargónía – fyrst og fremst stofuplanta.

### *Almennt yfirlit*

Í stuttu máli þá eru pelargóníur lausar við alla væmni. Þær eru hreinar og beinar og tala til okkar tæpitungulaust. Blómlitir þeirra eru sterkir og spanna allan litaskalann fyrir utan gult og blátt. Þær eru náskyldar blágresinu okkar íslenska: Það veldur því nokkum ruglingi að enskumælandi fólk notar oftast hið latneska ættkvíslarheiti blágresisins, Geranium, líka fyrir pelargóníur. Pelargóníuheitið er á þær komið fyrir það að fræhirslurnar minna á storkanef.

Flestar pelargóníur hafa þróast við skilyrði þar sem skiptast á hlýjar og sólríkar árstíðir með nokkuð jafnri úrkomu og svalviðris- og þurrkakaflar sem fær þær til að falla í hálfgerðan dvala meðan slík skeið ganga yfir. Þess vegna getum við geymt þær með næstum alveg þurri mold í pottunum á veturna. Frostlaust gróðurhús (hiti um og í kringum 5 °C). Dimm, frostlaus geymsla dugar líka vel. Pelargóníur þola ekkert frost. Í mars eru þær vaktar af dvalanum. Þær eru klipptar til og snyrtar eftir þörfum og umpottað í nýja mold. Taka má nokkuð af gamla rótarklumpinum til að halda þeim í sömu pottastærð og áður. Afklippur má nota sem græðlinga, þeir róta sig auðveldlega í þvalri mold eða glasi með vatni. Pelargóníur þrífast vel í venjulegri, ögn vikurblandaðri pottamold. Best er að vökva í hófi og láta moldina þorna aðeins á milli. Gefið afar daufa áburðarblöndu af og til. Ef áburðargjöfin er höfð af fullum styrkleika fer vöxturinn mest í blöðin á kostnað blómgunarinnar.



Hengipelargóníur á skjólgóðri og sólríkri verönd.

## Lesendabás



Urriðafoss í Þjórsá.

# Verndum Þjórsá fyrir þjóðina

**Meira en þúsund ár eru liðin síðan landnámsmenn settust að á kostamiklum jörðum á bökkum Þjórsár. Nú steðjar ógn að sveitunum við ána. Hluti íslensku þjóðarinnar telur afl Þjórsár geta bætt kjör landsmanna verði það beislað og nýtt til að snúa raforkuhverflum. Talað er um þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun neðst, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun ofar.**

Við undirrituð bændur á bökkum Þjórsár viljum benda á eftirfarandi staðreyndir:

Mörg virk eldfjöll eru á upptakasvæðum Þjórsár, Hekla, Tungnafellsjökull og Bárðarbunga. Verði náttúruhamfarir á Þjórsár/Tungnársvæðinu munu eftirtalin orkuver vera í hættu:

**Búrfellsvirkjun 270 MW**
**Sultartangavirkjun 120 MW**
**Hrauneyjafossvirkjun 210 MW**
**Sigölduvirkjun 150 MW**
**Búðarhálsvirkjun 95 MW**
**Vatnsfellsvirkjun 90 MW ásamt Kvíslaveitum**

Alls 935 MW af 1893 MW sem er heildarraforkuframleiðsla vatnsorkuvera Landsvirkjunar. Verði virkjað í neðri hluta Þjórsár eykst heildar raforkuframleiðsla vatnsorkuvera í 2183 MW og þar af verða 1225 MW til á þessu vatnasvæði eða tæp 57% allrar raforkuframleiðslu vatnsorkuvera Landsvirkjunar. Hlutur Landsvirkjunar í orkuframleiðslu með vatnsafli er tæp 97% á landsvísu.

Verði af þessum framkvæmdum myndast þrjú uppistöðulón í farvegi Þjórsár. Þau skerða blómlegar sveitir beggja vegna árinnar þar sem nú er stundaður arðsamur landbúnaður. Um er að ræða stór stöðuvötn sem drekkja munu gróðri og jarðvegi þar sem þau leggjast upp á bakka árinnar. Tún og beitarland munu hverfa undir vatn og malarhauga. Til dæmis er áætlað að úr neðsta lónstæðinu þurfi að fjarlægja 1,5 milljónir rúmmetra efnis svo hægt sé að virkja Urriðafoss. Þessu efni verður komið fyrir á milli sveitabæja við ána. Á rekstrartíma virkjananna mun með vissu millibili þurfa að dæla brott botnfalli, m.a.jökulleir, úr lónunum ofan stíflnanna því framburður sem áin ber með sér ofan af hálendinu mun falla þar til botns. Magnið af þessu rokgjarna efni sem dælt verður inn á lönd bújarða við ána skiptir milljónum rúmmetra. Lónin verða öll á upptakasvæði stórra jarðskjálfta þar sem landið er víða mjög sprungið eftir jarðhræringar fyrri alda.

Með tilkomu virkjana í neðri hluta Þjórsár mun rennsli árinnar á löngum köflum fyrir neðan stíflumannvirkin verða um 10 m³/sek í stað 340-360 m³/sek meðalrennslis sem nú er. Varla mun örla á vatni í margra tuga metra breiðum farveginum sem rúmar allt að 2000 m³/sek. Urriðafoss er á einu þeirra svæða sem vatnið hverfur af. Urriðafoss er nú vatnsmesti foss Íslands. Fossinn er afar tilkomumikill í náttúru héraðsins. Aðgengi að honum er mjög gott, hann er í tæplega eins kílómetra fjarlægð frá Þjórsárbrú á þjóðvegi 1.

Með virkjun neðri hluta Þjórsár verður nánast öllum fiskgengum svæðum árinnar ógnað. Síðan umhverfismat var framkvæmt á árunum 2001 og 2002 hefur laxgengd stóraukist og hryggningarstöðum og búsvæðum fjölgað. Veiði í Þjórsá hefur aukist jafnt og þétt og var yfir 9000 laxar árið 2010 eða sem var um 17% af veiddum laxi á Íslandi það ár. Heyrst hefur um mótvægisaðgerðir lífríkinu til bjargar en óljóst er hvernig þær virka. Þegar lónin fyllast skyndilega, sem mun gerast oft á hverju ári, vex rennslið um farvegina, getur aukist um 1000% og sjatnað svo jafnskjótt. Ekki er við því að búast að hrogn og seiði eigi miklar lífslíkur við þessar aðstæður. Þeim skolar á þurrt í flóðum og verða til þar þegar vatnsborðið lækkar. Svo virðist sem óljósar mótvægisaðgerðir framkvæmdaaðila eigi að vega upp á móti öllum vandamálum sem kunna að skapast. Ekki hefur verið sýnt fram á að boðaðar aðgerðir muni skila árangri. Sanna verður að mótvægislausnir sem kynntar hafa verið séu óbrigðular. Minnstu frávik geta haft afdrifarík áhrif og skaðað fiskistofna árinnar til langframa. Forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa í raun gengist við því að fyrirtækið muni ekki geta haldið lífríki Þjórsár í því ástandi að fiskur fái þar þrifist. Þetta hafa þeir gert með því að lýsa sig fúsa til uppkaupa á veiðirétti í ánni.

Vegna neikvæðra áhrifa á Þjórsá af völdum framkvæmda Landsvirkjunar við Búrfell og Hrauneyjafoss á sínum tíma var gerður fiskvegur hjá fossinum Búða árið 1991. Ofan Búða eru góð hrygningarskilyrði og næg fæða fyrir seiði. Lax hrygnir nú á nýjum svæðum fyrir ofan Búða og hefur fiskgengd farið vaxandi undanfarna tvo áratugi, bæði í Þjórsá og þverám hennar svo sem Minnivallarlæk, Þverá, Sandá/Hvammsá og Fossá. Fyrirhugað lón Hvammsvirkjunar mun raska um 68% af búsvæðum ofan Búða, skerða mögulegar göngur og hrigningu sjógenginna laxfiska ásamt því að hafa óþekkt áhrif á stofna staðbundinna urriða og bleikju. Sl. áratug eða lengur markaði Alþingi lögformlegan feril Rammaáætlunar, sem kostað hefur ærið fé. Í öllu þessu ferli var það grundvallarforsenda og útgangspunktur í vinnu verkefnastjórnar að virkjanir mættu ekki á neinn hátt skerða lífsskilyrði göngufiska í ám. Tillögur um virkjanir í neðri hluta Þjórsár voru því alltaf gerðar með fyrirvörum um að ekki væri hætta á hruni fiskstofna. Vitað er að allir hlutlausir sérfræðingar eru á einu máli um að engar mótvægisaðgerðir geti komið í veg fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafi neikvæð áhrif á sjóbirting og lax í ánni. Því verður að gera þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnenda Landsvirkjunar að þeir taki tillit til þeirra málefnalegu og faglegu upplýsinga sem liggja fyrir um þann mikla og varanlega umhverfisskaða sem virkjanir í neðri hluta Þjórsár myndu valda. Ekki dugir að horfa til skammtímasjónarmiða.

Sl. 10–15 ár hefur bændum við Þjórsá verið gert ókleift að framfylgja rekstraráætlunum og fyrirhugaðri uppbyggingu hvort heldur er í landbúnaði, ræktun og matvælaframleiðslu eða ferðaþjónustu, vegna óvissu um virkjunarframkvæmdir og áhrif þeirra og vegna skorts á upplýsingum frá yfirvöldum og Landsvirkjun.

Fjölmargir hafa hagsmuna að gæta vegna þess verðmæta lands sem liggur að neðri hluta Þjórsár. Þessir aðilar krefjast þess að landið verði ekki verðfellt með virkjunum. Hugmyndir um Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun eiga rót sína að rekja til stjórnmálamanna sem trúa á stóriðju sem heildarlausn fyrir alþýðu þessa lands.

Af virðingu skulum við umgangast náttúru landsins og gæta hófsemdar í nýtingu auðlinda þess. Sýnum komandi kynslóðum tillitssemi og jafnframt gott fordæmi.

*Jón Árni Vignisson og Erna Gunnarsdóttir Skálmholti*
*Guðmunda Tyrfingsdóttir Lækjartúni*
*Kristjana Ragnarsdóttir og Örn Ingvarsson Sauðholti*
*Renate Hannemann og Arnar Jónsson Herríðarhóli*
*Sverrir Kristinsson Gíslholti*
*Oddur Bjarnason og Hrafnhildur Ágústsdóttir Stöðulfelli*
*Tryggvi Sveinbjörnsson Heiði*
*Bjarni Gunnlaugur Bjarnason Skeiðháholti*
*Þórbergur Hrafn Ólafsson Forsæti 1*
*Ágúst Valgarð Ólafsson og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir Forsæti 3*
*Ólafur Sigurjónsson Forsæti 5*
*Sturla Þormóðsson Fljótshólum*
*Albert Sigurjónsson Sandbakka*
*Axel Páll Einarsson og Elísabet Thorsteinsson Króki*
*Sævar Örn Sigurvinsson og Louise Anne Aitken Arabæ*
*Bragi Ásgeirsson og Petra Nicola Deutrid Selparti*
*Sigríður Kristjánsdóttir Grund*
*Aðalheiður Kr. Alfonsdóttir Ferjunesi 2*
*Guðfinnur Jakobsson Skaftholti*
*Valgerður Auðunsdóttir og Guðjón Vigfússon Húsatóftum 1*
*Ástrún S. Davidsson og Aðalsteinn Guðmundsson Húsatóftum 2*
*Erlingur Loftsson Sandlæk 1*
*Elín Erlingsdóttir Sandlæk 2*
*Sigrún Bjarnadóttir Fossnesi*
*Úlfhéðinn Sigurmundsson Haga*
*Sveinn Sigurjónsson Galtalæk 2*
*Svanborg R. Jónsdóttir Stóra-Núpi*
*Kristinn Marvinsson Miðhúsum*
*Veiðifélag Kálfár*


**Fagráðstefna Landssamtaka sauðfjárbænda**
**27. mars 2015 á Hótel Sögu**

## Beitarstjórnun og sníkjudýravarnir á sauðfjárbúum - sóknarfæri í aukningu afurða

**Dagskrá**

*Fundarstjórar: Emma Eyþórsdóttir og Atli Már Traustason*

| | |
|---|---|
| 14:30–14:40 | Setning og inngangur. Eyþór Einarsson, RML. |
| 14:40–15:40 | "Using nutritional and grazing management practices to combat worms in sheep" [Nýting beitarstjórnunar og fóðrunar til að lágmarka ormasmit í sauðfé]. Rhidian Jones, sérfræðingur hjá SAC Consulting, Skotlandi |
| 15:40–16:00 | Kaffihlé |
| 16:00–16:30 | Nýting ræktaðs lands og beitarstjórnunar til að bæta afurðir sauðfjár við íslenskar aðstæður. Jóhannes Sveinbjörnsson, LbhÍ. |
| 16:30–17:00. | Smitleiðir og varnir gegn hnísla- og ormasýkingum. Hákon Hansson, dýralæknir, Breiðdalsvík. |
| 17:00–17:30. | Fyrirspurnir og umræður. |

**Ráðstefnan er öllum opin.**
**Hún er haldin í tengslum við aðalfund LS sem haldinn verður 26.–27. mars á Hótel Sögu.**

Landssamtök sauðfjárbænda

## Árshátíð sauðfjárbænda 2015

Árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldin föstudaginn 27. mars næstkomandi í Súlnasal Hótels Sögu. Hátíðin hefst með fordrykk kl. 19, en borðhald kl. 20.

Veislustjóri er Sævar Sigurgeirsson. Raddbandafélag Reykjavíkur og fleiri skemmta og hljómsveitin Dans á rósum leikur fyrir dansi.

**Matseðill:** Léttreyktur þorskhnakki, kryddleginn hörpudiskur og grillaður humarhali.

Blómkálsmauk, afbrigði af sýrðri gulrót, fennika, rifsberja vinaigrette, hægeldaðir kirsuberjatómatar

Hunangs- og kryddjurtagljáður hryggvöðvi af íslensku fjallalambi.

Blandað rótargrænmeti. Hasselback kartöflur og blóðbergsgljái.

Bláberja-osta desert á hafrakexbotni, kanill, vanilluís, blóðberg og rifsberja coulis

Miðaverð er kr. 6.500

Tekið er við miðapöntunum á skiptiborði Bændasamtakanna í síma 5630300. Hægt er að panta borð fyrir hópa (að lágmarki 8 manns).

Þegar er uppbókað á Hótel Sögu þann 27. mars og þeir sem ekki hafa tryggt sér gistingu þar verða því að leita annarra leiða. Að gefnu tilefni er tekið fram að pöntun á gistingu felur ekki í sér pöntun á miða og öfugt.

**Árshátíðarnefnd LS þakkar eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn við hátíðina:**

| | |
|---|---|
| Búaföng | Landstólpi |
| Fallastakkur | Lífland |
| Ferðaþjónusta bænda | Límtré-Vírnet |
| Fjalllalamb | Loftorka |
| Fóðurblandan | Norðlenska |
| Funi | Pakkhúsið Hellu |
| H. Hauksson | Rósaberg |
| Hákonarson | Skinney Þinganes |
| Hótel Smyrlabjörg | Sláturfélag Suðurlands |
| Hýsi-Merkúr | Sláturfélag Vopnfirðinga |
| Ís og ævintýri | Sláturfélagið Búi |
| Íslandsbanki | Sláturhús KVH |
| Ístex | Sprettur - áburður |
| Jötunn Vélar | Tryggingamiðstöðin |
| Kaupfélag A-Skaftfellinga | Ursus umboðið - Stjörnublikk |
| Kaupfélag Borgfirðinga | VB landbúnaður |
| Kaupfélag Skagfirðinga | Vélfang |
| Kaupfélag V-Húnvetninga | Vátryggingafélag Íslands |
| Kraftvélar | Þór |

Landssamtök sauðfjárbænda

Gamli traktorinn



# Hanomag – fyrsti traktorinn í Hnífsdal



**Þýski vélaframleiðandinn Hannoversche Maschinenbau AG eða Hanomag hóf framleiðslu á gufuvélum fyrir járnbrautarlestir og skip árið 1835. Sjötíu árum síðar setti fyrirtækið á markað trukka og herbíla og 1912 steig fyrirtækið fyrsta skrefið í átt til landbúnaðar og hóf framleiðslu á vélknúnum plógi og tæki til að taka upp rófur í Þýskalandi.**





Gufuvéla- og lestarvagnar Hanomag þóttu góð smíð og voru nánast einráðar á markaði víða í Evrópu fyrstu tvo áratugi 20. aldar.

***Einn af fyrstu dísiltraktorunum***

Fyrsta dráttarvélin frá Hanomag kom á markað skömmu eftir heimsstyrjöldina fyrri, 25 hestafla bensínvél sem var fáanleg bæði á hjólum og beltum. Vélinni var fljótlega skipt út fyrir 40 hestafla dísilvél og var Hanomag einn af fyrstu framleiðendunum til að knýja dráttarvélar með díselolíu. Vélarnar voru traustar og biluðu sjaldan og framleiðsla þeirra hélst nánast óbreytt í 35 ár.

Fyrirtækið var lengi leiðandi í framleiðslu á gírkössum og frá árinu 1942 bauð Hanomag traktora með fimmskiptum gírkassa.

***Litlir og stórir traktorar***



Á sjötta áratug síðustu aldar setti fyrirtækið á markað nýja línu hjóladráttarvéla, 19 til 55 hestöfl og 90 hestafla beltavél. Fram að þessu höfðu allar dráttarvélar frá Hanomag verið fjögurra strokka en auk fyrrnefndra véla prófaði fyrirtækið sig áfram með minni 12 hestafla traktor með tveggja strokka vél.

Rekstur fyrirtækisins gekk vel og árið 1954 hafði það selt eitt hundrað þúsund dráttarvélar um allan heim.

***Yfirtökur og eigendaskipti***

Þrátt fyrir gott gengi tók Rheinstal samsteypan Hanomag yfir árið 1961. Árið 1967 kom á markað nýgerð Hanomag-dráttarvél, að þessu sinni voru vélarnar fjórhjóladrifnar og með háu og lágu drifi. 250 þúsund slíkar vélar voru framleiddar en seldust illa og var framleiðslu þeirra hætt árið 1971. Hanomag hefur verið hluti að Komastu-samsteypunni frá 1989.

***Hanomag á Íslandi***



Á vef Fornvélafélags Íslands er að finna skemmtilega sögu um fyrstu dráttarvélina sem kom í Hnífsdal og var af gerðinni Hanomag og árgerð 1958.

„Vélin var að ýmsu leyti merkilegur gripur, t.d. var hún með sérstöku vökvakerfi. Þannig var vökvatjakkur notaður til að lyfta beislinu að aftan, en ekki innbyggður gírbúnaður. Með henni fylgdu ámoksturstæki með malarskóflu, sömuleiðis vökvaknúin, heykvísl og sláttugreiða. Þá var byggingarlag hennar frábrugðið öðrum að því leyti að hún var byggð á grind. Vél og gírkassi voru skrúfuð í grindina, gírkassinn var 2 x 3ja gíra og vélin var eins strokks tvígengis-dísilvél, átján hestöfl, byggð með skolloftsblásara og öðrum þeim búnaði sem tilheyrði þess háttar vélargerð.

Allmargir Hnífsdælingar stunduðu smábúskap meðfram fullri vinnu, og um árabil sló þessi Hanomag dráttarvél allt sem slá þurfti og véltækt var í dalnum, Vélin olli því sannkallaðri byltingu í búskaparháttum í dalnum, létti störf og stytti verktíma.“ /VH

## Utan úr heimi



Svona er umhorfs á svæði sem áður var þakið frumskógi.

Skógareyðing:

# Áætla að fella 23.000 hektara af frumskógi til að rækta pálmaolíu

**Matarolíuframleiðandi í Perú hefur fengið leyfi yfirvalda þar í landi til að fella 23.000 hektara frumskóglendi í norðurhluta Amasonskógarins til að rækta pálma sem unnin er pálmaolía úr.**

Skógarnir sem til stendur að fella eru 85% frumskógar. Frumskógar nefnast náttúrulegir skógar sem hafa fengið að vaxa og dafnað án þess að mannshöndin hafi komið þar nærri og í þá hafi verið plantað trjám.

Fyrirtækið sem um ræðir kallast Palma del Espino og er hluti af Romero-samsteypunni sem er risafyrirtæki í suður-amerískum matvælaiðnaði.

Til skamms tíma hefur framleiðsla á pálmaolíu verið minni í Perú en í nágrannaríkjunum, Ekvador og Kólumbíu. Aukningin undanfarin ár er þó umtalsverð og útlit fyrir að pálmaolía verði ræktuð á 1,5 milljón hekturum lands í Perú eftir nokkur ár.

Samkvæmt lögum í Perú eru frumskógar Amason friðaðir en þrátt fyrir það eru þeir felldir á báða bóga og segja skógfriðunarsinnar að fyrirtæki eins og Romero samsteypan notfæri sér göt í lögum og mútur til að ná sínu fram. /VH

Ólöglegt skógarhögg:

# Skógardólgur handtekinn

**Löggæslumenn ráðuneytis umhverfis og náttúruverndar í Brasilíu handtóku fyrir skömmu mann sem er talinn bera ábyrgð á um 20% af öllu ólöglegu skógarhöggi í landinu undanfarin ár.**





Skógardólgurinn alræmdi sem um ræðir heitir Ezequiel Antônio Castanha og á hann yfir höfði sér, finnist hann sekur, allt að 50 ára dóm. Honum er gefið að sök að stjórna neti ólöglegra skógarhöggsfyrirtækja og sögunarmylla vítt og breitt um Brasilíu.

Starfsemi Castanha er sögð hafa verið svo stórtæk að hún sé völd að hátt í 20% af öllu ólöglegu skógarhöggi í Brasilíu undanfarin ár.

Áætlanir gera ráð fyrir að um 4.850 ferkílómetrar af skóglendi hverfi í Brasilíu á hverju ári vegna ólöglegs skógarhöggs. Í skógum tapast gríðarlegt magn af líffræðilegum fjölbreytileika á hverju ári um allan heim vegna skógarhöggs, hvort sem það er löglegt eða ólöglegt. /VH

Áhrif ESB-aðildar á landbúnað í norðurhéruðum Svíþjóðar og Finnlands:

# Hundruð bænda gefast upp fyrir erlendri samkeppni

**Um 200 bændur í Austurbotnum hafa gefist upp á undanförnum misserum vegna harðrar samkeppni frá öðrum Evrópusambandslöndum og lélegrar afkomu.**

Fjallað var um málið í vefsíðuritinu yl.fi í lok fyrri viku. Þar var m.a. rætt við Fredrik Grannas, trúnaðarmann hjá Österbottens svenska producentförbund (ÖSP), sem eru samtök framleiðenda í Austurbotni. Hann sagði að þarna væri um efnahagslegt vandamál að ræða. Í fyrra hafi starfsemi verið hætt á 200 jörðum en á hundrað til viðbótar hafi orðið kynslóðaskipti.

Hljóta þetta að teljast athyglisverð tíðindi í ljósi fullyrðinga úr ranni stuðningsaðila ESB-aðildar á Íslandi. Þeim hefur í sínum áróðri orðið tíðrætt um hvað staðan í norðurhéruðum Finnlands og Svíþjóðar sé gott dæmi um góðan árangur af sértækum aðgerðum ESB fyrir landbúnað á norðlægum slóðum.

Um 5.000 bændur búa í Austurbotnum, en þeim fækkar stöðugt. Grannas segir að margar orsakir kunni að vera fyrir því að bændur gefist upp. Í sumum tilfellum hafi eldri bændum ekki tekist að fá yngra fólk til að taka við. Þá geti það líka haft sín áhrif að gera á breytingar á stuðningskerfinu á þessu ári þar sem styrkir eru fremur tengdir landi en afurðum. Stór þáttur er síðan minnkandi tekjur í harðri samkeppni við innfluttar landbúnaðarvörur. Þar muni miklu frá því sem áður var. /HKr.

# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. mars 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**
**Hafnarstræti 88**
**Akureyri**



## Victron energy hleðslutæki í úrvali

Fylgdu okkur á Facebook

Hágæða hleðslutæki sem auka líftíma rafgeyma og verja gegn skemmdum.

Vatns, ryk og efnaþolin.
"Smart charge algorithm".
Endurlífga "dauða" geyma.
Sjálfvirk spennugjafastilling.



NAUST marine
Miðhellu 4 · 221 Hafnarfirði
S. 414 8080 · www.naust.is

victron energy BLUE POWER



# Flotvinnufatnaður

FLADEN RESCUE SYSTEM



Léttur - Lipur - Hlýr
Öryggur og Sterkur
flotvinnufatnaður

Vandaður og sterkur vinnufatnaður frá Svíþjóð.
Bæði til heilir samfestingar og tvískiptir jakki, og smekkbuxur

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimanna Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is





Partner of Experts STAHL CraneSystems

# STAHL kranar og talíur

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:
- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

ÍSFELL www.isfell.is
ísnet



# Bjóðum nú síðustu eintökin af KUBOTA M108s til sölu

KUBOTA M108s kom fyrst á markað árið 2008 og síðan þá hefur hún verið vinsælasta KUBOTA dráttarvélin sem við höfum selt. Hún er nú að detta úr framleiðslu vegna strangari reglna um mengunarvarnir.

Ánægðir eigendur KUBOTA M108s á Íslandi lofa hana fyrir
- Lága bilanatíðini
- Lágan rekstrarkostnað
- Sparneytni
- Lipurð
- Afl og afköst.

Og síðast en ekki síst einfaldleikann.



KUBOTA M108s er einföld vél sem hefur allan þann búnað sem nútíma búskaparhættir krefjast.

**Helsti búnaður**
■ 108 hestöfl. ■ 4 gíra kassi með milligír. ■ Kúplingsfrír vendigír. ■ 3 - tvöföld vökvaúrtök. ■ Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur. ■ Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu. ■ Mjög góð og lipur tækjavél. ■ Fáanleg með KUBOTA ámoksturstækjum með dempara, 3-sviði, EURO ramma og skóflu

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

**Vefsíða:** www.thor.is

1979–2014 35 Áreiðanleiki í fyrirrúmi ár á Íslandi Kubota



Skynmat og skynmatsrannsóknir hafa lengi verið mikilvæg sérsvið hjá Matís og hefur áherslan í vaxandi mæli beinst að neytendarannsóknum.

### Athyglisverð skynmatsráðstefna í Noregi:

# Bragð framtíðarinnar

**Annað hvert ár eru haldnar á Norðurlöndum ráðstefnur Nordic Sensory Workshop sem fjalla að mestu um skynmat og neytendarannsóknir og hefur Matís tekið þátt í undirbúningi þeirra.**

Næsta ráðstefna verður haldin í Osló 11. og 12. maí næstkomandi og ber hún yfirskriftina: Bragð framtíðarinnar (e. A Taste of the Future).

Helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar að þessu sinni verða:

- Hvað vilja börnin borða? (e. Children and Food Preferences)
- Heilsusamleg matvæli sniðin að þörfum neytenda (e. Taylor made Healthy Foods)
- Stefnur í nýnorrænni matargerð (e. Nordic Food Trends)

Gunnar Karl Gíslason, veitingamaður á Dill Restaurant, mun halda erindi um hvert ný norræn matargerð stefnir frá sjónarhóli kokksins.

Skynmat og skynmatsrannsóknir hafa lengi verið mikilvæg sérsvið á Matís og hefur áherslan í vaxandi mæli beinst að neytendarannsóknum. Matís hefur tekið þátt í mörgum innlendum og erlendum rannsóknarverkefnum á þessu sviði og er þátttakandi í evrópskum samtökum European Sensory Network (ESN) sem fjalla um skynmat og neytendarannsóknir.

Fólk í matvælaframleiðslu og aðrir sem áhuga hafa á þessu efni eru hvattir til að skrá þátttöku sína sem fyrst. Nánari lýsing, skráning og dagskrá er á vefsíðu Nofima (http://nofima.no/aktivitet/a-taste-of-the-future/). /VH



### Hieracium attenboroughianum:

# Undafífill nefndur eftir David Attenborough

**Áður ógreind tegund af undafífli sem fannst í Suður-Wales fyrir skömmu hefur verið nefndur í höfuðið á sjónvarpsmanninum og náttúrufræðikennara heimsins, David Attenborough, og heitir hér eftir því þjála nafni Hieracium attenboroughianum.**

Plöntur og dýr sem nefnd eru eftir Attenborough eru nokkur og má þar nefna asíska kjötætuplöntu, ástralska smákönguló, engisprettu í Dóminíska lýðveldinu, snjáldru í Nýju-Gíneu, útdauðan fisk og risaeðlu. Reyndar er til heil ættkvísl plantna sem vex í Gabon í Afríku sem nefnd er í höfuðið á honum.

Undafífillinn er fyrsta plantan sem vex á Bretlandseyjum sem nefnd er eftir honum.

Grasa- og flokkunarfræðingurinn Tim Rich fann fífilinn fyrir tíu árum en það var ekki fyrr en nú að staðfest var að um áður ógreinda tegund væri að ræða. Ástæðan fyrir því að Rich nefndi plöntuna í höfuðið á Attenborough er sú að hann vildi heiðra manninn sem vakti áhuga hans á náttúrufræði.

Í viðtali vagna nafngiftarinnar sagðist Attenborough vera bæði ánægður og stoltur með að svo falleg planta væri nefnd eftir sér.

/VH

# Fjölsótt Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku

## – fyrri hluti

**Í lok febrúar sl. var haldið hið árlega Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku, sem kallast á máli heimamanna Kvægkongres. Þarna koma saman bændur, ráðunautar, dýralæknar og vísindafólk frá Danmörku og mörgum öðrum löndum til þess að ræða málefni nautgriparæktarinnar.**



Á þessari árlegu ráðstefnu eru alltaf tekin fyrir bæði pólitísk og fagleg málefni nautgriparæktarinnar og stendur fagþingið yfir í tvo daga og er opið öllu áhugafólki í nautgriparækt. Athygli hefur vakið að á hverju ári eykst þátttaka bæði bænda og ráðgjafa þeirra frá öðrum löndum en Danmörku og sýnir það einna best styrk fagþingsins, en fullyrða má að fagþing þetta er eitt það umfangsmesta á sviði nautgriparæktar sem haldið er í norðurhluta Evrópu.

### *Níu málstofur*

Að þessu sinni var dagskrá þingsins skipt í níu ólíkar málstofur (sjá nánar hér fyrir neðan) og voru alls flutt 58 ólík erindi þessa tvo daga, en vegna fjölda þátttakenda voru vinsælustu erindin flutt tvisvar svo líkurnar myndu aukast á því að allir gætu náð að fylgjast með. Alls voru því flutt erindi 64 sinnum á fagþinginu! Hér á eftir verða helstu efnistök einstakra málstofa rakin, en allt fagefni frá ráðstefnunni, bæði hinar faglegu greinar og þau erindi sem byggja á þeim, er opið og aðgengilegt á heimasíðu ráðstefnunnar: www.kvaegkongres.dk. Líkt og undanfarin ár var auk þessa hægt að nýta tímann í öllum kaffi- og matarhléum til þess að fræðast enn frekar enda voru helstu mjaltatækjaframleiðendurnir mættir á svæðið með nýjustu tæki og tól, ráðgjafarfyrirtækin voru þarna einnig í röðum og fleiri aðilar sem þjónusta nautgripabændur í Danmörku.

### *1. Bústjórn*

Í málstofunni sem sneri að bústjórn voru flutt sjö fín erindi og vegna hins lága afurðastöðvaverðs til kúabúa undanfarna mánuði í Danmörku fjölluðu flest þeirra um fjármál búanna og hvernig bæta mætti stöðuna. Var þar m.a. komið inn á nýjar leiðir, sem tóku gildi um nýliðin áramót, sem ætlað er m.a. að auðvelda kúabændum kynslóðaskipti á búum sínum og felast m.a. í skattalegu hagræði af ættliðaskiptum. Ættliðaskiptin þarf að skipuleggja með töluverðum fyrirvara og gjarnan nokkurra ára, svo nýta megi sem best alla kosti í stöðunni svo sem að stofna eignarfélag um reksturinn sem svo aftur auðveldar nýjum aðila að koma að búrekstrinum.

Í öðru erindi var fjallað ítarlega um fjármögnun kúabúa og í því þriðja áhrif heimsmála á almennan búrekstur í Danmörku. Þá fjallaði eitt erindið um stjórnun fjármagnsflæðis í búrekstri og annað erindi um kosti þess að kaupa að margskonar þjónustu við búskapinn, bæði varðandi margs konar vinnu utan fjóssins svo sem áburðardreifingu, slátt eða þreskingu en einnig eldi á gripum. Þar getum við Íslendingar lært mikið af reynslu Dana sem hefur verið einkar góð á þessu sviði og eru í dag margir kúabændur sérhæfðir í kvígueldi fyrir aðra kúabændur, og með því skapast mikilvægt rými í hefðbundnum fjósum fyrir mjólkurkýr í stað geldneyta.

### *2. Stefnumörkun*

Vegna sístækkandi kúabúa í Danmörku, en meðalbúið er nú með um 170 mjólkurkýr með um 1,7 milljón lítra framleiðslu á ári, þá búa flestir kúabændur núorðið við það að vera með starfskraft eða starfskrafta í vinnu. Það er töluvert breytt mynd í rekstri að vera með starfsfólk og þarf bæði til þess hæfileika í stjórnun og skipulagi svo starfsfólkið nýtist sem allra best á hverjum tíma. Um þessi atriði og fleiri fjölluðu einmitt þrjú af sjö erindum í þessari skemmtilegu málstofu.

Eitt af ferskari erindum fagþingsins sneri svo beint að hinni nýju kynslóð bænda og ungra starfsmanna á kúabúum landsins. Kynslóðin sem hefur verið kölluð „Z“ kynslóðin (stytting fyrir Zapp eða „smellur“) og nær yfir ungt fólk á aldrinum 15–24 ára. Fólk í þessum aldurshópi hefur flest allt tileinkað sér notkun spjaldtölva, snjallsíma og snjallsímaforrita (app) til þess að létta sér störfin og ná bættum árangri í vinnunni en einnig í einkalífi sínu. Allt er fáanlegt á netinu og með einum smelli er hægt að panta dráttarvél, íhluti eða jafnvel staðfesta stefnumót á veitingahúsi! Mörgum eldri bændum finnast þessar nýjungar oft heldur til trafala og jafnvel óþarfar og myndast því stundum gjá á milli hinna ungu og þeirra sem eldri eru. Hér þarf að brúa bil og eldri bændur, sem yngri, þurfa að læra að nýta helstu kosti hinnar nýju tæknibylgju sem og að þekkja einnig ókostina. Einkar áhugavert erindi sem óhætt er að mæla með lestri á.

Undanfarin ár hefur verið lögð vaxandi áhersla á vinnuvernd og vinnuöryggi í dönskum landbúnaði og hann er athyglisverður árangurinn sem forvarnarstarf um vinnuvernd hefur skilað, en átakinu hefur verið stýrt af hinu opinbera. Sérmenntað fagfólk í vinnuvernd, þ.e. beitingu líkamans við vinnu m.m., hefur farið á milli búa sem hafa tekið þátt í verkefninu og aðstoðað bændur við að finna betri leiðir til þess að vinna við daglegar gegningar




Öllum sem koma á Kvægkongres er boðið í bæði hádegisverð, kaffi og kvöldmat.

svo slit og álag á líkama þeirra og starfsmanna búanna verði minna. Þetta hefur skilað sér í bættu líkamlegu vinnuumhverfi en einnig betra andlegu umhverfi, sem er ekki síður athyglisvert.

Eitt erindi enn er eiginlega nauðsynlegt að taka hér sérstaklega fyrir en það sneri að einkar áhugaverðum samanburði á „þeim bestu“ og öðrum kúabændum í Danmörku. Nýlega kom út skýrsla frá ráðgjafafyrirtækinu SEGES þar sem eigendur og starfsfólk 20 best reknu búanna í landinu var fengið í viðtal til þess að draga fram hvað einkennir þá sem eru að standa sig best – hvað varðar rekstur. Af þessum 20 kúabúum voru 15 með mjaltabása og fimm með mjaltaþjóna og þar af tvö þeirra einnig með mjaltabása. Ekkert af þessum kúabúum er með nýbyggingu frá síðustu tveimur árum en flest þeirra hafa farið í gegnum stækkunarferli undanfarin ár. Þau eiga það sameiginlegt að það er afar vel séð um gripina og kálfadauði er t.d. undir landsmeðaltali. Þá er nýbærum haldið aðskildum frá framleiðsluhópnum fyrstu dagana eftir burð. Annað sem einkennir búin er að bændurnir hafa brennandi áhuga á búgreininni, eru sveigjanlegir en samt mætti segja að þeir væru með fullkomnunaráráttu! Þessir bændur hafa einnig skýra sýn á framtíð búa sinna og hafa sett sér afmörkuð markmið til þess að ná ætluðum árangri. Þeir eru sjálfsgagnrýnir, bera sig saman við aðra, þá þyrstir í að læra af öðrum og fjárfesta ekki nema skýrt sé að fjárfestingin skili af sér arði. Þetta er svo sannarlega efni sem á erindi til flestra.

### *3. Fóður*

Í málstofunni um fóður var komið inn á marga ólíka þætti fóðurs og fóðrunar en alls voru flutt sjö erindi í þessari málstofu. Eitt erindi af mörgum góðum sneri að áætlanagerð fyrir gróffóðuröflun en mikill munur er á bestu lausnum fyrir hvert kúabú, eftir því hvernig bústjórnin er og afurðastig búanna er. Annað fínt erindi fjallaði um reynslu bænda með sk. samþjappað fóður, sem byggir á því að gróffóður kúnna er svo mikið skorið og blandað í heilfóðurvagni að stubblengdin er mest 25 mm eða svo. Sé þetta rétt gert þarf varla að ýta að kúnum enda er fóðrið allt eins og kýrnar bregðast ekki við sé farið að ýta fóðrinu að, jafnvel þótt einungis sé gefið einu sinni á dag. Þetta er afar áhugaverð aðferð við fóðrun hámjólka kúa en fullyrða má að flest afurðahæstu búin, sem eru þá með meira en 13 þúsund lítra að jafnaði á kúna, notast við þessa aðferð við fóðurblöndun.

Annað skemmtilegt erindi fjallaði um „Gróffóðurskólann“ en það er nafnið á átaksverkefni sem hefur verið í gangi í Danmörku og í því tóku sjö bændur þátt en markmiðið með því var að hækka framlegðina pr. árskú með því að framleiða betra gróffóður. Kúabændurnir sem tóku þátt í þessu lærðu hver af öðrum auk þess að hafa sest á skólabekk og fengið góða upprifjun af fræðunum úr bændaskólanum o.fl. Á heimasíðu átaksverkefnisins, www.grovfoderskolen.dk, er hægt að lesa um þau kúabú sem tóku þátt í þessu, hvernig hverju þeirra gekk, uppskerutölur, lesa dagbækur, skoða myndir og fleira í þeim dúr.

Eitt erindi enn má hér nefna og gæti vakið áhuga á Íslandi en það sneri að beit mjólkurkúa og beitarstjórn. Hægt er gera ráð fyrir að kýr geti fengið með beit um 30–50% af daglegri fóðurþörf og á sama tíma haldið nytinni uppi. Eigi það þó að ganga eftir þarf að stýra beitinni gríðarlega vel, bæði þéttni kúnna á beit, beitartíma þeirra og tímalengd á hverri spildu. Mörg önnur atriði voru nefnd sem hægt er að lesa sér til um á vefsíðu fagþingsins. Hér er vafalítið mikið sem við getum lært af Dönum, enda hefur það verið svo hér á landi síðustu tvö ár, og raunar mun lengur, að innvigtun mjólkur til afurðastöðvanna dregst hratt saman þegar kýrnar eru settar út.

### *4. Kýrin og kálfurinn*

Í málstofunni með þetta skemmtilega nafn voru flutt mörg erindi og m.a. af prófessor Katy Proudfoot frá Ohio-háskólanum í Bandaríkjunum. Katy þessi er sérfræðingur í atferli og aðbúnaði gripa og flutti tvö afar góð erindi. Annað þeirra sneri að því hvernig maður á að lesa rétt í atferli kúnna og hegðun þeirra, en hitt um rannsóknir á leguatferli og -tíma kúa í mismunandi innréttuðum legubásum. Í stuttu máli var niðurstaðan sú, og kemur svo sem ekki á óvart, að þar sem notaður var mikill undirburður lágu kýrnar lengur sem og ef þær höfðu aðgengi að breiðum legubásum þar sem hnakkarörið hafði verið fært svo langt fram að það truflaði ekkert kýrnar þegar þær fóru upp í legubásinn.

Annað erindi sem var flutt á ensku, eins og erindi Katy, var flutt af Alex Bach sem er prófessor við rannsóknastofnunina IRTA í Barcelona á Spáni. Fór hann í erindi sínu yfir helstu ferla við fóðrun kvígna, sem hafa áhrif á afurðasemi þeirra þegar þær hefja mjólkurframleiðslu. Ráðlagði hann m.a. að miða við ákveðinn þunga þegar kvígurnar hætta á mjólk 56 daga gamlar og að það eigi að tryggja kvígum hraðan vöxt fyrstu vikur ævinnar. Þá tók hann fram að ekki þurfi að óttast of mikinn þroska fram að kynþroska, það hafi nú verið sýnt fram á að mikill vöxtur framan af hafi ekki neikvæð áhrif á mjólkurframleiðsluna síðar meir – öfugt við það sem áður var miðað við. Þá eigi að fylgjast afar vel með þunga kvígnanna á hverjum tíma og halda þeim vel við efnið svo þær verði þroskamiklar við fyrstu sæðingu og haldi gjarnan þá strax svo þær beri 23 mánaða gamlar. Vissulega áhugaverðar ráðleggingar sem vert er að velta fyrir sér.

Mörg önnur áhugaverð erindi voru flutt í þessari málstofu og þeim sem hér að framan hafa verið nefndar. Enn skal minnt á að hægt er að hlaða niður og lesa erindin og stuttar greinargerðir erindanna á vefsíðu fagþingsins: www.kvaegkongres.dk.

Síðar verður fjallað um aðrar málstofur ráðstefnunnar hér á síðum Bændablaðsins, en ein þeirra fjallaði um mjólkurgæði og -framleiðslu, önnur um félagafræðslu á milli kúabænda, sú þriðja um kynbætur og sú síðasta um kjötframleiðslu. Þá voru jafnframt haldnir ársfundir hinna ólíku kúakynja í Danmörku á ráðstefnunni, en um þá verður þó ekki fjallað sérstaklega.

*Snorri Sigurðsson*
*Ráðgjafi hjá SEGES*
*sns@seges.dk*




Myndirnar eru frá SEGES.



**Pólskir bændur og stuðningsmenn mótmæltu ofríki ESB og þrömmuðu undir merkjum samstöðu að forsætisráðuneytinu í Varsjá.** Myndir / Joanna Bojczewska / Land Workers Alliance

## Pólskir bændur mótmæla ofríki ESB:

# Bannað að selja þjóðlegan pólskan mat beint frá býli

**Pólskir bændur skoruðu í fyrri viku á forsætisráðherra Póllands að taka upp hanskann til stuðnings pólskum bændum sem höfðu mótmælt í heila viku fyrir utan höll forsætisráðherra í Varsjá.**

Áskorunin var send 25. febrúar síðastliðinn og ástæða hennar er að vegna ofurstrangra reglugerða ESB fái pólskir bændur ekki lengur að selja heimaunnar þjóðlegar afurðir sínar (beint frá býli). Þjóðlegir réttir Pólverja séu nú orðnir ólöglegir samkvæmt skilgreiningum Evrópusambandsins. Til að leggja áherslu á áskorunina sendu bændur ráðherranum körfu fulla af „ólöglegum“ pólskum mat.



**Karfa með „ólöglegum mat“ borinn til forsætisráðherra.**

Greint var frá þessu á vefsíðu Bandalags landbúnaðarverkamanna í Bretlandi (Land Workers Alliance). Þar kom m.a. fram að um 6.000 bændur af fjölskyldubúum vítt og breitt um Pólland þrömmuðu inn í Varsjá í byrjun febrúar og lögðu undir sig svæði fyrir utan forsætisráðuneytið. Þar héldu þeir til í meira en viku til að mótmæla reglugerðaofríki ESB. Stuðningsmenn bændanna komu með gæðavörur beint frá býli á markað sem starfræktur var á svæðinu og kallaður „Green City“.

Bændurnir nutu mikils stuðnings í aðgerðum sínum m.a. frá kolanámumönnum, samtökum býflugnaræktenda og hjúkrunarkvenna sem voru jafnframt í verkfalli.

Þá mótmæltu bændur á að minnsta kosti 50 stöðum vítt og breitt um Pólland og lokuðu meðal annars hraðbraut 2 inni í Varsjá með 150 dráttarvélum.




**Þjóðleg matvælaframleiðsla pólskra bænda sem skriffinnar Evrópusambandsins í Brussel skilgreina sem „ólöglega“.**

### *Reynt að gera baráttu bænda tortryggilega*

Allt hefur verið reynt til að koma í veg fyrir umfjöllun fjölmiðla af málinu og reynt að afvegaleiða hana á þann hátt að kröfur bændanna snerust um allt annað mál. Meðal annars var reynt að beina umræðunni í þann farveg að málið snerist um óánægju bænda með ágang villtra svína. Ekki þarf að fjölyrða um að fréttir af þessum viðburði, frekar en mörgum öðrum á svipuðum nótum í vetur, m.a. í Frakklandi, hafa ekki þótt tilefni til umfjöllunar í íslenskum miðlum.



**Pólskir bændur mættu á um 150 dráttarvélum og lokuðu hraðbraut 2 inn í Varsjá.**

### *„Já við alvörufæðu frá bóndabæjum“*

Pólskir bændur sem mótmæltu fyrir framan ráðuneytið létu þó engan bilbug á sér finna og voru þar undir merkjum samstöðu og borðum sem á stóð „No to GMO“, „No to land grabs“ og YES to real farm foods“, sem útleggja má sem; „Nei við erfðabreyttum mat“, „Nei við landráni“ og „Já við alvörufæðu frá bóndabæjum“.

Mótmæli við landráninu eru ekki að ástæðulausu því frá og með næsta ári mun erlendum fyrirtækjum og einstaklingum vera heimilt samkvæmt lögum ESB að kaupa allt það land sem þeim sýnist í Póllandi. Þá er með lögum ESB verið að gera pólskum bændum ókleift að keppa við stórframleiðendur þar sem óheimilt verður að selja beint frá býli hefðbundnar óunnar matvörur. Þá vilja bændurnir að bann verði lagt við ræktun, þróun og sölu erfðabreyttra lífvera í Póllandi.

Sögðu bændur að með þessum mótmælum væri í raun verið að draga síðustu víglínuna í baráttunni gegn samsæri fyrirtækja- og stjórnvalda um að yfirtaka pólskan landbúnað. Slík stefna muni einungis leiða til eyðileggingar á sjálfbærni fæðukeðjunnar og möguleikum bænda til að framfleyta sér. */HKr.*

Eyþór Einarsson
Ábyrgðarmaður sauðfjárræktar
ee@rml.is



# Bætt beitarstjórnun – lykill að auknum afurðum

## – Fagráðstefna um beitarstjórnun og sníkjudýravarnir á sauðfjárbúum

**Augljóst samband er milli þéttleika í högum og afurðasemi búfjár. Einhvers staðar er skurðpunktur þar sem hámarksnýtingu er náð.**

Ef farið er yfir þann punkt er jafnvel bæði farið að ganga á landgæðin og búreksturinn orðinn óhagkvæmari sökum lakari afurða. Ástæður þess að afurðir minnka geta bæði verið að framboð af góðri beit er of lítið og að smitálag í högum er of mikið. Með góðu beitarskipulagi má vinna gegn þessum fylgifiskum aukins beitarálags.

Víða erlendis þar sem búið er við mikinn þéttleika sauðfjár í högum er lögð þung áhersla á beitarstýringu og varnir gegn sníkjudýrum. Mótstaða gegn ormasmiti er t.d. sums staðar tekin inn í ræktunarstarfið. Hér á landi eru aðstæður á vissan hátt ólíkar því sem gerist almennt erlendis. Engu að síður eru víða dæmi hérlendis þar sem beitarþungi er mikill vor og haust og miklar líkur á að mikið smitálag í högum sé að hamla vexti lamba.

Rannsóknir og leiðbeiningar tengdar beitarstjórnun og sníkjudýravörnum fyrir sauðfjárbændur hafa ekki verið stundaðar í miklum mæli á síðustu árum og orðnir nokkrir áratugir síðan helstu rannsóknir fóru fram á þessu sviði hér á landi.

Fagráð í sauðfjárrækt ákvað því að taka þennan málaflokk fyrir á fagráðstefnu sem haldin verður í tengslum við aðalfund LS nú í mars. Markmiðið er að fá innsýn í það hvernig leiðbeiningum er háttað í dag hjá þjóð sem leggur mikið upp úr góðri beitarstýringu. Jafnframt að draga fram þá reynslu og þekkingu sem okkar sérfræðingar hafa fram að færa um beitarstjórnun á ræktuðu landi og varnir gegn sníkjudýrasmiti.

Á ráðstefnunni munu þrír sérfræðingar tengdir beit og sníkjudýravörnum flytja erindi. Fyrstan skal nefna Skotann Rhidian Jones sem vinnur hjá SAC Consulting. SAC er skammstöfun fyrir Scottish Agricultural College og er partur af skoska landbúnaðarháskólanum SRUC. Hann starfar sem ráðgjafi fyrir bændur m.a. í beitarnýtingu og sjúkdómavörnum. Hann mun fjalla um beitarskipulag, mat á hæfilegu beitarálagi, sníkjudýravarnir með lyfjum og beitarskipulagi og hvernig staðið er að kynbótum fyrir ormamótsstöðu. Dr. Jóhannes Sveinbjörnsson, bóndi í Heiðarbæ og sérfræðingur hjá LBHÍ, mun fjalla um nýtingu ræktaðs lands og beitarstjórnun út frá íslenskum aðstæðum og rannsóknum. Þá mun Hákon Hansson dýralæknir fjalla um forvarnir og meðhöndlun við orma- og hníslasmiti hér á landi.

Ráðstefnan fer fram í Bændahöllinni föstudaginn 27. mars. Hún stendur frá 14:30 til 17:30 og er öllum opin. Hér er gott tækifæri fyrir bændur til að auka þekkingu sína. Þetta er málaflokkur sem við þurfum örugglega að gefa meiri gaum en bætt beitarstjórnun getur verið lykillinn að auknum afurðum hjá mörgum sauðfjárbændum.

matís

# Nýsköpunartækifæri í lífhagkerfinu

**Lífrænar auðlindir eru og hafa verið mikilvæg undirstaða efnahagslegra framfara á Íslandi. Mikil tækifæri eru í aukinni verðmætasköpun í lífhagkerfinu með aukinni vöruþróun, bættum vinnsluferlum og nýtingu hliðarafurða til verðmætasköpunar.**

Matís leiðir verkefnið „Nýsköpun í lífhagkerfinu“ sem er hluti af „Nordbio“ formennskuáætlun Íslands (2014–2016) í Norrænu ráðherranefndinni. Um er að ræða verkefni sem snúa að nýsköpun í lífhagkerfinu þ.e. verkefni sem stuðla að aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu og draga úr úrgangi, framleiðslu nýrra vara með beitingu líftækni og aukinni framleiðslu lífmassa.

Einn hluti þessa verkefnis er að aðstoða við vöruþróun á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Frábærar





undirtektir voru í fyrra þegar auglýst var eftir hugmyndum að vöruþróunarverkefnum í þessum löndum og bárust 78 umsóknir, á þeim grunni var ráðist í 26 vöruþróunarverkefni. Afrakstur verkefnanna var kynntur á ráðstefnunni „Nordtic“ í tengslum við fund norrænna ráðherra hér á landi í fyrra á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Nú í ár verður leikurinn endurtekinn. Leitað er eftir umsóknum um verkefni sem fela í sér nýtingu á svæðisbundnum lífauðlindum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Ætlast er til þess að verkefnin skili auknum verðmætum, aukinni sjálfbærni í nýtingu líf-auðlinda og/eða dragi úr lífrænu sorpi. Stuðningurinn felst í sérfræðiráðgjöf við að koma vöru á markað og getur m.a. falist í aðstoð við uppsetningu vinnsluferla, vöruþróun, umbúðahönnun og mælingar (t.d. geymsluþols-, næringargildis-, efnamælingar- og/eða lífvirknimælingar). Ekki verður greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup.

Þetta er frábært tækifæri fyrir hugmyndaríkt fólk til sjávar og sveita til að láta til sín taka, fá aðstoð við að þróa áfram vöruhugmyndir sem nýta vannýtt hráefni eða einfaldlega búa til verðmætari vörur úr þeim hráefnum sem nýtt eru í dag. Margar af þeim vörum sem unnið var með í fyrra eru komnar á markað og ættu þeir sem luma á góðum vöruþróunarhugmyndum því ekki að láta þetta tækifæri framhjá sér fara.

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á www.matis.is/voruthroun og hjá Gunnþórunni Einarsdóttur (gunna@matis.is) og Þóru Valsdóttur (thorav@matis.is).

# Afturköllun umsóknar um aðild að ESB

**Á nýliðnu Búnaðarþingi var í fyrsta sinn í 6 ár (síðan 2008) ekkert fjallað um umsókn Íslands um aðild að ESB. Ályktun þingsins frá 2014 stendur því óbreytt þess efnis að umsóknina beri að draga til baka.**

Góan hefur oftsinnis verið tími heitra umræðna um ESB-mál. Síðast í fyrra ætlaði allt af göflum að ganga þegar utanríkisráðherra lagði á Alþingi fram tillögu þess efnis að draga aðildarumsóknina formlega til baka. Undrun sætir hve margir líta fram hjá þeirri staðreynd að öll vinna við umsóknina hefur legið niðri í 2 ár og var stöðvuð strax í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Sömuleiðis virðist ekki vera til staðar almennur skilningur á þeirri staðreynd að ESB stöðvaði í raun sjálft viðræðurnar með því að leggja ekki fram rýniskýrslu um sjávarútvegskaflann. Til að viðræðum verði haldið áfram þurfa 28 ríki að samþykkja slíka skýrslu um sjávarútveg og aðra kafla sem ekki hafa verið opnaðir. ESB er einnig sjálft í stöðugri þróun, á þeim tíma sem liðinn er frá umsókn hafa stórir málaflokkar eins og t.d. landbúnaður, gengið í gegnum gagngera endurskoðun.




„Evrópusambandið er í fjármálalegri krísu sem er bæði bankakrísa og skuldakrísa. Evrópusambandið er í hagstjórnar-krísu, þú nefndir Þýskaland, vegna þess að pólitíkin sem Þýskaland hefur þröngvað upp á Evrópu, sem er niðurskurður á félagslegri þjónustu og hækkun skatta í jaðarríkjunum ‚hefur ekki skilað neinum árangri. Hún hefur haft þveröfug áhrif sem allir áttu að hafa lært af reynslu heimskreppunnar á sínum tíma,“ sagði Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, í viðtali á Eyjunni, viðtalsþætti á Stöð 2, þann 1. mars sl.

Spurður spurningarinnar: „Eiga Íslendingar að fara þarna inn [í ESB]?“ svaraði hann á þennan veg: „Nei, nei, við erum ekkert á þeirri leið, og taktu eftir því sem ég segi, við erum ekkert á leiðinni inn í Evrópusambandið á næstunni.“

Um þetta þarf varla að hafa fleiri orð þegar guðfaðir þessa máls í íslenskum stjórnmálum hefur talað á þennan veg. Getur verið að fylgjendur óbreyttrar stöðu málsins láti stjórnast af einskærri þvermóðsku frekar en að beygja sig fyrir einföldum staðreyndum.?Fyrirliggjandi umsókn um aðild að ESB verður ekki túlkuð öðruvísi en formleg yfirlýsing um að ríkisstjórn Íslands stefni að aðild að ESB. Fjármálaráðherra var alveg skýr í þessu máli á Iðnþingi nú á dögunum þegar hann spurði hvort menn ætluðust virkilega til að ríkisstjórn sem hefði ekki ESB-aðild á stefnuskrá sinni væri að vinna að málinu. Hann sagði engan mun á því að þurfa að fá samþykki 28 ríkja til að taka upp viðræður við Ísland á grundvelli nýs umboðs frá Alþingi eða þurfa samþykki 28 ríkja til að halda núverandi viðræðum áfram. Þetta er hárrétt hjá honum.

En hvað sem áframhaldandi umræðu um afdrif umsóknar Íslands, og þess sem hér hefur verið rakið að framan – er í raun brýnni sú spurning hvort ríkisstjórnin telji ekki fullreynt að framfylgja ályktun Alþingis – án þess að sækja sér nýtt umboð til þingsins? Ætlar núverandi meirihluti að veita það? Þarf ekki utanríkisráðherra frekar að tilkynna ESB að ferillinn sé strand og umsóknin því úr gildi fallin? Er því nokkur ástæða fyrir meiri upphlaupum á Alþingi með þingmáli um slíkt? /EB

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Árangur í forvörnum er strax sjáanlegur

**Í síðasta Bændablaði var athyglisverð samantekt frá Hagstofunni um störf eftir atvinnugreinum. Þar kom fram að 2,3% starfa á Íslandi eru tengd landbúnaði og 2,6% tengd fiskiðnaði.**

Fyrir áratug voru mörg slys á fiskiskipaflotanum, en með réttum áherslum í forvörnum og tilkomu Slysavarnaskóla sjómanna hefur slysum til sjós fækkað verulega mikið.

Sjálfur var ég til sjós þegar Slysavarnaskólinn var stofnaður og sett í lög að sjómenn væru skyldugir að fara á námskeið í slysavörnum með reglulegu millibili. Ég var einn af þeim mörgu sem sagði: Þetta skilar engu, hafið tekur alltaf sitt. Að þurfa að éta þessa setningu ofan í sig er ánægjulegt. Þótt Slysavarnaskóli sjómanna kosti peninga skilar sá peningur sér til baka með betri heilsu. Brýn þörf á forvörnum við landbúnaðarstörf, það skilar sér margfalt til baka.

### *Of margir segja: Það kemur aldrei neitt fyrir mig*

Í umferðaröryggismálum er unnið gott starf og sást árangurinn af því starfi vel á síðasta ári, en mér urðu á þau mistök í pistli um öryggismál (3. tölublað 12. febrúar.) að segja að 3 hefðu látist í umferðarslysum á síðasta ári. Rétt er að slysin voru þrjú, en í þeim létust fjórir einstaklingar. Þessa miklu fækkun umferðarslysa vil ég þakka áralangri vinnu forvarna við umferðarmál, fyrst í Umferðarráði og nú Samgöngustofu. Frá því að byrjað var að skrifa þessar stuttu greinar í Bændablaðið um efni tengt forvörnum, heilsu og umhverfi sem tengist landbúnaði má sjá örlítinn árangur þar sem greinilegt er að einhverjir eru að lesa þessa pistla, en til að hægt sé að ná meiri og betri árangri þarf meira til. Hugsun þarf að breytast úr þeirri ríku íslensku hugsun: „Það kemur ekkert fyrir mig.“ Hugsun morgundagsins ætti frekar að vera svipuð og hjá samtökum ungra bænda í Bretlandi sem er : „Ég lofa að koma heill heim.“

### *Ef þú lendir í slysi get ég það líka, nema þú varir mig við frá þinni reynslu*

Einu aðgengilegu upplýsingarnar um slys í landbúnaði er samantekt sem kom í Læknablaðinu 2009 og unnið var úr könnun sem gerð var 2005 (nálægt 2050 býli með 100 ærgildi eða meira fengu sendan listann.) Spurningaristinn var um heilsufar, slys o.fl., svarhlutfall var rúmlega helmingur bænda (um 1100), en það skuggalega í þessum svörum var að 18,3 % bænda voru frá vinnu í meira en hálfan mánuð árið áður vegna vinnuslyss sem þeir lentu í. 18,3% af 1100 er mjög nálægt 200, en sama ár voru samkvæmt Vinnueftirlitinu bara 16 slys við landbúnaðarstörf tilkynnt. Til að hægt sé að vinna í vandamáli þarf að finna vandann og uppræta síðan. Til að varast slys þurfa að vera til upplýsingar um þessi rúmlega 180 slys sem hvergi eru skráð. Ef þú lendir í slysi get ég örugglega lent í eins slysi nema hugsanlega ef þú segir mér frá því svo að ég geti forðast slysið.



Eru drifsköftin í lagi? Hér er Guðmundur Hallgrímsson með drifskaft og hlífar, en hann hefur verið iðinn við að prédika um öryggismál í sveitum.
Mynd / Oddný Kristín Guðmundsdóttir.

---

Fagráðstefna Landssamtaka sauðfjárbænda 27. mars 2015 á Hótel Sögu:

## Beitarstjórnun og sníkjudýravarnir á sauðfjárbúum

— sóknarfæri í aukningu afurða

**Fagráðstefna Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldin 27. mars 2015 á Hótel Sögu.**

Titill ráðstefnunnar er: Beitarstjórnun og sníkjudýravarnir á sauðfjárbúum – sóknarfæri í aukningu afurða

***Dagskrá***

Fundarstjórar: Emma Eyþórsdóttir og Atli Már Traustason

***14:30–14:40***
Setning og inngangur. Eyþór Einarsson, RML.

***14:40–15:40***
„Using nutritional and grazing management practices to combat worms in sheep” [Nýting beitarstjórnunar og fóðrunar til að lágmarka ormasmit í sauðfé]. Rhidian Jones, sérfræðingur hjá SAC Consulting, Skotlandi.

***15:40–16:00 Kaffihlé***

***16:00–16:30***
Nýting ræktaðs lands og beitarstjórnunar til að bæta afurðir sauðfjár við íslenskar aðstæður. Jóhannes Sveinbjörnsson, LbhÍ.

***16:30–17:00.***
Smitleiðir og varnir gegn hnísla- og ormasýkingum. Hákon Hansson, dýralæknir, Breiðdalsvík.

***17:00–17:30.***
Fyrirspurnir og umræður.
Ráðstefnan er öllum opin.
Hún er haldin í tengslum við aðalfund LS sem haldinn verður 26.-27. mars á Hótel Sögu.






# KROSSGÁTA Bændablaðsins

— *lausnina er að finna á næstöftustu síðu*




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Líf og lyst

## Bærinn okkar




# Klauf



**Ingibjörg er fædd og uppalin í Klauf en Hermann Ingi Gunnarsson kom fyrst í Klauf sem vinnumaður árið 2002 og hefur unnið í Klauf meira og minna síðan.**

Þau tóku við búinu af foreldrum Ingibjargar 1. júní 2013. Leifur Guðmundsson og Þórdís Karlsdóttir, foreldrar Ingibjargar, búa svo á nýbýlinu Syðri-Klauf í skógarreit aðeins sunnan við.

**Býli:** Klauf.

**Staðsett í sveit:** Eyjafjarðarsveit.

**Ábúendur:** Hermann Ingi Gunnarsson og Ingibjörg Leifsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við sjálf og strákarnir okkar tveir, þeir Þórarinn Karl, fjögurra ára, Kári, eins og hálfs árs og Labradorhundurinn okkar hann Elvis.

**Stærð jarðar?** Um 120 ha. og þar af 50 ha. ræktað land.

**Gerð bús?** Aðallega kúabú og nokkrar kindur til skemmtunar.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með 50 kýr, 90 geldneyti, 18 kindur, 10 hænur og tvo ketti sem heita Finnur og Baldur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Dagurinn byrjar á mjöltum en milli mjalta eru fjölmörg störf sem þarf að sinna. Það er misjafnt eftir árstímum hvar er borið niður en yfir háveturinn sinnum við viðhaldi og öðrum smávægilegum verkefnum. Eftir seinnipartskaffi er farið í fjós og mjólkað. Dagarnir enda alltaf á því að rölta eina ferð um fjósið áður en farið er að sofa.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flest störfin við búið eru skemmtileg en skemmtilegast er að sjá sýnilegan árangur af þeirri vinnu sem maður hefur innt af hendi. Leiðinlegast er þegar kýr fá júgurbólgu og nýtast ekki í framleiðsluna með tilheyrandi kostnaði.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við sjáum fyrir okkur að stækka búið, helst myndum við vilja kaupa meira land og fjölga kúnum.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Félagsmál bænda eru í þokkalegum farvegi. Við höfum þó orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum að það hefur ekki gengið nógu vel að kynna fyrir almenningi kosti þess að hafa hér trygga framleiðslu landbúnaðarafurða því hér er betra eftirlit með gæðum framleiðslunnar og umhirðu skepna en víðast hvar. Málefni bænda eru brýn og nauðsynlegt að fara bein í baki inn í samninga við ríkið til þess að ná fram hagkvæmum samningum fyrir bændur svo framleiðsla matvæla sé sem best tryggð okkur öllum til heilla.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Mjög vel ef rétt verður á málum haldið á næstu árum en þar skiptir miklu að auka útflutning og styrkja rekstraröryggi íslenskra bænda til að framleiða á innanlandsmarkað.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Við teljum að helstu tækifærin liggi í útflutningi á mjólkurafurðum sem seldar eru sem munaðarvara á markaði í Evrópu og Ameríku.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, súrmjólk, smjör, grænmeti og ávextir.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað nautafille með bernaissósu og ofnbökuðum kartöflum að hætti bóndans en drengjunum finnast kjötbollur bestar.



**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var þegar tvær fyrstu kýrnar báru eftir að við tókum við, tveimur kálfum hvor. Önnur bar nauti og kvígu en hin tveimur nautum og endaði annað þeirra á nautastöð og er í notkun um þessar mundir.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Íslensk bleikja og naut undir ítölskum áhrifum

**Við fáum dýrindis ferska bleikju frá fisksalanum eða jafnvel beint frá bónda. Bleikjan er góður matfiskur en yfirleitt nokkuð minni en laxinn og urriðinn. Íslenskir bleikjuræktendur hafa náð góðum árangri í eldinu en það er alls ekki sjálfgefið. Eldisfiskur víða um heim hefur það orð á sér að vera of feitur og alinn upp með mikinn vaxtarhraða að leiðarljósi. En íslenska eldið er til fyrirmyndar og við getum gengið að gæðunum vísum.**

Ég ætla líka að leita í ítalska matargerð. Foccacia-brauð er bakað samkvæmt lögverndaðri uppskrift og nýtur virðingar líkt og ekta kampavín eða brieostur í Frakklandi. Ekki má breyta uppskrift eða lagi brauðsins, en við tökum snúning á því og framreiðum með ljúffengu nautafille.

### Stökksteikt bleikja

**Aðferð**

Bleikjuroðið er ljúffengt þegar það er stökkt. Til að fá stökka áferð á mjúkan fiskinn er gott að skera rákir í roðið fyrir steikingu. Bleikjan er sérstaklega góð þegar hún er elduð í smjöri.

Steikið bleikjuflökin öðrum megin á roðinu í um 80% eldunartímans. Þegar fiskurinn er að verða tilbúinn er honum snúið við og steiktur í örfáar sekúndur á hinni hliðinni þar til hann er færður upp á fat. Tilvalið að framreiða með bragðgóðu íslensku byggsalati.

.

### Bygg-apríkósu salat

- 500 ml kjúklinga- eða grænmetissoð
- 100 g bygg
- 1 tsk. extra Virgin ólífuolía
- 1 tsk. salt
- 100 g hakkaðar þurrkaðar apríkósur
- 40 g sneiddar möndlur, ristaðar
- 5 g steinselja söxuð
- 1/2 tsk. malaður kanill
- 1 vorlaukur (hvíti og græni hlutinn), sneiddur
- 1 paprika eða annað grænmeti úr ísskápnum

### Fyrir dressingu

- 65 ml ferskur sítrónusafi
- 2 tsk. hunang
- 1/4 tsk. salt
- Ferskur malaður svartur pipar
- 3 msk. extra Virgin ólífuolía

**Aðferð**

1. Látið vatn sjóða í miðlungs potti. Bætið við byggi, olíu og salti. Látið suðuna koma aftur upp, látið malla í um 30 mínútur. Fjarlægið úr hita og látið standa í 10 mínútur.
2. Á meðan er upplagt að gera dressinguna. Hrærið sítrónusafa, hunangi, salti og pipar í litla skál. Hrærið í olíu, byrja með nokkrum dropum og aukið magnið í jöfnum straumi, til að gera slétta dressingu.
3. Sigtið umframvökva af bygginu ef þörf krefur. Flytjið í skál og blandið restina af hráefninu og kryddið til. Gott bæði heitt eða við stofuhita.



Stökksteikt bleikja með bygg-apríkósusalati.



Nautahryggvöðvi með sveppum.

### Focaccia

„Focaccia di Recco“ með osti er brauð án gers og er nær pitsu en því foccacia sem fólk þekkir.



Focaccia með nautakjöti.

- 200 ml vatn
- 100 ml ólífuolía, auk þess aðeins meira til að pensla yfir deigið
- 2 teskeiðar (10 g) salt
- 400 g brauðhveiti
- 500 g ostur

**Aðferð**

Blandið saman hveiti (eða brauðhveiti), vatni, ólífuolíu og salti þar til deigið er mjúkt og slétt. Látið deigið hvíla í að minnsta kosti 30 mínútur við stofuhita eða vefjið í plast og geymið í ísskápnum í 2 til 3 klst. Hitið ofninn í 250º C. Skiptið deiginu í 4 bita og haldið þeim undir handklæði eða völfnum í plastfilmu. Rúllið út deigið eins þunnt og hægt er, stráið osti yfir deigið. Takið annað stykki af deigi og rúllið og teygið aftur eins og áður. Leggið deigið yfir ostinn. Skerið efst í deigið með hníf á 5 eða 6 stöðum (til gufan sleppi út). Penslið focaccia með smá olíu og stráið smá af salti. Bakið í 7 mínútur eða þar til deigið er létt gullið (brúnt) og osturinn hefur bráðnað. Framreiðið strax eða borðið með ýmsu áleggi eins og salati og nautakjöti.

### Nautahryggvöðvi með sveppum

- Nautafille
- salt
- Ferskt malaður svartur pipar
- 2 matskeiðar jurtaolíu
- 1 msk. smjör
- Dijon sinnep
- Sveppir

**Aðferð**

Hitið ofninn í 180 gráður.
Hitið stóra pönnu yfir miðlungsháum hita. Kryddið nautakjötið með salti og pipar. Bætið olíu á pönnuna og hitið þar til rýkur úr henni. Bætið smjörinu ásamt nautakjötinu og brúnið á öllum hliðum, um 8 mínútur samtals.
Setjið í ofn. Steikt þar til hitamælir sýnir 58 ºC. og látið það hvíla í 10 til 15 mínútur við stofuhita.
Skerið þversum í þunnar sneiðar og raðið upp á fat. Setjið á focaccia-brauðið með meðlæti að eigin vali.

### Sveppir

- 1 box sveppir
- 2 til 4 msk. ósaltað smjör
- 1 meðalstór shallot eða 1/2 lítill laukur, saxaður
- 1/2 tsk. salt
- Ferskmalaður svartur pipar
- Hreinsið sveppina og skerið í tvennt

**Aðferð**

Hitið 2 msk. af smjöri í stórum pönnu yfir miðlungsháum hita. Bætið sveppum og dreifið þeim út jafnt á pönnuna. Haldið áfram að elda þar til fallega brúnir. Eftir um 5 mínútur, bætið þá í lauki og kryddi.

## Prjónahornið

garn@garn.is

# Norskur barnakjóll

**Prjónauppskriftin að þessu sinni kemur frá Guðrúnu Maríu Guðmundsdóttur en hún heldur úti prjónavefsíðunni Handverkskúnst en þar er að finna margar fallegar uppskriftir.**

Fyrir síðustu jól kom út prjónabókin Tvöfalt prjón með uppskriftum Guðrúnar og mjög góðum leiðbeiningum um hvernig tvöfalt prjón er gert.

Þessir kjólar sem þið fáið uppskrift af að þessu sinni eru prjónaðir úr Sera-garni með glitþræði og eru mjög fallegir.

Nú eru páskar og fermingar fram undan og nógur tími til að skella í einn eða tvo kjóla á litlu dömurnar.

Sera-litina sjáið þið á www.garn.is.

**Stærðir:**

6-9 mán. (1½ árs) 2 ára (4 ára)

Nú eru börn svo misstór nýfædd þannig að í sm væri þetta ca 50/60 , 62/68, 74/88.

**Garn**:

**Fyrir stærðir 6-9 mán og (1½ árs):**

Dale Baby Ull frá A4 – 3 (3) dokkur.

**Fyrir stærðir 2 ára og (4 ára):**

Sera frá Filatura die Crosa: 4 (6) dokkur (garnið fæst hjá Bjarkarhól eða á www.garn.is).

**Prjónar:** Hringprjónn 40 og 60 sm, nr. 3 (3) 4 (4).

**Prjónafesta:**

Dale Baby ull á prjóna nr 3: 27 lykkjur = 10 sm

Sera á prjóna nr 4: 23 lykkjur = 10 sm.

**Mál:**

Brjóstvídd: 20 (22) 28 (31) sm

Sídd að berustykki: 20 (22) 34 (45) sm.

**Perluprjón :**

- Umferð 1: prjónið *1 lykkju slétt, 1 lykkju brugðið* endurtakið frá *-* út umferðina
- Umferð 2: prjónið *1 lykkju brugðið, 1 lykkju slétt* endurtakið frá *-* út umferðina

Endurtakið þessar tvær umferðir og myndið perluprjón.




**Útskýringar:**

| | |
|---|---|
| L | Lykkja /lykkjur |
| S | Slétt lykkja |
| B | Brugðin lykkja |
| 2Ss | Tvær lykkjur prjónaðar slétt saman |
| 2Szs | Tvær lykkjur prjónaðar snúnar slétt saman, í gegnum aftari lykkjuboga |

**Kjóllinn:**

Fitjið upp 220 (240) 240 (260) lykkjur á prjón nr 3 eða 4 (eftir stærð). Tengið í hring, setjið prjónamerki við upphaf umferðar og prjónið 10 umferðir perluprjón. Prjónið síðan 2 umferðir slétt. Prjónið nú munstur þannig (eins fyrir allar stærðir):

**Umferð 1:** *1B, 19S* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 2:** *Sláið uppá prjóninn, 1S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 3B, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 3B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferðir 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17:**

Prjónið lykkjur eins og þær koma fyrir, slétt yfir sléttar lykkjur og brugðið yfir brugðnar lykkjur. Uppsláttur er prjónaður slétt.

**Umferð 4:**

*Sláið uppá prjóninn, 3S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 2B, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 2B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 6:** *Sláið uppá prjóninn, 5S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1B, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 1B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 8:** *Sláið uppá prjóninn, 7S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 10:** *Sláið uppá prjóninn, 9S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 3B, 1S, 3B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 12:** *Sláið uppá prjóninn, 11S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 2B, 1S, 2B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 14:** *Sláið uppá prjóninn, 13S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1B, 1S, 1B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 16:** *Sláið uppá prjóninn, 15S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1S, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina .

**Umferð 18:** *Sláið uppá prjóninn, 17S, sláið uppá prjóninn, takið eina lykkju óprjónaða eins og eigi að prjóna hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 19:** Prjónið slétt.

**Umferð 20:** *sláið uppá prjóninn, prjónið 2Szs, 18S* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 21:** prjónið slétt.

Endurtakið umferðir 20-21 þar til kjóllinn mælist 20 (24) 34 (45) sm.

**ATH:** Upphaf umferðar færðist til um 9 lykkjur til hægri þegar munsturumferðir 2-18 voru prjónaðar. Takið prjónamerki, prjónið 9 lykkjur slétt og setjið prjónamerki á ný = upphaf umferðar. Prjónið 1 umferð slétt og fækkið um leið lykkjum í 110 (120) 120 (130) lykkjur með því að prjóna 2 og 2 lykkjur slétt saman út umferðina. Prjónið 10 (10) 11 (12) umferðir perluprjón.

Nú er komið að ermaopi og umferðin byrjar nú á miðju baki. Prjónið 22 (25) 25 (28) lykkjur slétt, setjið næstu 10 lykkjur á band/nælu, fitjið upp 35 (40) 44 (45) lykkjur, prjónið 46 (50) 50 (54) lykkjur slétt, setjið næstu 10 lykkjur á band/nælu, fitjið upp 35 (40) 44 (45) lykkjur, prjónið 22 (25) 25 (28) lykkjur slétt = 160 (180) 180 (200) lykkjur á prjóninum.

Prjónið áfram í hring munstur **ATH. Umferðir 1-4 eru eingöngu fyrir stærð 4 ára, aðrar stærðir, byrjið á umferð 5.**

**Umferð 1-4:** prjónið *1B, 19S* endurtakið *-* út umferðina.

**Umferð 5:** prjónið *1B, 19S* endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 6:** *Sláið uppá prjóninn, 1S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 3B, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 3B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina

**Umferðir 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19:** Prjónið lykkjur eins og þær koma fyrir, slétt yfir sléttar lykkjur og brugðið yfir brugðnar lykkjur. Uppsláttur er prjónaður slétt

**Umferð 8:** *Sláið uppá prjóninn, 3S, sláið uppá prjóninn, 2szs, 2B, 1S, 3B, 1S, 3B, 1S, 2B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 10:** *Sláið uppá prjóninn, 5S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1B, 1Szs, 2B, 1S, 2B, 2Ss, 1B, 2ss* endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 12:** *Sláið uppá prjóninn, 7S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 2Szs, 1B, 1S, 1B, 2Ss, 2Ss * endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 14:** *Sláið uppá prjóninn, 9S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1B, 1S, 1B, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 16:** *Sláið uppá prjóninn, 11S, sláið uppá prjóninn, 2Szs, 1S, 2Ss* endurtakið *-* út umferðina

**Umferð 18:** Sláið uppá prjóninn, 13S, sláið uppá prjóninn, takið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir* endurtakið *-* út umferðina

**ATH:** Upphaf umferðar hefur færst til um 7 lykkjur til hægri þegar munsturumferðir 6-18 voru prjónaðar. Takið prjónamerki, prjónið 7 lykkjur slétt og setjið prjónamerki á ný = upphaf umferðar.

Hér eftir er kjóllinn prjónaður fram og til baka til að mynda op á baki . Prjónið munstur frá réttunni og brugðið til baka (eins fyrir allar stærðir)

**Umferð 1:** 7L slétt *2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 12S* endurtakið *-* út umferðina og endið á 2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 5S

**Umferð 2, 4, 6, 8:** prjónið brugðið til baka

**Umferð 3:** 6L slétt *2Ss, slá uppá prjóninn, takið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, 10S* endurtakið *-* út umferðina og endið á 2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 4S

**Umferð 5:** 5L slétt *2Ss, slá uppá prjóninn takið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, 8S* endurtakið *-* út umferðina og endið á 2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 3S

**Umferð 7:** 4L slétt *2Ss, slá uppá prjóninn, takið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, 6S* endurtakið *-* út umferðina og endið á 2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 2S

**Umferð 9:** 3L slétt *2Ss, slá uppá prjóninn, takið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, 4S* endurtakið *-* út umferðina og endið á 2Ss, slá uppá prjóninn, 2Szs, 1S

Prjónið 5 umferðir perluprjón. Fellið af í perluprjóni, en ekki slíta bandið frá heldur heklið 1 umferð fastalykkjur í opið á baki og gerið 3-4 loftlykkjur fyrir hnappagat í enda umferðar

**Ermar:**

Setjið lykkjurnar 10 af þræðinum á prjón, takið upp 36 (44) 44 (49) lykkjur, tengið í hring og prjónið 10 umferðir perluprjón. Fellið laust af í perluprjóni. Prjónið hina ermina eins

Gangið frá endum, festið tölu í hálsmálið, þvoið kjólinn og leggið til þerris.

*Guðrún María Guðmundsdóttir, Handverkskúnst þýddi með leyfi frá Tone af heimasíðunni http://misemors-hobbyrom.blogspot.no/ og stækkaði í særðir 2ja og 4 ára.*

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | | 3 | | | | | |
| | | 6 | | | | 2 | | 9 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | | 5 | 3 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | | 8 | 6 |
| | | 8 | | 9 | | | | 5 |
| | | | | | 7 | | | |
| 9 | 2 | | | | | 4 | | |
| | 8 | 3 | 4 | | | | | 1 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | |
| | 8 | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | | | 4 | 1 | | | 6 |
| 4 | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | | 9 | | |
| | 5 | 1 | | | | | 7 | |
| 2 | | 6 | 3 | 1 | | | | 9 |
| | | | | | | 2 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 5 | | 2 |
| | | | 5 | | 9 | | | |
| | | 7 | | | | | | 6 |
| | 1 | | | | | | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | 2 | | |
| | 8 | | | 2 | | | 9 | |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| | | | 7 | | 2 | | | |
| 4 | | 3 | | 8 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | | | 6 | |
| | | | | | 4 | | 8 | 5 |
| | | | 2 | | 3 | | | |
| | | 6 | 5 | | | 9 | 7 | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 1 | | | 2 | 4 | | |
| | | | 1 | | 5 | | | |
| 7 | 2 | | 3 | | | | | |
| | 4 | | | | | | | 7 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## Fólkið sem erfir landið

# Langar að vera myndlistarkona og búa í Afríku

***Jóhanna Ellen ætlar sér ekki að sitja auðum höndum í lífinu. Hana langar til að vera í björgunarsveit, búa til myndlist og hugsa um dýrin í Afríku. Uppáhaldsdýrið hennar er jagúar.***



**Nafn:** Jóhanna Ellen Einarsdóttir.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Breiðabólsstaður.

**Skóli:** Kirkjubæjarskóli á Síðu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Vinir mínir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Jagúar.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa, þorramatur, svið, kjötbollur, pylsur, hamborgarar, grjónagrautur og núðlur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Pitbull.

**Uppáhaldskvikmynd:** Teddi týndi, landkönnuðurinn.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég kúkaði á gólfið.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég spila á gítar og æfi fótbolta, sund og krakkablak.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Myndlistarkennari, björgunarsveitarkona og myndlistarkona. Mig langar líka að búa í Afríku og hugsa um dýrin.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að hoppa úr tré mjög hátt uppi.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Lesa.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já, þetta klikkaða sem ég gerði, og hitti frænku mína í þúsund skipti.

## Vélabásinn



liklegur@internet.is

# Gerir mann orðlausan af hrifningu

**Sömu helgi og Búnaðarþing 2015 var sett auglýsti bílaumboðið Hekla frumsýningu á nýjum Volkswagen Touareg. Það var auðfengið að fá bílinn í prufuakstur eftir lokun á laugardeginum fram á sunnudag.**

Þessi nýja árgerð byggist á eldri árgerðunum, en töluvert breyttur á verði frá 9.380.000. Bíllinn sem ég fékk að prófa var með ýmsum aukabúnaði og kostar 11,4 milljónir.

### *Kraftmikill með V6 3,0 dísilvél, 204 hestöfl og mikil dráttargeta*

Það hafði verið mikið að gera í Heklu í að prófa þennan bíl og þegar ég settist inn í bílinn tók það mig dágóða stund að finna réttu stillinguna á ökumannssætinu. Möguleikarnir að stilla sætið eru margir og takkarnir þrír. Þegar einhver er búinn að finna rétta stillingu fyrir sig er hægt að festa það inn í minni og er hægt að vera með þrjár mismunandi stillingar í minnunum þrem sem í boði eru. Bíllinn sem ég prófaði var með leðursæti (hef aldrei verið hrifinn af leðursætum), en sætishitarinn kom sér vel og er bráðnauðsynlegur þar sem leðursæti eru. Það var hreinn unaður að keyra bílinn, kraftmikill, stöðugur og þægilegur í alla staði að keyra. 8 þrepa sjálfskiptingin er þannig að maður finnur varla þegar bíllinn skiptir sér og þar sem skiptingin er orðin átta þrepa má Touareg draga vagn með bremsubúnaði sem er 3500 kg.

### *Frábær drifbúnaður, snöggur af stað þrátt fyrir glæra ís*

Í prufuakstrinum sem var um 150 km reyndi ég bílinn við ýmsar aðstæður. Spólvörnin og nýi drifbúnaðurinn vinna vel saman, en á stað þar sem hálkan var svo mikil að varla var stætt rauk bíllinn af stað og var snöggur að ná ferð (við bestu aðstæður nær bíllinn 100 km hraða á 8,7 sek). Það eina sem ég saknaði þarna í hálkunni voru naglar í dekkin, naglalausir vetrarhjólbarðar voru undir bílnum og bremsuvegalengdin var eftir því (skelfilega löng).

Á vegslóða sem var frekar grófur fannst mér bíllinn fjaðra vel og þegar sett var í „utan vega“ (off road) stillingu breytist mælaborðið. Upp kemur mynd af bílnum og sýnir hversu mikið beygt er í gráðum til hægri eða vinstri, en þetta getur komið sér einkar vel þegar ekið er í snjóförum eða í klakaförum.

### *Sniðugur útbúnaður á dráttarkróknum*

Allt rými inni í bílnum er gott og finnst manni að hugsunin hafi verið að láta ökumann og farþegum líða vel í þessum bíl. Það eina sem ég er ósáttur við í bílnum er loftlaust varadekkið í skottinu, en þrátt fyrir áletranir á níu tungumálum um notkun á varadekkinu trúi ég að flestir hugsi að það þurfi verkfræðimenntun til að koma því undir bílinn.

Það sem mér fannst frábært við bílinn var hvernig dráttarkrókurinn er falinn undir bílnum. Einn takki í skottinu losar dráttarkrókinn niður og ljós á takkanum blikkar þar til dráttarkrókurinn hefur læst sér. Sama er þegar hann er aftur settur upp eftir notkun, ýta á takkann og lásinn opnast og smá hjálp með hendinni þá er dráttarkrókurinn kominn á sinn stað (hefði viljað svona útbúnað í minn bíl), mig skortir orð til að lýsa hrifningu minni af þessum búnaði.




Volkswagen Touareg. Myndir / HLJ



Loftlaust varadekkið vefst eflaust fyrir einhverjum.



Hægt er m.a. að kalla fram í mælaborðið upplýsingar um loftþrýsting í öllum hjólbörðum.




Takkinn góði, gula ljósið blikkar þar til að króknum hefur verið læst.




Með drifið stillt á „off road“ kemur upp mynd í mælaborðið sem sýnir hvað beygt er mikið í gráðum.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Verð | 9.380.000 |
| Vél | V6 3,0l dísil - 204 hestöfl |
| Hæð | 1.709 mm |
| Breidd | 1.940 mm |
| Lengd | 4.801 mm |

# Hvers vegna þarf að skipta um loftsíu svona oft?

**Þegar maður fer með bílinn á smurstöð til að láta smyrja hann er nánast undantekningarlaust skipt um loftsíu.**

Þó að loftsían virðist ekki vera eins slæm og „smyrjarinn“ segir þá er reyndin sú að það er fljótt að borga sig í eldsneytissparnaði að skipta um loftsíuna. Ef maður hefur grun um að vatn hafi komist í loftsíuna skemmist hún og nær ekki að taka það loft sem henni er ætlað að taka fyrir brunann í vélinni. Merki um að vélin fái ekki nægilega mikið loft má oft sjá með því að setja puttann upp í púströð. Ef mikil sótmyndun er í púströ er líklegasta orsökin ekki nægilega mikið loft á móti eldsneyti sem oft má rekja til lélegrar loftsíu. Afleiðingarnar geta verið margar ef púströð nær að sóta sig mikið t.d. kviknar ljós í mælaborði um að það þurfi að athuga vél. Oftast eru þetta skynjararnir sem eru inni í púströnu og eru orðnir óhreinir. Mikið af sótvandamálum má rekja til skítugra loftsía.

### *Frjókornasíur safna í sig ýmsum lífverum*

Í flestum bílum sem eru innan við 10 ára og í mörgum dráttarvélum er frjókornasía. Í ótrúlega mörgum bílum 5–10 ára sem ég hef skoðað er upprunalega frjókornasían enn í bílnum. Þessi sía er oftast fyrir innan hanskahólfið farþegamegin. Hún á að sjá til þess að hreint loft sé inni í farþegarýminu í bílnum. Svolítið vesen er að skipta um síuna í mörgum bílum, en oft mjög gott að skipta um í dráttarvélum. Oftar en einu sinni hefur mátt rekja óþef inni í bílnum til þess að mikil óhreinindi eru í frjókornasíunni, en stundum er um að ræða dauðan smáfugl, mús og allar rifur fullar af skordýrum, svo blotnar í síunni og myglar og lyktin inni í bílnum er eftir því. Næst þegar þú lætur smyrja bílinn, spurðu hvort smurmaðurinn geti ekki skoðað frjókornasíuna í leiðinni.



Þessi frjókornasía á að vera hvít og löngu tímabært að skipta út fyrir nýja.

Lesendabás

# Áminning til kartöflubænda

**Fjöldi þeirra skaðvalda sem fundist hafa á kartöflum hér á landi er nálægt tveim tugum, veiru-, bakteríu- og sveppasjúkdómar auk meindýrsins kartöfluhnúðorms. Skaðvaldar þessir eru miserfiðir við að eiga og margir þeirra hafa náð almennri útbreiðslu og ber að líta á sem hvert annað gæðavandamál.**

Ég ætla hér einungis að minna á tvo skaðvalda sem enn hafa takmarkaða útbreiðslu en gætu hæglega breiðst frekar út ef ekki er gætt varúðar, annars vegar hringrot og hins vegar kartöfluhnúðorm.





*Hringrot*

Hringrot er bakteríusjúkdómur sem barst hingað með innfluttu útsæði á árunum 1982–1985. Skaðvaldurinn er bakterían Clavibacter michiganensis subsp. sepedonicus. Sjúkdómurinn barst hratt út með yrkinu Premiere, sem var nýtt og spennandi og fór manna á milli. Um 1990 fannst hann í innlendu stofnútsæði sem varð til þess að stofnræktin var lögð niður og ný stofnræktun hafin með nýjum útsæðisstofnum. Þótt mörgum ræktendum hafi tekist að losa sig við smit finnst það enn á nokkrum stöðum í öllum landshlutum og án efa víðar en menn hafa vitneskju um.

Liðið geta mörg ár frá því að smit berst og þar til fyrstu kartöflur með einkennum sjást. Bakterían getur verið til staðar í kartöflunum án þess að nokkur einkenni sjáist en samt getur kartaflan smitað vélar sem hún skaddast á og sem útsæðiskartafla smitar hún allt sem undan henni kemur. Einkennin koma fram í leiðsluvefnum sem myndar hring utarlega í kartöflunni. Hringurinn verður dökkgulur eða brúnleitur, verður laus í sér svo að rifa myndast og má þá kreista út úr honum bakteríuslím. Öll kartaflan getur síðan rotnað. Oft sést ekkert utan á kartöflunni og þarf að þverskera hana til að sjá einkennin. Þegar útbreiðsla hringrots var mest var dæmi um að fjórðungur uppskerunnar væri með slíkum innri einkennum.

Það sem menn þurfa einkum að varast er aðfengið útsæði, vélar og notaðar umbúðir. Ekki skal setja niður matarkartöflur heldur einungis kartöflur sem eru viðurkenndar sem útsæði. Matvælastofnun á að taka sýni hjá þeim sem eru með útsæðisleyfi og leita að duldu smiti. Með vélum er átt við vélar sem komast í beina snertingu við kartöflurnar s.s. niðursetningarvélar, upptökuvélar og flokkunarvélar. Gæta þarf varúðar við kaup á notuðum vélum og við allri samvinnu ræktenda með vélar. Ræktendum sem hafa vitneskju eða grun um að hjá þeim sé hringrotssmit ber að tryggja að smit berist ekki frá þeim til annarra ræktenda.

*Kartöfluhnúðormur*

Hnúðormurinn fannst hér fyrst árið 1953 en var þá þegar orðinn útbreiddur í Reykjavík og víða um land. Lítið fór fyrir honum eftir að kólnaði upp úr 1960 en þegar hlýnaði aftur virðist hann hafa dafnað á ný og við úttekt sem gerð var 1995 kom í ljós að hann var mjög útbreiddur víða í garðlöndum á höfuðborgarsvæðinu og víðar á Suðurlandi en á Norðurlandi í flestum heitum görðum. Enn hefur hann ekki fundist hjá þeim sem stunda kartöflurækt í atvinnuskyni heldur eingöngu í heimilisræktun.

Hnúðormurinn er þráðormur, sem leggst á rætur kartöflujurtarinnar og dregur úr hæfni hennar til upptöku vatns og næringar. Hér eru 2 tegundir, Globodera rostochiensis og G. pallida. Síðla sumars myndast hvítir kúlulaga hnúðar á rótunum, um 1 mm í þvermál, eins og litlar perlur. Hnúðarnir eru kvendýr sem sitja með höfuðið inni í rótinni en búkurinn (hnúðurinn) fyllist af eggjum. Eggin eru í reynd 1. stigs lirfa innan í egghulstri. Kvendýrin deyja og búkur þeirra verður brúnn og myndar leðurkennt hylki utanum eggin. Þessir hnúðar fara út í jarðveginn og geta klakið út lirfum jafnvel næstu 20 árin þótt kartöflur séu ekki ræktaðar.

Í köldustu árum er á mörkum að hnúðormurinn nái fullnægjandi þroska hér á landi, í það minnsta á Norðurlandi. Ekki er vitað um hnúðorm fyrir norðan nema í görðum með jarðhita en í mörgum þeirra hefur hann fundist. Á Suðurlandi hefur hann fundist víða í köldum görðum. Ef lítið er af hnúðum á rótum og ef nægur raki og næring er til staðar í jarðveginum þarf ekkert að sjást á grösum og uppskera getur verið fullnægjandi. Ef mikið er af hnúðum geta skortseinkenni komið fram á grösum, þau gulna og jafnvel visna á miðju sumri. Hér er algengt að ræktað sé í sama garði ár eftir ár jafnvel í áratugi og við slíkar aðstæður getur hnúðormur magnast upp á fáum árum svo ræktun verði ekki lengur arðbær. Sums staðar erlendis er bannað að rækta kartöflur í sama garðlandi oftar en þriðja eða fjórða hvert ár til m.a. að sporna við fjölgun hnúðorms.

Með hlýnandi veðurfari má reikna með að hnúðormur geti þrifist um allt land í köldum sem heitum görðum og verði meira vandamál en hingað til. Smit er víða til og því talsverð hætta á að hnúðormur geti breiðst út með jarðvinnslutækjum og þeim jarðvegi sem loðir við útsæði. Reikna má með að hnúðar geti fokið með jarðvegsfoki milli nærliggjandi garða. Með því að nota einungis útsæði frá stofnrækt eða útsæðisleyfishöfum er minni hætta á að menn fái til sín hnúðorm. Kartöflubændur ættu að varast að setja niður kartöflur úr heimilisræktun eða innfluttar sem innlendar matarkartöflur. Veruleg hætta er á að hnúðormur fylgi



Kartöfluhnúðormur, hvítir og brúnir hnúðar

óþvegnum erlendum matarkartöflum. Einnig ættu þeir að varast að jarðvinnslutæki sem notuð hafa verið í heimilisgörðum eða garðlöndum sveitarfélaga fari í þeirra garða. Ef hnúðormur berst í garð má reikna með að garðurinn beri smit næstu tvo áratugi jafnvel þótt hann sé hvíldur af kartöflurækt.

*Sigurgeir Ólafsson,*
*plöntusjúkdómafræðingur*
*febrúar 2015*

*Sjá nánar:*
*Sigurgeir Ólafsson (1985). Hringrot. Nýr kartöflusjúkdómur á Íslandi. Freyr 81 árg. (8), s. 300-302.*
*Sigurgeir Ólafsson (1998). Kartöfluhnúðormur enn í fullu fjöri. Morgunblaðið 22. apríl 1998, s. 29.*
*Sigurgeir Ólafsson (2012). Hringrot í kartöflum er stöðug ógn. Bændablaðið 16. febrúar 2012, s. 22.*




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300












Næsta Bændablað kemur út 26. mars

Smáauglýsinga-síminn er:

563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu matsöluvagn. Heitt og kalt vatn, nýtt rafmagn, pylsupottur, gasgrill, sjóðsvél og slökkvitæki. Ný standsettur. Tilbúinn í rekstur. Get sent fleiri myndir. Uppl. í síma 772-1350.



Vantar palletturekka, ekki lægri en 4,2 m á hæð. Vantar ekki minna en 10 uppistöður og 120 slár, um 2,7 m að lengd. Uppl. í síma 892-0566 og á netpartar@netpartar.is



Til sölu Isuzu Trooper, árg. ´99, ekinn 295 þús. Ásett verð 550 þús. Skoða skipti á öllu ódýrara, t.d. folald eða tryppi í haust. Uppl. í síma 893-7050.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.885,;- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifinn Trjákurlari. Aflþörf 25 – 60 hö. Stillanlegt frálag. Vökvaknúinn matari. Hraðastilling á matara. Hæðarstilling á fótum. Tekur allt að 200 mm Ø. Nánari uppl. í síma 824-6610.



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is, sími 892-4163 og á www.hak.is



Geymslutjald til sölu. 150 fm. Röder 75 Alu gerð. Lengd 20.0m x Br. 7,5m. hæð 4,85m og vegghæð 3,5m. Gott skjól. Uppl. í síma 861-3840.



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýstingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is, sími 892-4163 og á www.hak.is




Nýtt!! Verdo gæða spónakögglar, undirburður fyrir hross í 15 kg. pokum. Einnig til sölu spónakögglar í stórsekkjum. Brimco ehf. Sími 894-5111 og á www.brimco.is - Opið frá kl.13.00-16.30.



Nánast ónotuð Stihl 036 keðjusög með 40 cm sverði, brýni sett og bland brúsar fylgja. Sambærileg sög kostar 160.000 kr. ný en þessi fer á 130.000 kr. Uppl. í síma 868-6750.



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í símum 898-4500 og 894-6000.




Til afgreiðslu strax: Reck mykjuhrærur með 50-60cm.turbo skrúfuspaða fyrir 60-200 hö. traktor pto, 540-1000. lágmarkar eldneytiseyðslu í hræringu. Uppl. í símum 587-6065 og 892-0016.

ORKUVER



MultiOne fjölnotavélar
Margar stærðir / Fjöldi fylgihluta



Vatnsdælur / brunndælur
Austurrísk gæðavara



GARÐVERKFÆRI Á LAGERSÖLU
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



HÁGÆÐA VATNSAFLS TÚRBÍNUR
Í stærðum frá 1 kW til 30 MW



FLOWTITE ÞRÝSTIPÍPUR
Í stærðum frá 300 til 4.000 mm
Fyri allt að 350 metra fall
Yfir 50 Km í notkun á Íslandi



TORQEEDO RAFMAGNS UTANBORÐSMÓTORAR
ÞÝSK GÆÐAFRAMLEIÐSLA



TIL SÖLU FLUTNINGAVAGN
3 öxla með lyftu, Gott verð



Til sölu pallur með álskjólborðum
Mjög gott verð !
Orkuver ehf
Sími. 5 34 34 35 og 821 1125
www.orkuver.is

## TÆKI.IS



**MB Atego Bíla/tækjaflutningabíll**
**Árg. ´08 Verð 4,9 m + vsk**



**Manitou 150 att vinnulyfta**
**Árg ´00 4x4 15 m vinnuhæð**
**Verð 2,3 m + vsk**



**Manitou 150 att vinnulyfta**
**Árg ´00 4x4 15 m vinnuhæð**
**Verð 2,3 m + vsk**



**M.B Sprinter körfubíll árg ´98**
**Ekinn 94.000 km verð 3,4 + vsk**



**F.G Wilson 60 kva rafstöð**
**Árg ´01 Verð 990 þ + vsk**



**Perkins 100 kva rafstöð árg ´06**
**Verð 1,2 m + vsk**

**Uppl. um tækin veitir Örvar**
**orvar@taeki.is s. 8494644**



Á hagstæðu verði, 10% afsl: Maschio hnífatætarar 235-260-285 cm. Einnig pinnatætarar 300 cm. Ódýrar 9-hjóla rakstrarvélar, Ávinnsluherfi 4 m. Uppl. í símum 587-6065 og 892-0016.




Varnir gegn gasmengun. Loftgæðamælar frá viðurkenndum framleiðanda í úrvali, hvort heldur er fyrir eina eða fleiri gastegundir. Útvegum gasmæla eftir óskum notandans. Ísmar Síðumúla 28, sími 510-5100 og á www.ismar.is



Varnir gegn gasmengun. Viðurkenndar gas- og rykgrímur fyrirliggjandi. Fullkomnar einnota rykgrímur á lager ásamt fleiri öryggisvörum. Ísmar Síðumúla 28, sími 510-5100 og á www.ismar.is



Weckman sturtuvagnar 11 tonna. Verð kr. 1.760.000,- með vsk. 13 tonna. Verð kr. 2.060.000,- með vsk. Mínus kr. 100.000 afsl. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Weckman flatvagn / rúlluvagn. Verð kr. 1.960.000,- með vsk. Mínus kr. 100.000 afsl. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.




BOGS stígvélin eru mjúk og hlý. Þola frost. Renna ekki í hálku. Sterkur og góður sóli. Stærðir upp í 48. Voru valin bestu kuldastígvélin í USA 2014. Actacor ehf. Uppl. í síma 899-6400.



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Agro-Watt ) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR ( spennujafnara ). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur.Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , ½" , 5/8" , ¾" . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Ford F-350 6,0 Dísel árg.´06. Mjög góð dráttargeta. Ekinn 120 þús. km. Verð kr 4.150.000. Uppl. í síma 895-3201.



Musso sport Tdi, árg.´04. Ekinn 153 þ. Fimm gíra, góð 32" dekk. Dráttarbeisli, skoðaður 2016. Verð 690 þús. Uppl. í síma 776-7600. Bíllinn er á Suðurnesjum.



Til sölu Toyota rafmagnslyftari í góðu lagi, nýskoðaður. Lyftihæð 5,5 m., lyftigeta 1,5 t. Verð 500 þ. kr. + vsk. Uppl. í síma 892-0566 og á netpartar@netpartar.is




Tilboð á frystiklefum. Verð frá 849.000 + vsk. með vélakerfi. Stærð 2.0 x 2.0 x 2.1m. Til á lager! Íshúsið ehf., www.ishusid.is, sími 566-6000.



Nissan Patrol, árg. 2003, ek. 161.000. Leður, nýtt olíuverk, vel með farinn. Verð 1.780.000. Uppl. í síma 825-3636.




Nýtt! Quittpad undirdýnur undir hnakkinn, tvær gerðir Sport og Comfort. Dýnur sem lofta vel og eru einstaklega hestvænar. Má þvo í þvottavél. Brimco ehf. Sími 894-5111, www.brimco.is - Opið frá kl. 13.00-16.30.



Til sölu ný brýningarvél (hverfisteinn með vatnsk.) ásamt 3 fylgihlutum. Verð 65 þús. m. vsk. Uppl. í síma 893-2470 eða á smarar@simnet.is



Toyota Lc 90 GX, árg '98, ek. 289 þús. Átta manna á mjög góðum 35" dekkjum. Nýleg ssk. og hedd. Verð 900 þús. Uppl. í síma 864-1264.




Seljaland ferðaþjónusta. Bjóðum upp á gistingu og mat fyrir litla hópa og nátthaga fyrir hesta. Þarf að bóka fyrirfram. Nánari uppl. á www.seljaland.is, seljaland@seljaland.is eða í síma 894-2194.

## PLASTRIMLAR

### PLASTPRÓFÍLAR Á GÓLF

Plastrimlarnir undir sauðfé hafa notið mikilla vinsælda sem sauðfjárgólf. Þeir eru eitt ódýrasta gólfgerðarefnið á íslenskum markaði. Plastrimlarnir hreinsa sig mjög vel og það þarf nær aldrei að þrífa gólfið. Plastrimlarnir eru íslensk framleiðsla og eru úr endurunnu plasti.

Prófíllinn er 4.8m á lengd.



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is




Til sölu Honda 1500-rafstöð, bensín. Lítið notuð, gangviss. Létt og meðfærileg. Er í Reykjavík. Verð: 40 þús. Uppl. í síma 663-4455.



Power Grip hífiblaðka fyrir gler, fjögurra blöðku. Lyftir 320 kg. Batterídrifin. Lítið notuð og í góðu standi. Í góðum kassa og selst á sanngjörnu verði. Uppl. í síma 663-4455.



Færanlegt hús, 60 fm. Verðhugmynd 1.9 m. pr. stk. Staðsett í Reykjavík. Uppl. í síma 897-7781.



Þrjár góðar Caterpillar vélar til sölu. Jarðýta D4H, tímar 11.697, nýlegur undirvagn. Beltagrafa Cat 322B, tímar 11,400. Beltagrafa Cat 304C, tímar 754 Uppl. í síma 869-0175, Magnús.



Til sölu Man vörubíll í góðu lagi með ónotuðum upphituðum palli. Ódýr í rekstri. Verð 2.000.000 kr. Uppl. í síma 894-2342.

# ÁLEINANGRUN

**EINFÖLD UPPSETNING**

8 mm áleinangrun með límborða á öðrum kanti. Hátt einangrunargildi og þolir vel vatn og óhreinindi auk þess að endurvarpa birtu mjög vel.



Verð frá 850 kr. m²
án vsk.

Stærðir

| | |
|---|---|
| 91,5 x 38,25 | 35m² |
| 122 x 38,25 | 46,7m² |
| 183 x 38,25 | 70 m² |
| 244 x 38,25 | 93,3m² |

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



# VIFTUR



íshúsið


Útsogsviftur frá 19.900 m. vsk. á tilboði á meðan birgðir endast. Stærð frá 20 og upp í 40 cm. Íshúsið ehf., www.ishusid.is og sími 566-6000.



Til sölu fjárflutningakassi á þrítengi. Allt járn galvinserað, klæddur með áli. Stærð 2,30x1,40 m. Uppl. í síma 898-7949.



Kerra fyrir 1 sleða. Ál- og stálgrind. L. 3.10, br. 1,50, h. 1,70. Hægt að sturta án þess að aftengja kúlu. Verð 250.000. Uppl. í síma 822-3274 á kvöldin.



Fjórhjól, Polaris Sportsman 800, 4X4, árg. ´06. Ek. 6700 km., torfæruskráð, geymslukassi. Verð 900 þús. skipti/750 þús. stg. Uppl. í síma 840-6499, er í Reykjavík.



Jeep Cherokee Laredo 3,7 L, árg. ´05. Nýskráður: des. '06. Ekinn 131.000 km. Gott viðhald. s.s. nýir framdemparar, nýtt í bremsum, nýr rafgeymir o.fl. Nýskoðaður. Bíll í toppstandi á nýlegum nagladekkjum. Góð sumardekk fylgja. Verð 1.390.000. Uppl. í síma 897-6733.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Valtra C 130. Árgerð: 2005. Notkun: 5900. Verð án vsk: 5.680.000 kr.



Valtra 6400. Árgerð: 2004. Notkun: 4250. Verð án vsk: 3.890.000 kr.



New Holland TL 80 A. Árgerð: 2006. Notkun: 4400. Verð án vsk: 4.360.000 kr.



McCormick CX 105. Árgerð: 2005. Notkun: 4500. Verð án vsk: 4.190.000 kr.



Valtra N111. Árgerð: 2012. Notkun: 1890. Verð án vsk: 9.290.000 kr.



Massey Fergison 7495. Árgerð: 2009. Notkun: 5776. Verð án vsk: 9.590.000 kr.



Valtra 700. Árgerð: 2000. Verð án vsk: 1.790.000 kr.



Valtra N 101. Árgerð: 2007. Notkun: 3900. Verð án vsk: 5.890.000 kr.



McCormick MC 115. Árgerð: 2007. Notkun: 5500. Verð án vsk: 5.680.000 kr.



Valtra N 103 H5. Árgerð: 2013. Notkun: 760. Verð án vsk: 8.600.000 kr.



Massey Fergison 5455. Árgerð: 2006. Notkun: 5000. Verð án vsk: 4.590.000 kr.



Valtra 6850. Árgerð: 2006. Notkun: 4800. Verð án vsk: 5.490.000 kr.



Kubota M 125X. Árgerð: 2007. Notkun: 3500. Verð án vsk: 5.390.000 kr.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Jötunn Vélar - Selfossi og Akureyri - Sími 480-0400 - jotunn.is



Sambyggð trésmíðavél, Robland HX-310 pro. Þrír fjögurra hp. mótorar, þriggja fasa og er á hjólum. Lítið notuð, ýmsir aukahl. fylgja. Rúmlega 1 árs, sem ný. Einnig til sölu eins poka spónsuga. Uppl. í síma 663-4455.



Kubota L245, árg. ´82, ekin aðeins 2 þús. tíma frá upphafi. 4x4, dísel. Mjög góð vél og góð dekk. Fylgifé: tvívirk ámokstirstæki, skekkjanleg snjótönn, nýuppgerður sturtuvagn ofl. Uppl. í síma 663-4455.



Nissan Patrol, árg.´96. Ekinn 340 þús. Ásett verð 350 þús. Uppl. í síma 824-2933.



Ford Transit, árg. ´13, ek. 73 þús. Háþekja og langur, 3,5 tonna bíll. Klæddur að innan. Auka tímastillt olíumiðstöð. Negld dekk og sumardekk fylgja. Nýyfirfarinn af Brimborg, vsk.-bíll, dráttarkr., rennihurðir beggja vegna. Eins og nýr. Uppl. í síma 663-4455.



Til sölu Nissan Pathfinder, árg. ´06, dísel, ssk., ekinn 120.000. Reglulegt viðhald og smur, fallegur og vel með farinn bíll. Verð 3,1 m. Uppl. í síma 862-6338.



Til sölu 2015 Can Am sexhjól með palli, á rauðum númerum ekið 400 km. Verð: 3.3 m. Fyrirspurnir hafið samband við quad@quad.is eða í síma 821-1311.



Ford Transit 14 manna - nýr bíll! Nýja útgáfan. Eigum bíla á lager. Verð 5.690.000 kr. m.v. hópferðaleyfi án vsk. Raðnr. 157018. Sjá á www.stora.is

M2
TEIKNISTOFA

Frá hugmynd að húsi. M2 teiknistofa tekur að sér alhliða hönnunar- og ráðgjafarþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og opinbera aðila. www.m2teiknistofa.is og í símum 482-4050 og 861-4052.



Tuttugu feta gámur frá Hafnarbakka, árg.´08. Forstofa, salerni og herbergi. Í góðu ástandi. Staðsettur á Suðurlandi. Verðhugmynd 950 þús. + vsk. Uppl. í síma 897-7781.

## Til sölu

Til sölu overlock iðnaðarsaumavél Juki Mo-2414. Lítið notuð. Verð 200 þús. Uppl. í síma 435-1388.

Þvottavélar, þurrkarar og vélar til notkunar í efnalaug og ýmsir lausir munir til sölu. Uppl. í síma 435-1388.

bokin.is Bækur fyrir bændur og búalið. bokin.is

Sumarhúsalóðir í Grímsnesi. Eignalóðir. Ekið út af Kiðjabergsvegi við Höskuldslæk. Stærðir frá 7000 fm. upp í 16.000 fm. Uppl. í símum 867-3569 og 777-5115.

Til sölu McCormik c105 max með ámoksturstækjum, árg.´06., 4x4, vst. 2376. Ásett verð kr 4.955.765. Verðhugmynd 3,6-4 m.+ vsk. eða tilboð. Uppl. veitir Gunnar Á. Sigurjónsson í símum 553-5699 og 894-7971.

Weckman þak-og veggstál. Dæmi um verð; 0,5 mm galv. Verð kr. 1.190 m2 0,6 mm.galv. Verð kr. 1.560 m2 0,45mm litað. Verð kr. 1.570 m2 0,5 mm litað. Verð kr. 1750 m2 Afgreiðslufrestur 4 - 6 vikur H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu kæliklefi, l 270 og br. 210, h. 206, ca. 10 rúmm. ásamt kælivél og kæliblásara. Uppl. í síma 694-4555.

Fjárhúsmottur tilboð. Verð kr. 9.350 stk. með virðisaukaskatti. Þykkari gerðin H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Verð kr. 245 lm með vsk. 38 x 100 mm. Verð kr. 290 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu byggingarréttur á félagssvæði Hestamannafélagsins Fáks í Almannadal. Byggingarrétturinn er fyrir 8 hesta einingu ásamt hlutdeild í lóð. Uppl. í síma 860-6481.

Til sölu Chrysler Stratus, árg.´99. 2.5L v6 vél. Áhugasamir hafi samband í síma 892-7482, Jón.

Til sölu þvottapottur, stallmúlar og tökumúlar. Uppl. í síma 848-7903.

Plastkúla (áður radarkúla) til sölu. Utanmál er 9 m og hæðin 3,45. Nánari uppl. á bjarnisveinsson@isl.is

Rafhitarar. Til sölu 15 kw rafhitari (3N400V) fyrir gólfhitakerfi, verð 120.000. 27 kw rafhitari (3N400V) fyrir ofnakerfi með sambyggðum 113 ltr. neysluvatns hitara. Verð 150.000. Tækin frá 2006 og 2008. Einnig til sölu hringrásardælur frá Grundfoss ásamt þenslukerum, mælum og lokum. Uppl. veitir Jón Bjarni í síma 824-6121.

Sambyggð trésmíðavél. Hjólsög, bandsög og rennibekkur ásamt slípiskífu til sölu. Uppl. í síma 898-3461.

Lyftari til sölu. Lyftigeta eitt og hálft tonn. Uppl. í síma 864-9723.

Huyndai Santa Fe, árg ´06, dísel, ssk., ekinn 140 þús. Uppl. í síma 897-2730.

Til sölu M. Benz, 508, árg. ´87, ekinn 4.500 km. Var sjúkrabíll Nato í Bretlandi. Skoðaður til 15. júlí ´15. Uppl. í síma 691-2924. Haukur.

Til sölu Lely Lotus Stabilo 600 heyþyrla, árg.´06. Geymd inni, ástand og útlit mjög gott. Ásett verð 700 þús. án vsk. Uppl. í síma 891-9161, Róbert.

Mjólkurtankur Mueller O-1250, 5135 lítra, árg. '00. Verð 1280 þús. kr. + vsk. Uppl. í símum 893-7060 og 892-8020.

Til sölu McHale rúllupökkunarvél, árg.´98. Uppl. í símum 453-8882 og 895-2229.

Til sölu er stillanlegt heilsurúm frá Betra Bak 90 x 200 cm. Með fjarstýringu, er hægt að hækka/lækka höfðalag og fótasvæði eða allt rúmið í heilu lagi. Innbyggt nudd. Uppl. í síma 820-4511.

Til sölu Hi-spec 2500 haugsuga 11.400l, árg. ´06. Fjaðrandi beisli og áfyllingarbúnaður. Er í Eyjafirði. Uppl. í síma 661-8432.

VW Caravelle, árg.´07, cc 2480, ssk., 8 manna, ekinn 166 þús. Dráttarbeisli. Staðgreitt 2,8. Uppl. í síma 898-2128.

Ford Transit T300, húsbíll, árg.´03 dísel. Vél 2000. Svefnpláss f. 2, ekinn 70 þús. Miðstöð, topplúga, markísa, vaskur, 2 hellur, ísskápur, ferðaklósett. Gúmmíbátur 3,8, 4 manna. Rafmótor, bensínrafstöð 12-24 volt. Verð 2,8. Uppl. í síma 898-2128.

Toyota Rav 4, árg.´03, ssk., ekinn 206 þús. Ný dekk, nýr demparí að framan, dráttarbeisli. Verð 750 þús. Chevrolet Ventura, árg.´03, ekinn 200 þús. Vél 3,8 ssk. 6 manna. Verð 550 þús. Sprint stóll og tveggja sæta og þriggja sæta bekkur með öryggisbeltum. Tilboð. Uppl. í síma 898-2128.

Fullþurrkað gæðarúllehey til sölu. Heimakstur á höfuðborgarsvæðinu. Verð 8000 án/vsk. Pr. rúllu heimkomið. Pantanir í símum 892-4811 og 771-7493 eða á skrudgardaraektin@gmail.com

## Óska eftir

Óska eftir að leigja um 25-30 hektara beitarland fyrir hross. Fjarlægð um 80-100 km. frá Reykjavík. Gott ef hægt væri að greiða hluta leiguverðs með viðhaldi girðinga. Langtímaleiga. Svar sendist á hestur@internet.is eða í síma 694-1967.

Óskum eftir vefstól, um 140 cm. að breidd og öllu því tilheyrandi, ásamt hesputréi og rakgrind. Uppl. í síma 861-3582, Erla Dís eða 821-1203, Edda.

Klifberi/söðull og töskur óskast keypt. Þarf að vera í sæmilegu lagi. Uppl. í síma 899-5890.

Frímerki óskast keypt á umslögum eða afkl. Einkum nýjustu verðgildin. Einnig til sölu ættfræðiritið Dalamenn I og II. Góð eintök. Uppl. í síma 893-0878.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com

## Atvinna

Óska eftir starfsmanni í vinnu á sveitabæ á Suðurlandi í nokkra mánuði. Á búinu er sauðfé og holdanaut og vinna við ýmis konar viðhaldsverkefni. Umsækjandi getur tekið til starfa strax. Vinsamlega hafið samband við karlpalma@islandia.is eða í síma 893-1350.

Hæ hæ ég heiti Katrín og er 26 ára gömul stelpa sem bý í Reykjavík. Ég er mikil dýramanneskja og langar að komast að á sveitabæ í sumar við hin ýmsu störf. Með von um svör. Katrín Helga! Uppl. í síma 698-4947.

Stálsmiðir - Rennismiðir. Við leitum að mönnum vönum smíði úr ryðfríu stáli. Einnig rennismið í hálft eða fullt starf. Umsóknir óskast sendar á mesa@mesa.is - Á.M. Sigurðsson ehf. Hvaleyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður - www.mesa.is

Starfskraftur óskast á sveitabæ á Norðvesturlandi, börn engin fyrirstaða. Æskilegur starfstími lok apríl til loka ágúst. Reykleysi skilyrði. Uppl. í síma 562-2702.

Sarah, tvítug stúlka frá Þýskalandi óskar eftir að vinna við lífræna ræktun á Íslandi. Hún getur hafið störf í byrjun júlí. Uppl. á sarah.elisa@live.de

Sautján ára drengur óskar eftir vinnu í sveit sumarið 2015. Hefur reynslu af sveitavinnu, er vanur hestamaður og hefur ökuréttindi. Getur hafið störf í byrjun júní. Hafa má samband á netfangið thorirsigtr@gmail.com ef áhugi er fyrir hendi.

Gljásteinn ehf. auglýsir eftir skálavörðum til starfa við skálana Gíslaskála Svartárbotnum tímabilið 20 júní – 27 ágúst. Hólaskógi Skeið- og Gnúpverjahrepp tímabilið 7 júní – 31 ágúst. Starfið felst í móttöku gesta, húsvörslu, þrifum. Nánari uppl. hjá Vilborgu í síma 895-9500 og á gljasteinn@gljasteinn.is

Matthew, óskar eftir starfi á Íslandi, opinn fyrir ýmsum störfum. Hann hefur reynslu af vinnu í upplýsingageiranum og við forritun. Hann hefur bílpróf og talar ensku og þýsku. Nánari uppl. á cv@matthewmadura.com

## Einkamál

Kátur karl! Sveinn Teitur heiti ég og óska ég eftir að kynnast hraustri konu á besta aldri sem er til í vináttu og jafnvel meira. Ég er 35 ára, vel stæður og í góðu starfi. Uppl. í síma 821-4127.

## Húsnæði

Stór fjölskylda óskar eftir rúmgóðu húsi m. garði á landsbyggðinni í búsetuskiptum fyrir góða 115 fm. íbúð í Rvík. Vinsaml. sendið uppl. á babelrose78@yahoo.com

Búslóðageymsla Norðurlands, Ólafsfirði, geymir á eurobrettum vafið plastfilmu, 3000 kr. brettið. Uppl. á midlarinn@midlarinn.is eða í síma 892-2074.

## Jarðir

Til sölu smájörð á Vatnsleysuströnd, u.þ.b. 25 mín. akstur frá miðbæ Reykjavíkur og 10 mín. til Keflavíkur. Stórt íbúðarhús. Hentar vel sem gistiheimili. Uppl. í síma 869-5212.

Til sölu er jörðin Galtarholt, landnúmer 164488. Galtarholt er í Rangárþingi ytra, landfræðilega í Vestur Landeyjum. Jörðin er 430 hektarar að stærð og er öll gróin. Jörðin er mjög grasgefin og góður kostur fyrir þá sem hyggja á viðbótarræktun, búskap eða beit. Jörðin er lögbýli. Landið er allt afmarkað með skurðum og aðkoma að jörðinni er frá landi Eystra Fróðholts. Jörðinni tilheyrir eyðibýlið Blábringa og þar er talið hæsti punktur yfir sjó í Landeyjum. Á jörðinni eru tveir bæjarhólar. Sá stærri er í Galtarholti og ber margar byggingar. Sá minni er í Blábringu en hann stendur hærra og í góðu valllendi. Engin hús eru lengur á jörðinni en frá gamla bæjarstæðinu í Galtarholti og út á þjóðveg eru um 1,7 km. Öll tilboð skoðuð. Áhugasamir hafi endilega samband í síma 555-4952.

Jörð í Þingeyjar- Eyjafjarðar- eða Skagafjarðarsýslu óskast til kaups eða leigu með kauprétti. Það að hafa einhverja möguleika varðandi ferðaþjónustu. Sendið uppl. á jardakaup@gmail.com

Við erum lítil fjölskylda sem erum að leita að kúabúi til leigu með möguleika á kaupum, helst á Norðurlandi en allt má skoða. Uppl. í símum 849-9571, Páll eða 782-1903, Elísabet eða á pallarni86@gmail.com

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri og á netfangið einar.g9@gmail.com, Einar G.

**Næsta Bændablað kemur út 26. mars**


















## ÁRATUGA REYNSLA Á ÍSLANDI

Sterkt heyrúlluplast sem þolir meðhöndlun og er með mikla mótstöðu gegn súrefni.

Eigum einnig fyrirliggjandi bindigarn og heyrúllunet.

Góð UV vörn

Mikið rif- og stunguþol

Hentar bæði fyrir rúllur og bagga



Mjög góð viðloðun

100% endurvinnanlegt

Hentugt til vinnslu bæði dag og nótt

**kr. 10.895** verð án vsk, Frír flutningur ef pantað er fyrir 1. maí

SILOTITE

FB FÓÐURBLANDAN

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**